**DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR**

*Ánægð með kápu úr smiðju Calvins Klein*

• tíska • nám • á ferðinni

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**HEILSA OG LÍFSSTÍLL**

*Áramótaheit, ráðleggingar og ótrúleg afrek*

Sérblaðið Heilsa og lífsstíll

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. janúar 2009 — 7. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

**Spennandi verkefni**



Eva María Jónsdóttir verður kynnir í Eurovision.

FÓLK 38

**Femínískir vindar í guðfræði**

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir er fyrsti kvenprófessorinn við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

TÍMAMÓT 26

**Skiptir um lið**



Steinar Bragi segist ekki munu breytast þótt hann gangi til liðs við Forlagið.

FÓLK 46

**Kaflaskiptur leikur**



Ísland tapaði fyrir Túnis, 31-35, í lokaleik sínum á æfingamóti í Svíþjóð í gær.

ÍÞRÓTTIR 42

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÁFRAM MILT** Í dag verður fremur hæg suðlæg átt. Dálítil rigning eða súld með köflum sunnan og vestan til og norðan til með morgninum og síðan aftur undir kvöld, en bjart lengst af eystra. Hiti 4-10 stig.

VEÐUR 4






# Tvöfalt gengi þýðir frystingu lána AGS

**Uppgjör gjaldeyrissamninga verður að miða við markaðsgengi þar sem óheimilt er að hafa fleiri en eitt gengi skráð hér á landi. Annað væri brot á viljayfirlýsingu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og gæti fryst lán frá honum til landsins.**

**VIÐSKIPTI** Hugmyndir um innlausn gjaldeyrissamninga á öðru en skráðu gengi stangast á við yfirlýsingu Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Gunnar Tómasson hagfræðingur segir þetta þýða að framvirka gjaldeyrissamninga sjávarútvegsfyrirtækja eða annarra við gömlu bankana verði að færa í hina nýju á skráðu gengi.

Í 22. lið yfirlýsingarinnar segir: „Enn fremur skuldbindum við okkur til að leggja ekki frekari höft á gjaldeyrisviðskipti né að koma á fjölgengisfyrirkomulagi.“ Það þýðir að hugmyndir Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lífeyrissjóðanna, sjávarútvegsfyrirtækja og fleiri um tilbúið gengi brjóta í bága við yfirlýsinguna. Framvirku samningarnir standa, þótt gengið sé orðið þeim sem þá gerðu óhagstætt núna þar sem það er hærra.

Hugmyndir þeirra sem vilja gera upp gjaldeyrissamninga miðað við hærra gengi en nú er eru undir sömu sök seldar. Þar má nefna fyrirtækið Kjalar sem vill gera sína samninga upp miðað við markaðsgengi þeirra á gjalddaga, 14. október. Þá kostaði evran 305 krónur hjá evrópska seðlabankanum og vill fyrirtækið miða við það, en er tilbúið til málshöfðunar ella. „Neyðarlögin heimila okkur ekki að sækja rétt okkar gagnvart skilanefnd Kaupþings. En hins vegar munum við verja þennan rétt ef nefndin fellst ekki á kröfur okkar um þennan skuldajöfnuð,“ segir Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Kjalars.

Gunnar starfaði hjá AGS í aldarfjórðung. Hann segir hið sama gilda um hugmyndir Kjalars og sjávarútvegsráðherra; í báðum tilvikum sé gert ráð fyrir tvöföldu gengi sem sé óheimilt. Hann segir mörg dæmi um ríki sem fengið hafa aðstoð sjóðsins og reyna að nota aðferðir sem þessar. Niðurstaða sjóðsins sé alltaf sú sama, hvaða aðferð sem þau beiti. Sjóðurinn frysti lán til viðkomandi lands þar til slíkt hafi gengið til baka.

- kóp, bj, ikh / Sjá síðu 4



**VILJA SKÝRINGAR** Fjöldi starfsmanna St. Jósefsspítala beið eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra meðan hann fundaði á Hótel Hilton. Starfsmennirnir vildu fá skýringar vegna breytinga á starfsemi spítalans, en mikil óánægja er þeirra á meðal. Ráðherra lofaði að hitta starfsmenn í Hafnarfirði í dag. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reykjavíkurborg ætlar ekki að endurbyggja Laugaveg 4 og 6:

## Framkvæmdir bíða kaupenda

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg mun selja húsin við Laugaveg 4 og 6 til verktaka. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að 20 milljónir fari í húsin á næsta ári, sem nýttar verða til útlitshönnunar. Borgin keypti húsin í fyrra á 580 milljónir króna, en kaupin voru nokkuð umdeild. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að 560 milljónir fari í uppbyggingu húsanna við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22, sem borgin keypti fyrir 584 milljónir króna. Frá þeirri upphæð dróst þó umtalsvert vátryggingarfé. Fjárhagsáætlun við uppbyggingu er um einn milljarður.

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkur, segir ætlunina að byggja húsin við Austurstræti upp, en selja húsin við Laugaveg til uppbyggingar. Það skýri muninn á fjárframlagi til húsanna.

„Skipulagið gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg gangi frá útliti húsanna, en verktakar hafi heldur frjálsar hendur um hvernig tengja má við Skólavörðustíg og húsið á bak við. Hvað Austurstrætið varðar eru þar mjög ströng skilyrði og borgin mun byggja þar upp áður en selt verður.“

Hrólfur tekur fram að framkvæmdir séu háðar því að takist að tryggja lánsfjármagn. - kóp






Einstök ljósmynd:

## Draugar á ferð í Hólavallagarði

**HJÁTRÚ** „Auðvitað er ekki hægt að fullyrða nokkuð um svona lagað fyrir víst, en allmargar sannfærandi röksemdir liggja fyrir því hjá alvöru sálarrannsóknarfélögum heims að þetta sé raunveruleg ljósmynd af „draug“, eða framliðnum eins og vér nefnum yfirleitt hina látnu sem eru viljandi eða óviljandi að reyna að birtast í okkar heimi,“ segir Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknafélags Reykjavíkur.



STUART PEACOCK

Bandarískur lögmaður, Stuart Peacock, dvaldi ásamt fjölskyldu á Íslandi yfir hátíðarnar og náði einstakri mynd í Hólavallakirkjugarði á jólanótt. Og verður ekki betur séð en þar séu draugar á ferð. - jbg / sjá síðu 46

Lögmaður átelur gjaldeyrislög:

## Bendir á ágalla og misræmi

**DÓMSMÁL Alþingi gekk líklega of langt í framsali á löggjafarvaldi þegar gjaldeyrislögum var breytt, að mati Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns. Þetta kemur fram í grein sem Vilhjálmur skrifar í Fréttablaðið í dag.**

**Vilhjálmur segir bráðabirgðaákvæði í lögunum fela Seðlabanka Íslands víðtækar heimildir til að setja reglur um háttsemi sem varðar við lög. Auk þess sé misræmi milli gildandi tollalaga og reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál. Tollalög heimili fólki að fara með jafnvirði allt að 15 þúsund evra úr landi í erlendum gjaldmiðli, en í reglum Seðlabankans er þessi fjárhæð takmörkuð við jafnvirði 2.940 evra. Þar sem tollalög séu sett af Alþingi verði reglur Seðlabanka Íslands að víkja. Þetta misræmi sé ótækt í réttarríki.** - bs / Sjá síðu 24




## SPURNING DAGSINS



*Davíð, spilið þið sem sagt ekkert þungarokk?*

„Nei, við sláum fyrst og fremst á létta strengi.“

Davíð Smári Harðarson, einkaþjálfari og tónlistarmaður, leitar að gítarleikara í hljómsveit sína en „engar bollur“ koma til greina.

Skilanefnd segir samráð hafa verið haft við eigendur fyrirtækja um kvótaveð:

# Yfirráð kvótaveða til Íslands

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd gamla Glitnis segir samráð og samþykki fyrirtækja hafa legið við því þegar þrjú lánasöfn voru sett að veði gegn lánveitingu í Seðlabanka Evrópu. Hluti lánasafnanna voru kvótaveð sem eru nú í höndum bankans. Skilanefnd hefur samið um að færa yfirráð yfir þeim veðum til Íslands og eru samningar þar um á lokastigi.

„Við vonumst til þess að samningar náist og okkur verði treyst til að hafa umsjón með lánunum og sjá um innheimtu og skila Seðlabankanum síðan afborgunum, þar til skuldin er að fullu greidd,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar. Þess vegna sé mjög mikilvægt að félögin sem um ræðir lendi ekki í vanskilum og tryggi sér endurfjármögnun um leið og aðstæður leyfa.

Árni segir skilanefndina hafa lagt mikið á sig til að efla traust bankans ytra. „Ef aðrir aðilar hefðu leyst veðin til sín á brunaútsölu og lánin hefðu verið gjaldfærð hefði getað komið upp vond staða.“ Ábyrgð lánþeganna um að standa í skilum sé því mikil.

Hluti samkomulagsins gengur út á að fasteignalán sem dótturfélag bankans í Lúxemborg á, og lánuð hafa verið einstaklingum ytra, hafi verið notuð til að greiða niður lán hjá Seðlabanka Evrópu. **- kóp**



**ÁRNI TÓMASSON** Formaður skilanefndar segir samninga í gangi um að færa yfirráð yfir kvótaveðum til Íslands, en þau eru nú hjá Seðlabanka Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Lögregla leitar aðstoðar:

## Lýst eftir 30 nuddstólum

**LÖGREGLUMÁL** Skömmu fyrir áramót var um 30 rafmagnsnuddstólum og nokkrum dýnum stolið við innbrot í fyrirtæki í Hafnarfirði. Stólarnir eru af gerðinni Luxory Royal í svörtu leðri, Garyhvíldarstólar alkæddir svörtu leðri og með rafstýringu, Roman dökkbrúnir leðurhvíldarstólar og Rinoa-tungusófar, svartir og dökkbrúnir, leðurklæddir með hvíldarstól í enda. Dýnurnar eru King Elegance og Queen Comfortair. Þeir sem geta veitt upplýsingar um málið eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1100. **- jss**

Léttist um 30 kíló á sex árum:

## Hljóp í sig lífsþrótt og gleði

**HEILSA** „Í fyrstu hugsaði ég bara um að verða grönn og fyrstu vikurnar hrundu af mér kílóin,“ segir Eva Margrét Einarsdóttir, sem hefur grennst um 30 kíló á sex árum eftir að hún fór að stunda hlaup. Margrét hleypur nú allt að 90 kílómetra á viku og varð Íslandsmeistari kvenna í Laugavegshlaupinu 2008.



**EVA MARGRÉT EINARSDÓTTIR**

„Það er ekki bara andleg og líkamleg líðan sem hefur gjörbreyst ... heldur er félagslega hliðin líka kostur. Sigurvegaratilfinningin fleytir manni svo áfram á flestum stöðum í lífinu,“ segir hún.

**- þlg / sjá Heilsa og lífsstíll**

Forstjóri heilbrigðisstofnunar:

## Undrandi á heilbrigðisráðherra

**HEILBRIGÐISMÁL Gunnar K. Gunnarsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, segir að þær breytingar á starfsemi í heilbrigðisþjónustunni sem heilbrigðisráðherra hefur kynnt geti ekki átt við Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Til stendur að hún verði sameinuð Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

**„Rannsóknarstofa Selfoss og Vestmannaeyja geta aldrei unnið saman, það eru ekki samgöngur til þess,“ segir hann. „Og með það að vaktsvæði heilsugæslanna verði sameinuð; ég get ekki séð að menn taki vakt í Vestmannaeyjum og á Selfossi til skiptis. Hvernig eigum við að sameina sjúkraflutninga í Vestmannaeyjum og uppi á landi? Það er ljóst að margt af þessum breytingum sem eiga við uppi á landi geta ekki átt við hjá okkur.“**

**- jse**

# Forseti bæjarstjórnar hætti eftir rógskæru

**Myndir úr öryggiskerfi virðast sýna þáverandi forseta bæjarstjórnar Álftaness við tölvuherbergi Grand Hótels þaðan sem rógur um lóðareiganda var sendur á umræðuvef bæjarins. Forsetinn sagði af sér eftir yfirheyrslu hjá lögreglunni.**

**LÖGREGLUMÁL** Kristján Sveinbjörnsson sem nýlega sagði af sér embætti forseta bæjarstjórnar á Álftanesi var áður yfirheyrður af lögreglu vegna nafnlausra ummæla á vef Álftanesbæjar.

Miklar deilur hafa staðið um Miðskóga 8 sem er sjávarlóð framan við einbýlishús Kristjáns Sveinbjörnssonar. Eigendur lóðarinnar vilja byggja þar íbúðarhús en meirihluti Á-listans í bæjarstjórn stendur gegn því.

Hinn 20. nóvember síðastliðinn birtist á umræðuvef Álftanesbæjar nafnlaus færsla með grófum ásökunum á hendur Hlédísi Sveinsdóttur, sem er einn af eigendum Miðskóga 8. Daginn áður var reynt að setja sams konar færslu inn á bloggsíðu eigenda lóðarinnar.

Eftir að skrifin birtust á vef Álftanesbæjar sagði Hlédís á bloggsíðu sinni að þau væru mesta níð og lygar sem hún hefði séð ritað um nokkurn mann. „Þessi skrif voru birt á ábyrgð sveitastjórnar Álftaness og vefstjóra og var þessi óhróður á vefsíðunni allt þar til lögmaður minn sendi sveitarstjóra og vefstjóra harðort bréf um að hér væru á ferðinni meiðyrði af verstu sort,“ skrifaði Hlédís sem kærði málið til lögreglu.

Vegna málsins var umræðuvef Álftanesbæjar lokað. „Þeir sem kunna að hafa orðið fyrir aðdróttunum vegna skrifa einstaklinga á umræðuvef sveitarfélagsins eru beðnir velvirðingar á því,“ sagði vefstjórinn í tilkynningu.

Rannsókn lögreglunnar leiddi til tölvu á Grand Hóteli á Reykjavík. Myndir úr eftirlitskerfi sýndu karlmann ganga inn í tölvuherbergi hótelsins rétt áður en fyrrgreindar færslur voru settar inn. Myndirnar voru bornar undir eigendur Miðskóga 8 sem töldu ljóst að maðurinn væri Kristján Sveinbjörnsson og var hann kallaður til skýrslutöku.

Kristján staðfestir að lögreglan hafi haft samband við hann og spurt hann út í málið. „Síðan veit ég ekki meira. Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið tengt mér á nokkurn annan máta,“ segir Kristján sem vill hvorki svara því hvort hann skrifaði ummælin né heldur hvort hann hafi verið á hótelinu þegar skeytið var sent og vísar á lögmann sinn.

Stuttu eftir þetta, eða um miðjan desember, sagði Kristján af sér embætti forseta bæjarstjórnar og sem bæjarfulltrúi á Álftanesi vegna „persónulegra mála“ að því er sagði í yfirlýsingu.

„Nú er til vinnslu meiðyrðamál gagnvart gerandanum og stjórnsýslukæra á sveitarfélagið sem er ábyrgt fyrir birtingu níðsins,“ segir Hlédís Sveinsdóttir.

gar@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is




**HEIMASÍÐA ÁLFTANESS** Umræðusvæði á heimasíðu bæjarfélagsins var lokað vegna ítrekaðra brota á reglum.



**HLÉDÍS SVEINSDÓTTIR**



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON**



**FIMM Í EINU** Bush eldri, Obama, Bush yngri, Clinton og Carter saman í Hvíta húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvenjuleg samkoma:

## Fimm forsetar í Hvíta húsinu

**BANDARÍKIN, AP Fimm forsetar Bandaríkjanna hittust í Hvíta húsinu í Washington í gær.**

**George W. Bush, núverandi forseti, bauð arftaka sínum, Barack Obama, ásamt föður sínum, George H. W. Bush, Bill Clinton og Jimmy Carter í Hvíta húsið, tæpum tveimur vikum áður en forsetaskipti verða.**

**Fyrir fundinn sagðist Bush yngri reikna með því að Obama myndi spyrja þá alla spurninga, en „ef ekki, þá skiptumst við bara á stríðssögum“.**

**Síðast var boðið til fundar af þessu tagi í Hvíta húsinu árið 1981. Hugmyndin um að endurtaka leikinn kviknaði á fundi þeirra Bush og Obama nýverið.**

**- gb**

Lögreglan gekk á milli:

## Kom í veg fyrir hópslagsmál

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn gengu á milli tveggja fylkinga sem áttu í útistöðum um klukkan hálf átta í gærkvöldi á gatnamótum Lönguhlíðar og Mávahlíðar.

Að sögn lögreglunnar voru þarna tíu til fimmtán ungir menn meðal annars frá Ítalíu, Portúgal og Kólumbíu. Sökum tungumálaörðugleika fékk lögreglan ekki botn í það hvað mennina greindi á um. Lögreglan segir það koma fyrir að hún þurfi að hafa afskipti af fylkingum sem þessum þó ekki rati það alltaf í fjölmiðla. **- jse**

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Hafnfirðingar segjast engin fagleg rök hafa fengið fyrir breytingunum:

# Sætta sig ekki við breytingarnar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Hafnfirðingar hafa áður þurft að slá skjaldborg um spítalann og ég er nokkuð viss um að þeir muni ekki sitja undir þessu,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, um fyrirhugaðar breytingar sem á að gera á St. Jósefsspítala-Sólvangi.

Hann er afar óánægður með að bæjaryfirvöld skyldu ekki hafa verið höfð með í ráðum varðandi breytingarnar. „Við höfum farið fram á það að fá fund með heilbrigðisráðherra þar sem rætt verður um framtíð spítalans og önnur mál sem þessu tengjast.“ Hann segir að Hafnfirðingar hafi engin haldbær rök fengið fyrir breytingunum.

Almar Grímsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, tekur í sama streng. „Ég hef talað við heilbrigðisráðherra og reynt að fá þessari ákvörðun hnikað,“ segir hann. Hann segist ekki hafa heyrt nokkur fagleg rök fyrir breytingunum og því var hann spurður hvort hann héldi að pólitískar ástæður byggju þar að baki. „Sá grunur læðist að fólki og ég er þar ekki undanþeginn,“ svarar hann. Spurður hvort afstaða hans sé ekki óheppileg þar sem hann sé fulltrúi Sjálfstæðisflokks líkt og heilbrigðisráðherrann. „Nei, það er ekki óheppilegt að fara eftir eigin sannfæringu og ég held að þessar breytingar séu ekki í anda þess sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir.“ **- jse**



**LÚÐVÍK GEIRSSON** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur farið fram á fund með heilbrigðisráðherra en fagleg rök fyrir breytingum á starfsemi St. Jósefsspítala-Sólvangi hefur hún ekki fengið að sögn bæjarstjóra.


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
NÝTT KORTATÍMABIL
Útsala!
Úllen, dúllen, doff!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 07.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,50 | 123,08 |
| Sterlingspund | 182,39 | 183,27 |
| Evra | 166,69 | 167,63 |
| Dönsk króna | 22,362 | 22,492 |
| Norsk króna | 17,652 | 17,756 |
| Sænsk króna | 15,667 | 15,759 |
| Japanskt jen | 1,3128 | 1,3204 |
| SDR | 186,31 | 187,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,2786

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félag Ólafs Ólafssonar vill að gjaldeyrissamingar við gamla Kaupþing verði gerðir upp á móti skuldum:

# Hætta að borga og bíða eftir málsókn

**VIÐSKIPTI** „Neyðarlögin heimila okkur ekki að sækja rétt okkar gagnvart skilanefnd Kaupþings. En hins vegar munum við verja þennan rétt ef nefndin fellst ekki á kröfur okkar um þennan skuldajöfnuð," segir Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Kjalars.

Eftir því sem næst verður komist hyggst félagið hætta að greiða af skuldum sínum við Kaupþing og bíða þess að vera stefnt fyrir dómstóla.

Kjalar og skilanefndin hafa frá falli Kaupþings deilt um gjaldeyrissamninga sem eru nú í höndum skilanefndarinnar. Kjalar skuldar bankanum jafnframt stórfé. Skuldirnar munu vera komnar til vegna ýmissa fjárfestinga en Kjalar átti tíu prósenta hlut í Kaupþingi. Þá á félagið verulega eignarhluti í Samskipum, Alfesca, Granda og fleiri félögum.



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Ólafur Ólafsson athafnamaður ræður öllu sem gerist í Kjalari en hann á 94 prósent hlutafjár í félaginu.

Kjalar vill jafna skuldir á móti gjaldeyrissamningunum en jafnframt að þeir verði gerðir upp miðað við markaðsgengi þeirra á gjalddaga, 14. október. Þá kostaði evran 305 krónur hjá evrópska seðlabankanum og Kjalarsmenn vilja miða við það. „Enda var gjaldeyrismarkaður hér á landi þá handstýrður og óvirkur," segir Hjörleifur.

Haft var eftir Kristni Hallgrímssyni, lögmanni og stjórnarmanni í Kjalari í Morgunblaðinu í gær, að krafa félagsins sé miklum mun hærri en sem nemur skuldunum.

Gjaldeyrissamningarnir voru gerðir snemma í fyrra. Þá lét Kjalar 650 milljónir evra á því gengi sem þá var, og hugðist fá evrurnar aftur um miðjan október, en á sama gengi og þær voru keyptar á. Gengi krónunnar hafði þá lækkað verulega í millitíðinni og var með allra lægsta móti á meginlandi Evrópu. Kjalarsmenn telja að þeir hefðu auðveldlega getað selt útlendingum evrurnar hefðu þær verið afhentar.

Skilanefndin og fulltrúar Kjalars munu hafa rætt saman alveg frá falli Kaupþings en án samkomulags.

Ekki náðist í Steinar Guðgeirsson, formann skilanefndar Kaupþings. **- ikh**

Robert Gates:

## Stríðskostnaður mun tvöfaldast

**BANDARÍKIN, AP** Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segir að stríðskostnaður Bandaríkjanna í Írak, Afganistan og víðar muni nema nærri 136 milljörðum dala fyrir fjárhagsárið 2009, sem hófst í október, ef haldið verður áfram á sömu braut og til þessa.



ROBERT GATES

Gates, sem verður varnarmálaráðherra áfram eftir að Barack Obama tekur við af George W. Bush, sagði leiðtogum Bandaríkjaþings í áramótabréfi til þeirra að ráðuneytið þyrfti 70 milljarða dala til viðbótar þeim 66 milljörðum, sem þegar hefur fengist samþykki fyrir. **- gb**

Nefndarmenn hjá Reykjavík:

## Spyrja um innihald piparúða

**HEILBRIGÐISMÁL Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafa óskað eftir upplýsingum um innihald úða sem lögreglan notar „gegn borgurum þar sem mótmæli eru höfð í frammi".**

**Spurt er um hvort til séu leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við áhrifum úðans, verklagsreglur um viðbrögð við alvarlegum tilvikum og hvort nauðsynlegt sé að koma á framfæri ráðgjöf um viðbrögð.**

**Þá er vísað í erlendar fréttir um að notkun úðans hafi leitt til alvarlegra skaða „og í einhverjum tilvikum dauðsfalla".** **- kóp**

# Sérkjör á gjaldeyri brot á samkomulagi

**Verði skuldir sjávarútvegs eða annarra færðar í nýju bankana á öðru en skráðu gengi mun AGS frysta lán til landsins segir sérfræðingur sem starfaði hjá sjóðnum. Ómögulegt sé að byrja endurhæfingu eftir óreiðu með meiri óreiðu.**

**VIÐSKIPTI** Verði framvirkir gjaldeyrissamningar sjávarútvegsfyrirtækja eða annarra við gömlu bankana færðar í nýju bankana á öðru en skráðu gengi er það skýrt brot á viljayfirlýsingu Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, segir Gunnar Tómasson hagfræðingur.

Í 22. lið viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) skuldbinda stjórnvöld sig til þess að koma ekki á laggirnar tvöfaldri gengisskráningu hér á landi.



GUNNAR TÓMASSON

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði í Fréttablaðinu á þriðjudag að þrjú rök séu fyrir því að nota ekki það gengi krónunnar sem gildi í dag þegar þessar skuldir sjávarútvegsfyrirtækja verði færðar í nýju bankana. Þá hafa forsvarsmenn lífeyrissjóða lagt til að svipaðar aðferðir verði notaðar varðandi framvirka gjaldeyrissamninga þeirra.

„Það er ekki nógu gott í samfélagi sem komið er á heljarþröm fjárhagslega vegna óreiðu í fjármálum að ætla sér að byrja endurhæfingarstarfið með því að hleypa öllum að jötunni og halda óreiðunni áfram," segir Gunnar, sem starfaði hjá AGS í Washington í aldarfjórðung.

Gunnar segir ákvæði um bann við tvöfaldri gengisskráningu alltaf eitt af skilyrðum fyrir aðstoð sjóðsins. Mörg dæmi eru til um ríki sem fengið hafa aðstoð sjóðsins og reynt hafa að nota líkar aðferðir og sjávarútvegsráðherra ræddi, segir Gunnar. Hugmyndin sé að koma skuldbindingum frá fyrirtækjum eða lífeyrissjóðum yfir á ríkissjóð.

Niðurstaða sjóðsins sé alltaf sú sama, hvaða aðferð sem þau beita. Sjóðurinn frysti lán til viðkomandi lands þar til slíkt hafi verið látið ganga til baka.

„Starfsreglur verða að vera klárar. Um leið og einn aðili fær undanþágu koma aðrir í kjölfarið. Þar með er búið að brjóta niður það sem stefnt var að, sem er að koma reglu á kerfið," segir Gunnar.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, vildi í gær ekki segja til um hvort bankinn hafi sama skilning á yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda. Hann vísaði á AGS um túlkun á ákvæðinu. Ekki fengust svör hjá sjóðnum um málið þegar eftir því var leitað í gær.

**brjann@frettabladid.is**



**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherra segir koma til greina að framvirkir gjaldeyrissamningar sjávarútvegsfyrirtækja verði færðir í nýju bankana á öðru en skráðu gengi. Það brýtur í bága við viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda vegna aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrókerað í utanríkisþjónustunni:

## Eiður og Helgi láta af störfum

**STJÓRNSÝSLA Sendiherrarnir Eiður Guðnason og Helgi Ágústsson láta af störfum í utanríkisþjónustinni nú í upphafi árs. Við starfi Eiðs sem aðalræðismaður í Þórshöfn tekur Albert Jónsson, sendiherra í Washington. Við starfi Helga sem prótókollstjóra tekur Guðmundur Eiríksson, sendiherra í Pretoríu í Suður-Afríku.**

**Hjálmar W. Hannesson, fastafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, verður sendiherra í Washington, Gunnar Pálsson, sendiherra í Nýju-Delí, tekur við af Hjálmari og Finnbogi Rútur Arnarson sendifulltrúi mun veita sendiráðinu í Nýju-Delí forstöðu tímabundið.** **- bþs**

Atvinnuleysisbætur:

## Hækka um 13.500 krónur

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysisbætur hækkuðu frá áramótum um 13.500 krónur miðað við bætur eins og þær voru á árinu 2008.

Grunnatvinnuleysisbætur miðað við fullan bótarétt eru tæpar 150 þúsund krónur á mánuði. Greiðslur á atvinnuleysisdag verða 6.900 krónur og greiðslur vegna barna 18 ára og yngri verða 276 krónur á dag.

Hámarksgreiðslur vegna tekjutengdra atvinnuleysisbóta verða rúmar 242 þúsund krónur á mánuði. Frítekjumark verður óbreytt, tæpar 54 þúsund á mánuði. **- ghs**

**SELFOSS**

### Minningarhlaup að slysstað

Frískir Flóamenn ætla að hlaupa minningarhlaup í dag til að heiðra minningu Guðjóns Ægis Sigurjónssonar sem lést í umferðarslysi nýlega. Hlaupið verður frá Sundhöll Selfoss og verður lagt af stað klukkan 18.15.


RISA-
ÚTSALA ELLINGSEN
20-70% afsláttur

Reykjavík, Fiskislóð 1
Opið mánudag–föstudag 10–18
laugardag 10-16

Akureyri, Tryggvabraut 1–3
Opið mánudag–föstudag 8–18
laugardag 10-16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**KÓLNAR UM HELGINA**

Á laugardag verða tvær lægðir að störfum. Það þýðir að víða verður úrkomusamt sem og hitt að búast má við hvassviðri vestast á Vestfjörðum og við suður- og suðausturströndina. Lægðirnar draga smám saman inn á landið norðanátt með kólnandi veðri. Fyrst á Vestfjörðum en aðfaranótt sunnudagsins verður víðast komin norðanátt með frosti.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 9° |
| Amsterdam | 2° |
| Basel | -1° |
| Berlín | -4° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | -1° |
| Frankfurt | -4° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 5° |
| New York | 3° |
| Orlando | 21° |
| Osló | 1° |
| París | 0° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

KRÓNAN
fyrst og fremst... ódýr!




| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Lindir | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |

**KJÖRKASSINN**



*Eiga aðrir bankamenn að fara að fordæmi Bjarna Ármannssonar og skila hluta af háum greiðslum sem þeir hafa fengið?*

| | |
|---|---|
| Já | 94,7% |
| Nei | 5,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íslensk stjórnvöld að fordæma árásir Ísraelsmanna á Gaza?*

Segðu þína skoðun á visir.is



**GJÖRNINGUR** Mótmælendur báru konu í gervi bankastjóra Landsbankans út úr bankanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mótmæli í gær:

## Báru „Elínu“ út úr bankanum

**MÓTMÆLI „Engar afskriftir“, var meðal þess sem um fimmtíu til sextíu mótmælendur hrópuðu við höfuðstöðvar Landsbankans í Austurstræti eftir hádegið í gær. Einnig var þess krafist að þær Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri Landsbankans, og Birna Einarsdóttir, bankastjóri Glitnis, léti af störfum hjá bönkunum.**

**Hópur mótmælenda setti á svið gjörning sem fólst í að kona í gervi Elínar var borin út úr bankanum. Einnig fóru nokkrir úr hópnum inn í bankann og léku knattspyrnu í afgreiðslusalnum.** - kg

Breytingar á St. Jósefsspítala:

## Tengjast ekki Salt Investment

**HEILBRIGÐISMÁL** Hanna K. Friðriksdóttir aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra segir fyrirhugaða tilfærslu á starfsfólki frá St. Jósefsspítala til Suðurnesja ekki tengjast áhuga Salt Investment á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Helga Sigrún Harðardóttur, þingmaður Framsóknarflokks, spurði heilbrigðisráðherra á Alþingi í nóvember hvort til stæði að auðmenn tækju yfir stofnuninni en þá hafði Róbert Wessman, stjórnarformaður Salt Investments, verið að skoða hana ásamt starfsmönnum frá ráðuneytinu. - jse

Framkvæmdastjóri lækninga á St. Jósefsspítala og Sólvangi:

# Segir hinum skilvirku refsað

**HEILBRIGÐISMÁL** Ásgeir Theodórs, framkvæmdastjóri lækninga á St. Jósefsspítala og Sólvangi, segist ekki skilja hvaða forsendur séu gefnar fyrir breytingunum á starfsemi spítalans. „Þetta er heilbrigðisstofnun sem byggir á gömlum merg og er gríðarlega skilvirk,“ segir hann. Hann segir stofnunina hafa komið vel út fjárhagslega, hafi til að mynda á síðasta ári skilað rekstrarafgangi, en auki á sama tíma afköstin. „Miðpunkturinn er alltaf sjúklingurinn, við höfum ekki verið í neinni viðbyggingu og allt sem við höfum fengið til reksturs hefur farið til lækninga. Hér er einnig sérstök menning sem byggir á þjónustulund og þeir sem hingað koma hafa verið afar ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið. Það er því nokkuð undarlegt að starfsfólki á þessari stofnun, sem ég vil segja að sé vandræðalaus, sé refsað með þessum hætti. Það er þetta sem mönnum sárnar mest,“ bætir hann við. - jse



**ST. JÓSEFSSPÍTALI OG SÓLVANGUR** Framkvæmdastjóri lækninga undrast það að hagræðingin skuli bitna mest á þeim sem hafa sýnt hvað mesta skilvirkni.

Heilbrigðisráðherra:

## Útfærslan kynnt síðar í janúar

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir að með nýkynntum tillögum um uppstokkun í heilbrigðismálum sé ekki tjaldað til einnar nætur heldur séu þetta áform sem eiga að skila miklu til lengri tíma litið en vonandi taki það ekki meira en tvö ár.

Guðlaugur Þór sagði að vinnuhópar skili útfærslum 19. janúar og þá myndi skýrast betur hvað yrði gert, hvað það þýddi í fjármunum og hvenær það kæmi til framkvæmda. Ljóst þykir að fólki verður fækkað í heilbrigðiskerfinu, einkum stjórnendum. - ghs

# Stofnunum verður fækkað og skorið niður um 1300 milljónir

**Heilbrigðisstofnunum verður fækkað um 17 samkvæmt skipulagsbreytingum sem heilbrigðisráðherra kynnti í gær. Skorið niður um 1,3 milljarða og starfsfólki sagt upp. Skurðstofum lokað á St. Jósefsspítala.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisstofnunum fækkar úr 23 í 6 og spara á 1300 milljónir króna á ári með sameiningu stofnana og aukinni sérhæfingu, samkvæmt skipulagsbreytingum sem Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra kynnti í gær.

Starfsemi á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði verður breytt og spítalinn sérhæfður í öldrunarlækningum með áherslu á hvíldarinnlagnir. Sérfræðingum og fagfólki verður boðið að starfa á nýrri skurðstofu í Keflavík. Göngudeild meltingarsjúkdóma og lyflækningar verða færðar á Landspítalann. Ekki er vitað hversu miklum sparnaði þetta mun skila.

„Helvítis fokking fokk,“ sögðu hátt í eitt hundrað starfsmenn St. Jósefsspítala þar sem þeir biðu eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra eftir blaðamannafund á Hilton hóteli síðdegis í gær en framtíðaráform fyrir spítalann höfðu verið kynnt starfsmönnunum í hádeginu. Eftir fundinn töldu þeir röksemdafærslu vanta og fjölmenntu því niður á Hilton til að fá svör.

Starfsmennirnir sögðu að breytingarnar væru einungis hagsmunapólitík. Þeir voru sárir og óskuðu eftir skýringum. Heilbrigðisráðherra lofaði að ræða málin með þeim í dag.

Fyrir utan breytingarnar á St. Jósefsspítala á að spara 750 milljónir með hagræðingu og breyttri verkaskiptingu hjá LSH og sjúkrahúsunum á suðvesturhorninu og 550 milljónir með sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Til verða sex landshlutaeiningar.

Samkvæmt tillögunum á að efla bráða- og slysamóttöku á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og Sjúkrahúsi og Heilsugæslustöð Akraness til að draga úr tvíverknaði og þörf á þjónustu slysa- og bráðamóttöku LSH.

Aukið samstarf verður í innkaupum og upplýsingatækni á milli stofnana. Þá hafa LSH og HSU samstarf um rekstur skurðdeildar á Selfossi. Hins vegar verður vaktþjónusta á skurðdeildum í Keflavík og Selfossi lögð af.

Fyrirhugað er að segja upp starfsfólki, fyrst og fremst stjórnendum. Þá verða rannsóknastofum fækkað, vaktsvæði heilsugæslu sameinuð, sjúkraflutningar endurskoðaðir og sjúkradeildum fækkað. Það á að draga úr kostnaði og samnýta sérfræðiþekkingu.

ghs@frettabladid.is

### BREYTINGARNAR

**Á höfuðborgarsvæðinu**

- Á St. Jósefsspítala-Sólvangi verða eingöngu öldrunarlækningar og hvíldarinnlagna
- Meltingarsjúkdóma - og lyflækningadeild verður tengd starfsemi á Landspítala.
- Landspítalinn og Heilbrigðisstofnun Suðurlands reka saman skurðdeild á Selfossi

**Á landsbyggðinni**

- Vaktir á skurðstofum á Selfossi og í Keflavík verða lagðar af
- Allar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar á Norðurlandi verða sameinaðar í eina undir forystu Sjúkrahússins á Akureyri, sem verður Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Stofnunin mun meðal annars taka við hlutverki ráðuneytisins varðandi samning um heilsugæsluna á Akureyri
- Allar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar á Vesturlandi verða sameinaðar í eina með höfuðstöðvar á Akranesi
- Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja verður sameinuð Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem jafnframt tekur við umsjón með samningi sem í gildi er milli Heilbrigðisstofnunarinnar á Höfn í Hornafirði og heilbrigðisráðuneytisins
- Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði sameinast Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sem hefur höfuðstöðvar á Ísafirði
- Aukið verður enn frekar samstarf milli Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Sjúkrahússins á Akureyri




**FÁ FUND MEÐ RÁÐHERRA Í DAG** Áform eru um að breyta St. Jósefsspítala í Hafnarfirði í öldrunarspítala með hvíldarinnlögnum. „Helvítis fokking fokk,“ sagði sárt starfsfólkið þar sem það beið eftir að fá skýringar og röksemdafærslu frá heilbrigðisráðherra. Starfsmenn fengu loforð um fund með ráðherra í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Samstilltur hópur starfsmanna kynnti sér breytingar á St. Jósefsspítala í gær:

# Hæfnin ekki í veggjunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Árni Sverrisson, forstjóri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, boðaði starfsmenn spítalans á kynningarfund klukkan eitt í gær og greindi þeim þar frá því að til stæði að breyta spítalanum í öldrunarstofnun og færa allar aðgerðir annað. „Það náttúrulega þustu allir á fundinn sem mögulega gátu til að fá minnstu innsýn í það sem er að gerast. Við höfum ekkert fengið að vita annað en það sem blöðin hafa borið okkur. Þetta er mjög neikvætt fyrir sjúklinga og allur sá samstæði hópur sem vinnur á spítalanum er í lausu lofti,“ sagði Benedikt Ó. Sveinsson kvensjúkdómalæknir.

Mikil baráttustemning myndaðist þegar hátt í hundrað starfsmenn St. Jósefsspítala reyndu að ná tali af heilbrigðisráðherra í gær. Fram kom að um 120 starfsmenn vinna á spítalanum. „Við gerum 4.000 aðgerðir á 2.600 sjúklingum og þar af eru um 640 aðgerðir á konum vegna þvagfæravandamála. Þrjú hundruð konur með slík vandamál eru á biðlista og þetta er meðal þess sem á að leggja niður,“ sagði Benedikt.

Starfsmennirnir lýstu áhyggjum sínum af því að mannauði spítalans yrði sundrað. „Þetta er stórslys. Hæfnin liggur ekki í veggjum og tækjum. Það er allt til staðar á spítalanum,“ sögðu þeir og bentu á að það kostaði hundruð milljóna að breyta spítalanum í öldrunarsjúkrahús. - ghs



**Á FUNDINUM** Benedikt Ó. Sveinsson sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp tók þátt í þessum óformlega mótmælafundi á Hilton í gær.

# Útsala

## nýtt kortatímabil

## vorum að bæta við nýjum vörum

# Allar útsöluvörur

# 250-3000 kr

| Upphaflegt verð | útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799-999~~ kr. | 500 kr. |
| 1.~~299-1.699~~ kr. | 1000 kr. |
| 1.~~999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| 2.~~999-3.999~~ kr. | 2.000 kr. |
| 4.~~499-6.999~~ kr. | 3.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað létust margir í heimaog frítímaslysum í fyrra?*

2 *Hvað er langt síðan hljómsveitin Sigur Rós var stofnuð?*

3 *Hvenær hefst keppnin um að taka þátt fyrir Íslands hönd í Eurovision?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Dómsmálaráðherra segir sérstaka saksóknara efla saksókn efnahagsbrota:

# Uppbygging sérsveitar skilað sínu

**LÖGREGLUMÁL** Skynsamlegt var að móta þá stefnu að efla sérsveit Ríkislögreglustjóra í mars 2004, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Hann segir sérstakan saksóknara í Baugsmálinu hafa eflt saksókn efnahagsbrota og nýr sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins geri það einnig.

Björn segir í tölvupósti til Fréttablaðsins að unnið hafi verið að uppbyggingu sérsveitarinnar í samræmi við það sem samþykkt hafi verið í ríkisstjórn. Uppbyggingin hafi skilað því sem stefnt var að.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að rekstrarfé sérsveitarinnar hafi aukist um 45 prósent milli áranna 2005 og 2007. Rekstrarfé efnahagsbrotadeildar dróst á sama tímabili saman um tæplega níu prósent.



**BAUGSMÁLIÐ** Sérstakur saksóknari í Baugsmálinu efldi saksókn efnahagsbrota, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn segir samanburðinn ekki gefa heildarmyndina, þar sem til viðbótar við það sem þar komi fram hafi settur saksóknari í Baugsmálinu og samstarfsmenn hans starfað að saksókn efnahagsbrota. Til þess hafi verið aflað fjár af fjáraukalögum.

Spurður hvort efla þurfi efnahagsbrotadeildina segir Björn að nú sé unnið að því að koma á laggirnar embætti sérstaks saksóknara sem rannsaka á bankahrunið. Gert sé ráð fyrir 50 milljóna króna fjárveitingu til embættisins.

„Ég tel, að til framtíðar verði tekið mið af störfum hans og umsvifum við skipulag efnahagsbrotarannsókna," segir Björn. - bj

Útflutningsráð boðar til fundar:

# Vilja auka hlut fuglaskoðunar

**FERÐAÞJÓNUSTA Unnið er að því innan ferðaþjónustunnar að fjölga fuglaskoðurum meðal ferðamanna sem koma hingað til lands. Í tilefni af því boðar Útflutningsráð til fundar á föstudaginn.**

**Þar mun meðal annars ráðgjafinn Connie Lovel, sem hefur tekið þátt í uppbyggingu svipaðra verkefna á Falklandseyjum, kynna niðurstöður sínar og tillögur. Hún heimsótti fjölda staða hér á landi á síðasta ári.**

**Fundurinn stendur frá klukkan 9 til 16.30. Hann er öllum opinn og ókeypis inn.** - hhs

Samið um ljósaperukaup:

# Reykjavík notar tuttugu þúsund ljósaperur á ári

**VIÐSKIPTI** Reykjavíkurborg hefur gert afsláttarsamning við Jóhann Ólafsson og Co., umboðsaðila OSRAM á Íslandi, um kaup á ljósaperum næstu tvö árin.

Borgin gekk til samninga við fyrirtækið að undanfenginni verðkönnun.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóhanni Ólafssyni og Co. nota fyrirtæki og stofnanir Reykjavíkurborgar um 20 þúsund ljósaperur á ári. Nema viðskipti borgarinnar við fyrirtækið um tíu milljónum króna á ári. - bþs

Roland Burris í öldungadeildina:

# Andstaða þingsins hefur minnkað

**BANDARÍKIN, AP** Andstaðan við setu Rolands Burris í öldungadeild Bandaríkjaþings hefur eitthvað minnkað, bæði meðal demókrata og repúblikana á þinginu.

Demókratar á þingi höfðu heitið því að fallast aldrei á þingsetu neins, sem Rod Blagojevich, hinn umdeildi ríkisstjóri í Illinois, myndi skipa sem arftaka Baracks Obama í öldungadeildinni.

Burris hugðist mæta til þings, þegar það kom saman í fyrsta sinn á þriðjudag, en var neitað um inngöngu. Málið virðist hins vegar flóknara en svo, að demókratar geti meinað honum þingsetu öllu lengur. - gb



**ROLAND BURRIS** Rod Blagojevic, ríkisstjóri í Illinois, er sakaður um að hafa reynt að selja þingsæti Obamas hæstbjóðanda.



**FJÓRTÁN MANNS JARÐSUNGNIR** Fjórtán manns voru grafnir í Jabaliya-flóttamannabúðunum á Gazasvæðinu í gær. Allir fórust þeir þegar Ísraelar gerðu á þriðjudag árás á skóla, sem Sameinuðu þjóðirnar reka, en þangað hafði fjöldi fólks leitað skjóls undan árásunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stutt vopnahlé notað til hjálparstarfs

**Ísraelar hafa drepið að minnsta kosti 130 börn með árásum sínum á Gaza, sem hafa staðið í þrettán daga. Vopnahléstillaga frá Frökkum og Egyptum vekur veikar vonir. Stutt hlé gert á árásunum í gær.**

**GAZA, AP** Ísraelar sögðust í gær fagna vopnahléstillögum Frakka og Egypta, en héldu engu að síður áfram hernaði sínum á þéttbýlu Gazasvæðinu eftir stutt hlé.

Ísraelar krefjast tryggingа fyrir því að Hamas-samtökin bæði hætti að skjóta sprengiflaugum á ísraelskar íbúðabyggðir og noti ekki vopnahlé til þess að afla sér vígbúnaðar á ný, en Hamas-samtökin krefjast þess á hinn bóginn að Ísraelar opni landamæri Gazasvæðisins.

Þriggja klukkustunda hlé á árásum Ísraela í gær var notað til þess að koma matvælum og eldsneyti til íbúa á Gazasvæðinu, sem búa við algera neyð. Einnig var hléið notað til að ná í lík á svæðum, sem þótti of hættulegt meðan bardagar geisuðu, auk þess sem særðu fólki var hraðað að landamærum Egyptalands þar sem hægt var að flytja það á sjúkrahús.

Strax að hléinu loknu hófu Ísraelar loftárásir á ný, og Hamas-liðar byrjuðu sömuleiðis að skjóta heimagerðum sprengiflaugum sínum yfir landamærin þar sem hending ein ræður hvort þær valda tjóni.

Blóðbaðið á Gaza hefur nú staðið yfir í þrettán daga stanslaust, ef undan er skilið þetta stutta hlé í gær. Loftárásir og landhernaður Ísraela hefur kostað nærri 700 manns lífið, en hátt í helmingur þeirra eru óbreyttir borgarar, að því er bæði Palestínumenn og Sameinuðu þjóðirnar fullyrða. Að minnsta kosti 130 hinna drepnu eru börn.

Þetta eru mannskæðustu árásir Ísraela á Palestínumenn síðan í sex daga orrustunni árið 1967, þegar Ísraelar hertóku bæði Gazasvæðið og Vesturbakkann.

Árásirnar hafa vakið hörð viðbrögð víðast hvar í heiminum.

Hamas-samtökin sögðust í gær fagna því að Hugo Chavez, forseti í Venesúela, hafi rekið sendiherra Ísraels úr landi, en Ísrael bræddi með sér hvort svara eigi í sömu mynt og reka sendiherra Venesúela úr landi.

Barack Obama, sem innan hálfs mánaðar tekur við forsetaembætti í Bandaríkjunum, hefur verið gagnrýndur fyrir þögn sína um árásirnar á Gaza. Hann gaf þó ótvírætt til kynna í gær að hann sé á öndverðum meiði við George W. Bush, fráfarandi forseta, þegar hann ítrekaði að ástæða þess að hann vill ekki tjá sig sé sú, að bandarísk stjórnvöld geti ekki haft tvenns konar afstöðu í málinu. Þess vegna vilji hann láta Bush eftir að tala um þetta þangað til forsetaskiptin verða. gudsteinn@frettabladid.is


Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

20% AFSLÁTTUR

af krakka pollagöllum í janúar

FREYR

Pollagalli á krakkana

Mjög sterkur vind- og vatnsheldur pollagalli. Jakkinn er með endurskins merkjum á ermum og teygju í hettu og ermum. Hægt er að smella hettunni af. Buxurnar eru með endurskini á skálmum og teygjur fyrir skó eða stígvél.

VATNSHELT
VINDHELT



66° NORÐUR

FREYJA

Pollagalli á krakkana

Léttur vind- og vatnsheldur pollagalli. Jakkinn er með endurskins merkjum á ermum og teygju í hettu og ermum. Hægt er að smella hettunni af. Buxurnar eru með endurskini á skálmum og teygjur fyrir skó eða stígvél.

VATNSHELT
VINDHELT



66° NORÐUR

# 40%

## afsláttur af öllum vörum




BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

FINUCCI
collezione

gardeur

bugatti

MABRUN

TINO COSMA

PAL ZILERI

LLOYD

POLO RALPH LAUREN



B&S
KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242



**JÓLAHALD Í RÚSSLANDI** Í Rússlandi var jóladagur haldinn hátíðlegur í gær, 7. janúar, samkvæmt tímatali rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Á myndinni má sjá Dmitrí Medvedev forseta og Svetlönu eiginkonu hans í jólamessu í Frelsarakirkjunni í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á annan tug Evrópuríkja í vandræðum með húshitun um hávetur:

# Rússar skrúfuðu fyrir gasið

**ÚKRAÍNA, AP** Rússar hafa skrúfað fyrir allt gas til þeirra Evrópuríkja sem fá gas sitt frá Rússlandi með leiðslum sem liggja um Úkraínu. Evrópusambandið sakar bæði Rússa og Úkraínumenn um að halda neytendum í gíslingu vegna deilu sinnar um gasverðið.

Um áttatíu prósent af öllu gasi, sem selt er frá Rússlandi til Evrópuríkja fer um Úkraínu, en afgangurinn fer í gegnum smærri gasleiðslur um Hvíta-Rússland og Tyrkland.

Ríkin eru misjafnlega vel undir þetta búin, sum þeirra eiga gasbirgðir til langs tíma en önnur ekki. Í Búlgaríu, Rúmeníu og víðar liggur við neyðarástandi og víða brá fólk á það ráð að útvega sér aðra eldsneytisgjafa, einkum við eða kol.



**ELDIVIÐUR SAGAÐUR** Í Bosníu hafði þessi verkamaður nóg að gera við að saga niður eldivið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímasetningin er slæm, bæði vegna vetrarhörkunnar sem nú herjar á austurhluta álfunnar og vegna jólahalds á Balkanskaga, þar sem jóladagur var í gær samkvæmt tímatali rétttrúnaðarkirkjunnar.

Rússar tapa töluverðum tekjum af gassölu til Evrópu vegna lokunarinnar. Deilan stafar af því að Rússar vilja að Úkraínumenn borgi sama verð og Evrópuríki fyrir gasið, en Úkraínumenn krefjast þess í staðinn að fá hærra greiðslur fyrir að flytja gasið til Evrópuríkja. - gb

Kvennahreyfing Samfylkingar:

# Fordæma innrás Ísraelshers

**STJÓRNMÁL Stjórn Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar fordæmir innrás Ísraels á Gazasvæðið.**

**Í tilkynningu frá stjórninni segir meðal annars að loftárásir og innrás hersins bitni helst á íbúum svæðisins sem þegar búi við kröpp kjör. Ekkert réttlæti ofbeldi gegn saklausum borgurum; konum, börnum og öldruðum. Þá tekur stjórn kvennahreyfingarinnar undir með Friðarráði ísraelskra og palestínskra kvenna og krefst þess að árásum Ísraelshers á Gaza verði hætt án tafar.** - ovd

Formannsstaðan í Framsókn:

# Magnús gefur ekki kost á sér

**STJÓRNMÁL** Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur afráðið að gefa ekki kost á sér í embætti formanns flokksins.



MAGNÚS STEFÁNSSON

Nýr formaður verður kjörinn á flokksþingi Framsóknar um aðra helgi.

„Ég velti þessu fyrir mér fram að áramótum og tók svo ákvörðun í rólegheitum,“ segir Magnús sem vill ekki upplýsa hvað réði ákvörðuninni. Hann hefur ákveðið hvaða frambjóðanda hann styður en vill ekki gefa upp hver það er. - bþs

Kuldaboli gerir vart við sig á meginlandinu:

# Eiffel-turninum lokað

**PARÍS, AP** Vetur konungur minnti rækilega á sig á meginlandi Evrópu í gær. Frost var í lofti og meðal annars þurfti að loka Eiffel-turninum, einu helsta aðdráttarafli ferðamanna í París, vegna snjókomu og ísingar. Allt að tíu sentimetra djúpur snjór mældist víða í Frakklandi. Í Þýskalandi mældist snjórinn mest um sextán sentimetra djúpur.

Aflýsa þurfti mörgum flugferðum frá flugvöllum í Frakklandi og Þýskalandi. Veðurstofa í Þýskalandi spáir því að hitinn haldist undir frostmarki næstu daga. - kg



**PARÍS** Eiffel-turninum var lokað í gær vegna mikillar ísingar.



**HUGBÚNAÐARMENN** Forsvarsmenn Eff2 Technologies, Kristleifur Daðason, Baldur Jóhannesson, Friðrik Heiðar Ásmundsson og Herwig Lejsek vinna við búnaðinn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun nota til að berjast gegn barnaklámi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslenskur hugbúnaður gegn barnaklámi

**Íslenskt hugbúnaðarkerfi verður tekið í notkun hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. Það gerir lögreglu kleift að bera kennsl á barnaklám og ólögmætt efni í tölvum sem hafa verið haldlagðar.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ávinningurinn er bæði vinnusparnaður hjá lögreglunni og aukin skilvirkni við rannsóknir barnaklámsmála,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um nýjan íslenskan hugbúnað í baráttunni gegn barnaklámi, sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun taka í notkun á næstu mánuðum.



STEFÁN EIRÍKSSON

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækið Eff2 Technologies hafa undirritað tímabundinn verksamning um þróun, uppsetningu og afnot af ofangreindu hugbúnaðarkerfi fyrir lögregluna. Búnaðurinn gerir lögreglu kleift að bera kennsl á barnaklám og annað ólögmætt efni í tölvum sem hafa verið haldlagðar. Með þessu samstarfi lögreglunnar og Eff2 Technologies verður Ísland fyrsta landið í heiminum sem notar slíka lausn í baráttunni gegn barnaklámi og öðru ólögmætu efni.

Tæknin sem gerir þetta mögulegt ber heitið Videntifier Forensic og verður fullþróuð í nánu samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Stefán segir þessa tækni bjóða upp á aukna möguleika til að rannsaka uppruna og dreifingu barnakláms og að ná þannig frekar til þeirra sem framleiða þetta efni og dreifa í stórum stíl. Slíkt yrði þá unnið í náinni samvinnu við lögreglufirvöld í öðrum löndum.

Eff2 Technologies er sprotafyrirtæki úr Háskólanum í Reykjavík, stofnað síðla árs 2007. Það hefur unnið til verðlauna fyrir Videntifier-verkefnið bæði hér heima og á erlendri grundu.

„Þetta hófst í lok árs 2003 þegar við Herwig Lejsek hófum að vinna saman að rannsóknarverkefni við Háskólann í Reykjavík,“ segir Friðrik Heiðar Ásmundsson, einn fjórmenninganna sem standa að hugbúnaðargerðinni. „Afurð þessa verkefnis var ný gagnagrind sem við höfum fengið einkaleyfi á og er grunnstoð Videntifier Forensic í dag.“ Friðrik segir stefnt að því að afhenda lögreglunni búnaðinn í næsta mánuði. Kerfið verði að fullu tekið í notkun næsta sumar.

Videntifier getur munað hvernig allt að hundrað þúsund klukkutímar af vídeóefni líta út, og leitað í vídeósöfnum á allt að hundraðföldum rauntíma. Videntifier ber kennsl á vídeóefni jafnvel þótt því hafi verið breytt umtalsvert til dæmis með þjöppun, textun, skekktum hlutföllum, snúningi eða speglun, svo dæmi sé tekið.

jss@frettabladid.is

**Kynning** í Ráðhúsi Reykjavíkur, 9. og 10. janúar.

Vaxtarsprotar og nýsköpun

**Tækniþróunarsjóður** kynnir nýjar áherslur í starfsemi sinni og sprotafyrirtæki kynna nýsköpun á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina.

**Dagskrá föstudag 9. janúar 14:00 - 17:00**

14:00 Ávarp iðnaðarráðherra *Össurar Skarphéðinssonar*

14:15 Nokkur verkefni styrkt af Tækniþróunarsjóði, kynning og sýning

**Dagskrá laugardag 10. janúar 12:00 - 17:00**

12:00 Sýning sprotafyrirtækja opnuð

13:00 Brúarsmíði sjóða og sprota, *Tækniþróunarsjóður, Nýsköpunarsjóður, Impra og Innovit*

**Þátttakendur**

Marorka • Mentor • Mentis Cura • ORF • Kine • Stjörnu-Oddi • Handpoint • Eff2 Clara • TellmeTwin • Matís • Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Almenningur er hvattur til að kynna sér starfsemi sprotafyrirtækja og opinberan stuðning við nýsköpun.**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

Í INTERSPORT LINDUM
BÍLDSHÖFÐA &
SMÁRALIND

MERKJAVARA Á ENN LÆGRA VERÐI

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

INTERSPORT

**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** **SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
**INTERSPORT SMÁRALIND** **SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
**INTERSPORT LINDUM** **SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18

## „ORÐRÉTT“

*Getur verið að þetta hafi heyrst áður?*

**„Afstaða ESB er mjög skýr. Við styðjum ekki eða samþykkjum einhliða upptöku evru.“**

OLLI REHN, STÆKKUNARSTJÓRI EVRÓPUSAMBANDSINS
Morgunblaðið 7. janúar

*Hvurslags er þetta eiginlega?*

**„Við vorum ekki einu sinni spurð hvort töfin hefði valdið okkur vandræðum.“**

SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR SEM VAR UM BORÐ Í FLUGVÉL SEM TAFÐIST
DV 7. janúar

tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VÍKINGUR KRISTJÁNSSON LEIKARI

# *Kann vel við sig í hlutverki lögmanns*



„Ég er á fullu í tökum á lögfræðingaþættinum Rétti sem fer í loftið um miðjan janúar,“ segir Víkingur Kristjánsson leikari. „Það eru nokkrir dagar eftir í tökum, þeim lýkur væntanlega í þessari viku eða þeirri næstu.“ Tökurnar, sem hófust í nóvember, verða því að klárast um það leyti sem fyrsti þátturinn fer í loftið. Það verður að teljast nokkuð óvenjulegt að leikarar fái svo fljótt að sjá afrakstur erfiðis síns. „Oftast nær þarf maður nú að bíða töluvert lengur, svo þetta er mjög skemmtilegt.“
Réttur er lögfræðikrimmi sem sýndur verður á Stöð 2. Í þáttunum leika þau Víkingur, Magnús Jónsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir lögmenn á lögfræðistofunni Lögum og rétti sem eru harðir í horn að taka. „Handritið að þáttunum er mjög áhugavert. Þeir eru líka aðeins öðruvísi en þeir þættir sem hafa verið framleiddir fyrir íslenskt sjónvarp að undanförnu. Þetta eru vissulega glæpaþættir en horft frá öðru sjónarhorni en vant er. Þar að auki eru þetta sjálfstæðir þættir, eitt mál leyst í hverjum þætti. Það er nokkuð skemmtilegt.“
Víkingur segist kunna vel við sig í lögmannshlutverkinu. Hann býst þó síður við að söðla um og snúa baki við leikarastörfunum. Hann hefur líka nóg að gera og sér ekki fram á verkefnaskort. „Ég hef verið heppinn með verkefni og þau hafa hlaðist upp hjá mér. Það er ýmislegt í pípunum hjá mér en það er vissara að bíða með að segja frá því þangað til búið er að skrifa undir samning.“

## BRÉFSÍMINN

### ELDRI EN SÍMINN



■ Þótt ótrúlegt megi virðast er bréfsíminn eldri en talsíminn. Skoski uppfinningamaðurinn Alexander Bain fær oftast heiðurinn af fyrsta bréfsímanum, árið 1843. Frederick Blackwell betrumbætti faxið og sýndi á heimssýningunni í London 1851.
Tíu árum síðar, 1861, kom fyrsta faxvélin á markað og átti Ítalinn Caselli heiðurinn af henni. Fyrsta samtalið í síma varð ekki fyrr en 1876. Árið 1900 bjó Þjóðverjinn Arthur Korn til myndsíma og var hann notaður til að senda myndir af eftirlýstum glæpamönnum á milli landa.

## SJÓNARHÓLL

DIDDÚ RÆÐIR UM FORMANNSSLAGINN Í FRAMSÓKNARFLOKKNUM



SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR
söngkona

### *Kannski er bjargvætturinn fundinn*

„Ég held að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson geti orðið bjargvættur fyrir flokkinn,“ segir Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona, betur þekkt sem Diddú, um formannsslaginn í Framsóknarflokknum. „Hinir framþjóðendurnir hafa verið áberandi framsóknarmenn en hann kemur þarna ferskur inn því fólk hefur ekki verið að samsama hann flokknum. Hann er líka eitthvað svo skeleggur, sér hlutina í réttu ljósi og kemur fram með raunhæfar lausnir. Þannig að innkoma hans er gleðifrétt fyrir flokkinn.“
En fleiri en Sigmundur Davíð hafa ákveðið að láta til sín taka í Framsókn en nýlega varð ljóst að Guðmundur Steingrímsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar og sonur Steingríms Hermannssonar, hefur ákveðið að ganga til liðs við framsóknarmenn. „Honum var greinilega svo ofboðið að hann ákvað bara að fara heim ef svo mætti segja. Það er oft svona þegar mönnum verður mikið við þá leita þeir í það sem þeir þekkja best.“
Diddú segist annars ekki bera neinn sérstakan hlýhug til Framsóknarflokksins. „Þetta er reyndar afskaplega gott fólk í flokknum sem ég hef haft kynni af en þetta er ekki minn flokkur.“

# Vigdís komin hringinn

**Vonarstrætisleikhúsið var stofnað árið 2007 af tveimur fyrrverandi leikhússtjórum Leikfélags Reykjavíkur, þeim Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands, og Sveini Einarssyni. Fyrsta viðfangsefni hópsins er leiklestur á verkinu Kaupmannahöfn eftir Michael Frayn í Iðnó.**



**SVEINN EINARSSON OG VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Sveinn og Vigdís stofnuðu Vonarstrætisleikhúsið árið 2007. Í næstu viku hefst leiklestur á verkinu Kaupmannahöfn eftir Michael Frayn í Iðnó, en Kaupmannahöfn er fyrsta viðfangsefni leikhússins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er eins með leikhúsið og skátana. Eitt sinn skáti, ávallt skáti. Eitt sinn í leikhúsi, ávallt með hugann við leikhúsið,“ segir Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur (LR) í Iðnó á árunum 1972 til 1980. Vigdís og Sveinn Einarsson, sem gegndi stöðu leikhússtjóra LR á árunum 1963 til 1972, eru stofnendur Vonarstrætisleikhússins, sem stendur fyrir leiklestri á verkinu Kaupmannahöfn eftir Michael Frayn í Iðnó í næstu viku.
Vonarstrætisleikhúsið var formlega stofnað árið 2007 fyrir atbeina fyrrverandi leikhússtjóranna tveggja og er Kaupmannahöfn fyrsta viðfangsefni þess. Að sögn Vigdísar er markmið hópsins að vekja athygli á leikritum sem efnis síns vegna eru líkleg til að vekja umræðu um málefni líðandi stundar. „Okkur hefur lengi dreymt um að setja Kaupmannahöfn upp hér á landi, en fengum ekki til þess fjárveitingu þegar við sóttum um á síðasta ári. Þess vegna brugðum við á það ráð að leiklesa verkið, enda hentar það prýðilega til leiklesturs,“ segir Vigdís.
Kaupmannahöfn var frumsýnt í breska Þjóðleikhúsinu árið 1998 og hefur farið sigurför um heiminn. Kveikjan að verkinu var frægur fundur danska nóbelsverðlaunahafans Niels Bohr og fyrrum nemanda hans, þýska vísindamannsins Werners Heisenberg árið 1941.
Sveinn Einarsson. sem leikstýrir leiklestrinum í Iðnó, segir þennan fund vísindamannanna þekktan sem einn þann afdrifaríkasta í sögu raunvísinda á tuttugustu öld. „Til þessa dags hefur engum manni tekist að færa sönnur á hvað fór þeim á milli, en fundurinn gat haft heimsögulegar afleiðingar. Í verkinu er velt upp mörgum og stórum spurningum varðandi kapphlaupið um kjarnaklofnunina, og svo blandast manneskjulega dramað auðvitað inn í líka. Þessi fundur var mjög viðkvæmt mál.“ segir Sveinn.
Vigdís segir verk á borð við Kaupmannahöfn eiga erindi á öllum tímum. Það fjalli um siðferðilega ábyrgð og kalli á almenna umræðu. Einnig sé ánægjulegt að starfa með Sveini Einarssyni, sem Vigdís tók af sem leikhússtjóri LR á sínum tíma. „Ég og Sveinn höfum verið miklir vinir lengi og unnið að mörgum góðum málum saman. Ég sinni hlutverki blaðafulltrúa innan leikhópsins, þannig að það mætti segja að ég sé komin hringinn,“ segir Vigdís og hlær. Hún bætir við að ef vel takist til með leiklestrinum á Kaupmannahöfn sé aldrei að vita nema frekara framhald verði á starfseminni.
Árni Bergmann þýddi verkið yfir á íslensku en flytjendur eru Valgerður Dan, Jakob Þór Einarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Að undanförnu hefur hópurinn verið við stífar æfingar á heimili Sveins við Tjarnargötuna. „Í gegnum árin hefur margoft verið æft hérna við gamla borðstofuborðið mitt, skal ég segja þér. Heilu útvarpsleikritin hafa verið tekin hér upp,“ segir leikstjórinn og skellir upp úr.
Kaupmannahöfn verður leiklesið þriðjudaginn 14. og miðvikudaginn 15. janúar næstkomandi. Miðasala er í Iðnó. kjartan@frettabladid.is






Íslensku bjartsýninsverðlaunin veitt í Iðnó í gær:

# Brynhildur fékk bjartsýnisverðlaunin

Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin í gær. Það var Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem tilkynnti val dómnefndar og Ólafur Ragnar Grímsson, núverandi forseti, sem afhenti Brynhildi viðurkenningargripinn og verðlaunafé sem nemur einni milljón króna.
Verðlaunin eru, líkt og segir í tilkynningu um þau, í senn viðurkenning og hvatning fyrir íslenska listamenn.
Þetta var í 28. sinn sem Íslensku bjartsýnisverðlaunin voru afhent, en það var Garðar Cortes sem fyrstur hlaut verðlaunin árið 1981. Það er Alcan á Íslandi sem er bakhjarl verðlaunanna og hefur verið frá árinu 2000, og forseti Íslands hefur verið verndari þeirra frá upphafi. - ss



**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Vigdís Finnbogadóttir tilkynnti val dómnefndar bjartsýnisverðlaunanna og Ólafur Ragnar Grímsson afhenti Brynhildi verðlaunin.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SANCAL GRASSOLER GANDIABLASCO

ekki missa af þessu



Einstakt tækifæri
**til að eignast vandað innbú**

# 15-50%

af gömlu verðunum

...á **öllum vörum** í **búðinni**

exó
Reykjavík / Oslo

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

# ÐJAN ÚTSALA HÚSASMI

# ÓTRÚLEGT



**20% AFSLÁTTUR**

AF SMÁRAFTÆKJUM




**3.690**

~~5.349~~

**Brauðrist**
**Bomann** Estate
1840848



**5.999**

~~7.999~~

**Herraúlpa**
Aquatex m/öndun
5869734-48

**Dömuúlpa**
Aquatex m/öndun
5869718-28



**30% AFSLÁTTUR**

AF BÚSÁHÖLDUM

## Jennifer ljós

á meðan birgðir endast

**50% AFSLÁTTUR**



6003305

6003306

6003308

6003307

blómaval
*heillandi heimur*



**10 stk.**
**Túlípanar**
**999 kr**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

IÐJAN ÚTSALA HÚSASM

VERÐ ÓTRÚL

**3 ltr**




1.199
~~2.949~~

ENN MEIRI
**LÆKKUN**

**Innimálning**
Gæða veggmálning
**gljástig 10**
7119962-3/6-7

**Vandað málband 5 metrar með segul á enda**

**RUGL**
VERÐ




299
~~1.179~~

**Málband**
5 m, segull á enda.
5006400

## **Líkamsræktartækin komin**
frábært verð!



23.849

33.279

116.446

EGG

MUNIÐ EGG ÚTSÖLUNA Í BLÓMAVALI
15 - 25%
AFSLÁTTUR

**Við berjum niður verðið!**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## Útgjöldin

> Verð á heilhveitibrauði, kílóverð miðað við verð á landinu öllu í nóvembermánuði hvers árs.




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HRUND GUNNSTEINSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR PRISMA

## *Slummubuxurnar bestu kaupin*



„Þetta er langerfiðasta spurning sem ég hef nokkurn tímann fengið," segir Hrund Gunnsteinsdóttir, forstöðumaður Prisma, nýstárlegs náms sem Listaháskólinn og Háskólinn á Bifröst fara af stað með í næsta mánuði, í samvinnu við Reykjavíkur Akademíuna.

„Mér dettur þó helst í hug að nefna slummubuxurnar mínar góðu. Þessar buxur keypti ég þegar ég var barnshafandi af yngstu dóttur minni og hafa reynst mér einstaklega vel. Þær eru mjúkar alls staðar, vaxa með manni og skreppa svo aftur saman með manni." Hrund segist venjulega snögg að henda sér í þessar töfrabuxur og mjúka sokka þegar hún kemur heim úr vinnunni.

Verstu kaupin á Hrund ekki jafnerfitt með að nefna. „Það eru án alls efa deCode-hlutabréfin," segir hún, enda var hún meðal þeirra fjölmörgu Íslendinga sem stukku á þann vagn rétt fyrir síðustu aldamót og töldu sig vera að gera skotheld kaup. „Eftir að hafa tekið ákvörðun um að kaupa þessi hlutabréf sá ég framtíðina í þvílíkt björtu ljósi. Ég sá fyrir mér að ég gæti flutt úr fimmtíu fermetra íbúðinni minni inn í nýja höll með öllu. Mér fannst ég dálítið snjöll," segir Hrund og hlær.

Fljótlega hrundi þó tálsýnin í jöfnum takti við hlutabréfin, sem nú eru margfalt minna virði en þegar Hrund keypti þau.

## HÚSRÁÐ

### SILFRIÐ HREINSAÐ Í BALA

■ *Fríða Jónsdóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður, kann ráð við því þegar fellur á silfrið.*



„Þú sýður kalt vatn og hellir því í plastbala, setur álpappír í botninn og skvettu af matarsóda út í. Svo þarftu ekki annað að gera en að horfa á silfrið verða fínt. Ef það er skygging í munstri á skartinu, eins og oft er í gömlu skarti, þá er þetta haft styttri tíma ofan í," segir Fríða Jónsdóttir, gullsmiður og skartgripahönnuður.

„Þegar ekki gefst tími í þetta mæli ég með efni frá Goddard's sem heitir Silver Dip og fæst meðal annars í Fjarðarkaupum.

■ **Íbúar á Svalbarða**

## Vilja banna plastpoka



Stefnt er að því að losa Svalbarða við alla plastpoka á þessu ári. Markmiðið er að Svalbarði verði fyrsta samfélagið í Noregi sem er alfarið án plastpoka, að sögn norska dagblaðsins Aftenposten, og á það að koma náttúrunni til góða.

„Við viljum hafa strangari umhverfiskröfur á Svalbarða. Ég get ekki ímyndað mér að það verði nokkur pólitísk andstaða við plastpokabanni að því gefnu að við finnum náttúruvænni valkosti," segir Kjell Mork, formaður sveitarstjórnarinnar í Longyear-bænum á Svalbarða.

Innflutningur á náttúruvænum pokum er þegar hafinn. Þeir pokar brotna niður og hverfa í náttúrunni.

■ **Söfnun**

## Bleikir leigubílar söfnuðu 6,3 milljónum



Leigubílstjórar hjá Hreyfli-Bæjarleiðum söfnuðu 6,3 milljónum til styrktar átaki Krabbameinsfélags Íslands gegn brjóstakrabbameini.

Keyrt var undir bleikum ljósum í október og nóvember og söfnuðust peningarnir með sölu á bleikum slaufum auk þess sem hluti hvers fargjalds rann til átaksins.

Bleikar slaufur voru seldar fyrir 4.990.000 krónur og 1.300.000 krónur söfnuðust í pöntuðu fargjaldi.

Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands segir að settum takmörkum hafi verið náð og með söfnuninni hafi tekist að fjármagna nýjan greiningarbúnað að fullu.

■ **Ferðalög**

## Rafræn ferðaheimild til Bandaríkjanna



Frá og með 12. janúar verða Íslendingar, sem og aðrir ferðamenn frá löndum sem eru undanþegin vegabréfsáritun til Bandaríkjanna, að sækja um rafræna ferðaheimild á vef bandaríska innflytjendayfirvalda, https://esta.cbp.dhs.gov. Hægt er að stilla síðuna á íslensku og ætti því ekki að flækjast fyrir Íslendingum.

Farþegar þurfa sjálfir að sækja um þessa ferðaheimild (ESTA) og æskilegt er að sótt sé um minnst 72 tímum fyrir brottför þó reynt sé að afgreiða umsóknir með minni fyrirvara. Flestum verður svarað um hæl. Þegar ferðaheimild hefur einu sinni verið veitt gildir hún í tvö ár, en fyrir hverja ferð til Bandaríkjanna þarf að fara aftur á heimasíðu ESTA og uppfæra ferðaupplýsingar fyrir hverja ferð.

Rafræna ferðaheimildin mun leysa I-94W formið af hólmi, að reynslutíma loknum, en það er græna formið sem ferðalangar til Bandaríkjanna kannast við að fylla út í flugvélunum. Fyrst um sinn verður einnig notast við I-94W formið en mælst er til að farþegar hafi með sér prentaða ESTA-kvittun fyrir flug.

■ **Verslun**

## Næturopnun Hagkaupa í Skeifunni áfram



Hagkaup í Skeifunni mun áfram verða opið allan sólarhringinn, líkt og raunin hefur verið undanfarnar sex vikur. Í tilkynningu frá Hagkaupum kemur fram að fjöldi fólks sæki verslunina fram til klukkan tvö um nætur og hefjist ösin aftur upp úr klukkan sex á morgnana. Næturopnuninni hafi verið vel tekið og því verið ákveðið að halda henni áfram. Þá verði vöruúrval í versluninni lagað að þörfum þeirra sem versla utan venjulegs opnunartíma og þjónusta þar endurbætt.



**AUGNABLIKIÐ „FEST Á FILMU"** Stafrænum myndavélum af ýmsum gerðum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og þær að miklu leyti komið í stað hefðbundinna myndavéla þar sem myndir eru festar á filmu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ljósmyndirnar úr tölvunum í myndaalbúmin

Í kjölfar þess að stafrænar myndavélar urðu algengar dró mjög úr hefðbundinni framköllun ljósmynda. Einhverjir hafa svo lent í því að tapa ljósmyndum sínum sem geymdar hafa verið í tölvum sem bregðast eða er stolið. Aðrir sakna einfaldlega þess að handleika og skoða myndir í myndaalbúmum. Hver sem ástæðan kann að vera virðist sem útprentun mynda hafi aftur aukist.

„Fólk tekur ekki færri myndir en áður en af því það er búið að sjá myndirnar í myndavélinni, í tölvunni eða í sjónvarpinu er minni áhersla lögð á að prenta myndirnar á ljósmyndapappír," segir Jón Stefán Karlsson, eigandi Úlfarsfells ehf.

Jón Stefán segir ljósmyndaprentun vera eitt af því sem fólk ætli sér alltaf að gera, en komi ekki alltaf í verk. Hann hvetur fólk til að koma myndum sínum á ljósmyndapappír.

### VERÐ Á 100 LJÓSMYNDUM

| | |
|---|---|
| Pixlar ehf. | 2.900 krónur |
| Hans Petersen | 2.900 krónur |
| Ljósmyndavörur | 2.900 krónur |
| Úlfarsfell ehf. | 3.000 krónur |
| Myndhraði | 3.300 krónur |
| Hraðfilman sf. | 3.300 krónur |
| Filmverk ehf. | 3.600 krónur |

**Verð miðast við uppgefið besta verð á framköllun á 100 ljósmyndum í stærðinni 10x15 sentimetrar.**

„Að minnsta kosti bestu myndunum því fólk hefur verið að tapa hundruðum mynda sem það hefur sett á harða diskinn í tölvunni sinni, sem svo hrynur," segir Jón Stefán.

Í sama streng tekur Gerður Óskarsdóttir, eigandi Filmverks ehf. á Selfossi. „Maður er búinn að heyra ljótar sögur af því að fólk hafi glatað myndunum sínum. Fólk er að vakna upp við það að tölvur og diskar eru kannski ekki varanleg geymsla fyrir myndirnar og því sé betra að eiga útprentuð eintök," segir Gerður.

Jens Ormslev, eigandi og framkvæmdastjóri Pixlar ehf., segir mikla niðursveiflu hafa komið í framköllun ljósmynda eftir að stafrænar myndavélar komu á markaðinn. Á undanförnum mánuðum hafi framköllun svo aftur aukist jafnt og þétt. „Fólk er farið að finna það að það vill hafa þetta eins og í gamla daga, í albúmi heima hjá sér en ekki bara í tölvunni," segir Jens.

En þrátt fyrir þessa aukningu hefur framköllunarþjónustufyrirtækjum fækkað mikið á undanförnum árum. Sigurjón Haraldsson, framkvæmdastjóri Myndhraða, segir harða samkeppni ríkja á markaðnum. Hann segir 3.300 krónur ekki raunverð fyrir hundrað myndir. „Það er of lágt verð en þetta er það sem viðgengst á markaðnum," segir Sigurjón. olav@frettabladid.is

**Neytendur:** Heiðdís hætti við að fá sér ís

## *Bragðarefir á ýmsu verði*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Fátt er betra fyrir sálartetrið en að fá sér ís, nema ef vera skyldi súkkulaði. Í skammdegismyrkrinu er upplagt að gúffa í sig ís – en muna bara að svitna í klukkutíma á móti. Blessaður ísinn hefur hækkað eins og annað. Heiðdís skrifar: *„Ég var í Kringlunni og ákvað að fá mér ís í ísbúðinni hjá Hagkaupum. Í fyrsta sinn á ævinni hætti ég við að kaupa mér ís af því að hann var of dýr. Lítill bragðarefur er kominn í 790 krónur hjá þeim. Miðstærð var á 890 og stór á 990 krónur. Mig grunaði að ísinn hefði hækkað undanfarið en þetta var of mikið. Tæpar 800 krónur fyrir smá ís og smá nammi! Ég sá fram á að fá aldrei ís aftur! Því fór ég í verðkönnunarleiðangur í Fákafenið í Erlu-ís. Vissulega hefur verðið þar einnig hækkað en var samt viðráðanlegra. Hjá þeim kostaði*



*lítill bragðarefur 590 kr., miðstærð 690 kr. og stór 790 kr. Dýrt, en aðeins skárra."*

Ég gerði litla bragðarefskönnun. Í Ísbúðinni í Smáralind er sama háa verðið og í Kringlunni. Ísbúðin Garðabæ er staðsett að Litlatúni 1-3. Þar eru þrjár stærðir bragðarefs á 690, 790 og 890 krónur og eins og hjá öllum hinum fær maður þrjár tegundir af nammi eða ávöxtum í refinn sinn. Í ísbúðinni í Álfheimum er verðið 620, 720 og 820 krónur og nákvæmlega sama verð er hjá Brynju á Akureyri. Því miður segjast þau ekkert á leiðinni í bæinn með ísinn sinn góða. Margir vilja meina að „gamli ísinn" hjá Ísbúð Vesturbæjar á Hagamel sé svipaður Brynjuís á bragðið. Þar er „þeytingurinn" á 550, 650 og 800 krónur – klárlega besti díllinn í bænum!


## *ÓSKA EFTIR AÐ KAUPA ENSKT LINGAFON NÁMSKEIÐ*

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið 1978 eða síðar. En útgáfuár bóka er skráð áberandi fremst í bókum. stg. 20.000 kr.

**Upplýsingar í síma 865 7013**
**Björgvin Ómar Ólafsson**




**TOMMY HILFIGER - DKNY**
**GUESS - PRINGLE**

Couture

Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Sími 511 1060

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:103** **Velta:** 185 milljóni

| **OMX ÍSLAND 15** | | **OMX ÍSLAND 6** | |
|---|---|---|---|
| 352 | **-0,97%** | 961 | **-2,08%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +8,13% | **STRAUMUR** | -11,41% |
| **ALFESCA** | +3,75% | **BAKKAVÖR** | -4,87% |
| **MAREL** | +0,76% | **ICELANDAIR** | -1,12% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,15 +3,75% ... Atlantic Airways 174,00 +0,00 ... Atlantic Petroleum 680,00 +0,30% ... Bakkavör 2,15 -4,87% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,33 +8,13% ... Føroya Banki 120,00 +0,00% ... Icelandair Group 13,25 -1,12% ... Marel Food Systems 79,30 +0,76% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,63 -11,41% ... Össur 96,30 -0,93%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Breyttur Bjarni á skjánum

Nokkra athygli vakti þegar Bjarni Ármannsson, fyrrum forstjóri, Glitnis steig fram með grein sem birtist í Fréttablaðinu í byrjun vikunnar og ekki síður viðtalið sem við hann var tekið í kjölfarið í Kastljósi Sjónvarpsins. Í greininni og á skjánum birtist annar Bjarni en sá sókndjarfi frumkvöðull fjármálalífsins sem margir muna eftir. Auðmjúkur viðurkenndi hann mistök hjá forsvarsmönnum bankanna, ekki síður en á væng stjórnmálanna og hjá stofnunum ríkisins og um leið að hann hefði búið svo um hnúta að Glitnir fengi endurgreiddar um 370 milljónir króna sem samið hafði verið um vegna starfsloka hans.



### Tvær flugur í einu höggi

Maður í fjármálageiranum velti því fyrir sér hvort Bjarni hefði gert sér hingað ferð til að standa fyrir máli sínu, eða hvort hann hafi notað tækifærið þar sem nú væri til umfjöllunar mál Vilhjálms Bjarnasonar á hendur stjórn Glitnis vegna starfslokasamninga Bjarna. Líkast til þyrfti hann að bera vitni, sagði maðurinn og velti fyrir sér hvort endurgreiðslan tengist þessu máli. Ólíklegt verður það þó að teljast því Bjarni endurgreiddi umsamin laun, en mál Vilhjálms snýst um þá ákvörðun stjórnarinnar að kaupa af Bjarna hlutabréf hans í bankanum á yfirverði. (Sem ef til vill skýrist af yfirlýsingum nýrra eigenda bankans um stórkostlegan vöxt í vændum.) Málið var þingfest í maílok en þá sáu líkast til fáir fyrir hrun íslensku bankanna og minna var fjargviðrast yfir ofurlaunakjörum, þótt krísa lausafjárþurrðar í fjármálaheiminum hefði þá þegar geisað í um hálft ár. Í næstu viku verður málið til meðferðar í dómi.

## Bíða niðurstöðu málaferla

Exista bíður niðurstöðu málaferla Kaupþings í Bretlandi og hefur veitt bankanum aðgang að öllum gögnum vegna undirbúnings málshöfðunar. Þetta kemur fram í tilkynningu félagsins í gær.

Fram kemur að sem stærsti hluthafi Kaupþings hafi Exista kannað grundvöll málaferla vegna greiðslustöðvunar Kaupthing Singer & Friedlander, dótturfélags Kaupþings í Bretlandi. „Í ljósi þess að Kaupþing banki hefur afráðið að höfða mál gegn breskum stjórnvöldum, hyggst Exista bíða niðurstöðu málaferla Kaupþings áður en ákvörðun verður tekin um frekari málarekstur," segir í tilkynningunni. - óká



**STAÐIÐ Í DYRUNUM** Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður, ræðir hér við Snorra Magnússon, lögreglumann, sem stóð vaktina í dyragættinni á meðan starfsmenn Samkeppniseftirlitsins leituðu gagna innandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Húsleit hjá Teymi

„Eftir að við sáum ummæli Þórdísar [J. Sigurðardóttur, stjórnarformanns Teymis] í fjölmiðlum töldum við þau stangast á við samrunaáætlun Hive og Sko. Þá sendum við inn kvörtun til Samkeppniseftirlitsins á mánudag," segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans.

Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins brugðust við kvörtuninni í gær og leituðu gagna um áætluð brot og samráð í skúffum, skotum og ruslafötum í húsakynnum Teymis og dótturfélaga. Að því loknu tók tæknideildin til starfa en hún tók afrit af rafrænum gögnum úr tölvum starfsmanna.

Þórdís sagði í kjölfar brotthrekst-urs Hermanns Jónassonar, fyrrverandi forstjóra Tals, fyrirtækinu óheimilt að gera samning við önnur fyrirtæki en Vodafone um aðgang að farsímanetum næstu fimm árin. Hermann hafði áður gert samning við Símann.

Samkeppniseftirlitið sagði í tilkynningu í gær skilyrði fyrir samruna Hive og Sko, sem nú starfa undir merkjum Tals, hafa miðast að því að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Tals og að full og óskoruð samkeppni ríki á milli Tals og Vodafone.

Jóhann Óli Guðmundsson, stjórnarmaður Tals, sagði í greinagerð sem hann sendi frá sér í gær samning Tals við Símann afar hagstæðan enda hafi vaxtakjörin verið betri en Vodafone hafi boðið auk þess sem fyrirtækið hafi svikið samninga um verðbreytingu.

Í tilkynningu frá stjórn Teymis í gær er ásökunum Samkeppniseftirlitsins, Símans og rangfærslum minnihluthafa Tals vísað á bug. Samtímis fagnar stjórnin því að eftirlitið leiti af sér allan grun um viðskiptahætti fyrirtækjanna og hvetur til að rannsókn verði hraðað svo málið dragist ekki á langinn. - jab

# Danske bank neitar að senda dollara til Íslands

**Íslenskir kaupsýslumenn hafa lent í vandræðum þar sem Danske bank neitar að senda Bandaríkjadali hingað til lands. Málið er sagt tæknilegt en hefur snúist um lítið traust á íslenskum bönkum. Talsmaður bankans vill lítið tjá sig um málið en væntir lausnar fljótlega.**



**VIÐ ÚTIBÚ DANSKE BANK Í KAUPMANNAHÖFN** Hnökrar hafa verið á millifærslum á erlendum gjaldeyri hingað til lands frá Danske Bank. Þar á bæ hefur verið borið við tæknilegum örðugleikum, sem eingöngu virðast snúa að Bandaríkjadal. MYND/DANSKE BANK

„Vandamálin sem hafa snúið að trausti á íslensku bönkunum og Íslandi hafa verið svo mörg og misjöfn. En þetta hefur allt verið að róast og þetta er eitt af því fáa sem er eftir," segir Sigríður M. Torfadóttir, hjá Seðlabanka Íslands.

Danske bank hefur ekki miðlað Bandaríkjadölum hingað til lands frá bankahruninu.

Við hruninu neitaði bankinn alfarið að senda nokkurn gjaldeyri hingað. Síðan hófu þeir að senda hingað danska krónu og aðra miðla, en hvorki fengust pund né dalir.

„Þetta gleymdist bara í hávaðanum sem varð hér í október, en um leið og við tókum málið upp aftur þá fóru pundin strax í gegn, en þeir eru enn þá að skoða dollarann. Þeir hafa viljað fá staðfestingu á því að það sé tryggt að greiðslur sem hingað eru sendar berist réttum viðtakanda en verði ekki frystar í viðkomandi banka eins og gerðist með greiðslur til gömlu bankanna, sem í einhverjum tilvikum frusu í Bandaríkjunum," segir Sigríður.

Danske bank veitti Sigríði þau svör í gærmorgun að málið væri tæknilegs eðlis og snerist um hvers konar SWIFT skeyti skyldi nota í þessum sendingum. „Væntanlega kemur lausn í málið næstu daga," segir Sigríður.

Eftir því sem næst verður komist hafa vandamál af þessu tagi ekki komið til hjá öðrum erlendum bönkum svo Seðlabankanum sé kunnugt um.

Kaupsýslumaður sem Fréttablaðið ræddi við segir að hann flytji vörur frá Kína og selji í Danmörku. Hann hafi hins vegar skipt við íslenskan banka og Danske bank. Við svo búið fái hann danskar krónur hingað til lands og þurfi að skipta þeim í Bandaríkjadali hér, við mun hærra verði en ytra, til þess að greiða fyrir vörur í Kína. Þetta ástand hafi varað mánuðum saman.

Talsmaður Danske bank vildi í samtali við Fréttablaðið ekki veita upplýsingar um málið að öðru leyti en því að það væri tæknilegt og þess vænst að úr leystist fljótlega. ingimar@markadurinn.is

## Fasteignaskrá verður til

„Þessi eina samræmda fasteignaskrá hefur verið að byggjast upp undanfarin ár og nú fannst mönnum eðlilegt að heiti stofnunarinnar endurspeglaði þróunina," segir Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignaskrár Íslands.

Fasteignaskráin er nýtt heiti Fasteignamats ríkisins og tók nafnabreytingin gildi um áramót. Engar breytingar verða á starfsemi stofnunarinnar.

Haukur segir að fram undir aldamót hafi fasteignaskráin eingöngu verið haldin um fasteignamat. Árið 1999 hafi brunabótamat verið fært til fasteignamatsins og þinglýsingar vegna fasteigna árið 2001. Síðar hafi verið færðar þangað jarðaskrá og lögbílaskrá og loks í hittifyrra álagning fasteignagjalda og fasteignaskatts.

„Fasteignaskráin er eina upplýsingakerfið sem er sameiginlegt öllum sveitarfélögum og ríkinu. Þetta endurspeglar hvað fasteignamálin koma víða við í samfélaginu," segir Haukur. - ikh

## Viðsnúningur milli ára

Vöruskipti við útlönd voru hagstæð um 2,5 milljarða króna í nóvember, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Vörur voru fluttar út fyrir 43,2 milljarða en inn fyrir 40,6. Hagstofan bendir á að í þessum mánuði hafi meðalverð erlends gjaldeyris verið 93,3 prósentum hærra en í sama mánuði árið 2007.

Viðskiptajöfnuður í nóvember árið 2007 var hagstæður um fimm milljarða króna miðað við gengið í nóvember í fyrra, að því er fram kemur í yfirliti Hagstofunnar.

Hallinn á vöruskiptum við útlönd fyrstu ellefu mánuði ársins 2008 var tæpir 29 milljarðar króna. Það er mikil breyting frá árinu á undan þegar hallinn á sama tímabili nam yfir 111 milljörðum króna. - ikh

# Flögu bjargað fyrir horn

**Stærsti lánardrottinn svefnrannsóknafyrirtækisins Flögu hefur tekið félagið yfir.**

Flaga rambaði á barmi gjaldþrots eftir hrun bankanna í október. Flaga Holdings, stærsti lánardrottinn félagsins, sem skráð er í Bandaríkjunum, breytti í kjölfarið skuldum í hlutafé til að forða félaginu frá gjaldþroti, fá upp í kröfur og koma í veg fyrir uppsagnir starfsfólks.

Félagið á nú rúm 90 prósent hlutafjár í Flögu og hefur eign annarra nær þurrkast út. Ekki eru upplýsingar um það hverjir fara fyrir Flögu Holdings. Nýja Kaupþing á kauprétt að hlut í félaginu en hefur ekki nýtt hann.

Fyrir björgunaraðgerðir var ekki útlit fyrir að Flaga gæti staðið við skuldbindingar sínar þar sem stærstu hluthafar voru ófærir um að setja fé í reksturinn.

Í framhaldinu var óháð verðbréfafyrirtæki fengið til að gera virðismat á Flögu sem dró þá ályktun í ljósi stöðunnar að hlutaféð væri einskis virði.

Í kjölfarið var hlutafé Flögu lækkað verulega til að mæta uppsöfnuðu tapi. Það var 720 milljónir króna en er nú hálf milljón.



**SVEFNTÆKIN SETT SAMAN** Flaga, eitt af stærstu fyrirtækjum á sviði svefnrannsókna, er á gjörgæslu eftir hremmingar stærstu hluthafa. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Lögmannsstofan Lex sendi um áramótin hluthöfum Flögu bréf í nafni Flögu Holdings og bauð málamyndagreiðslu, eina krónu fyrir hvern hlut í samræmi við lækkun hlutafjár. Samkvæmt því fær sá sem átti milljón hluti í Flögu sjö hundruð krónur.

Starfsemi Flögu var flutt til Bandaríkjanna fyrir tæpum þremur árum og var flestu íslensku starfsfólki sagt upp. Engin starfsemi er hér í dag.

Fyrirtækið er með stærstu svefnrannsóknarfyrirtækjum í heimi.

Exista og gamla Kaupþing, viðskiptabanki Flögu, voru stærstu hluthafar félagsins. Flaga var skráð í Kauphöllina þar til í maí í fyrra. Bankinn var þjóðnýttur í bankahruninu í október síðastliðnum og hefur Exista glímt við verulega fjárhagsörðugleika upp frá því. - jab

**TÍU STÆRSTU Í FLÖGU**

| Félag | Hlutfall |
|---|---|
| Exista | 22,01% |
| Kaupþing | 19,15% |
| Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 | 11,33% |
| ResMed Inc | 6,62% |
| Eignarhaldsfélagið Stofn ehf. | 5,04% |
| Kaupþing ÍS-15 | 3,77% |
| BOP ehf. | 3,54% |
| Helmke Ingrid Margret Priess | 2,61% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 2,08% |
| Landsbankinn Luxembourg SA | 2,03% |


Skráðu þig í netklúbbinn - VITAferdir.is
VITA – ný ferðaskrifstofa á traustum grunni
Kanarí í vetur
Parque Golf
Falleg smáhýsi með einu svefnherbergi í Maspalomas.
Verð frá 79.555 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
miðað við 2 í smáhýsi m/1 svefnh. 11.–18. febrúar. Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Almennt verð er 89.555 kr.
Flug fram og til baka
Verð frá 64.710 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
Innifalið: Flug fram og til baka til Gran Canaria og flugvallarskattar. Almennt verð er 74.710 kr.
Janúar UPPSELT
4. febrúar UPPSELT
11. og 18. febrúar ÖRFÁ SÆTI LAUS
25. febrúar
4., 11., 18. og 25. mars
1. apríl
Við minnum eldri borgara á að afsláttarbréfin, 10.000 á mann, hafa verið framlengd til 1. apríl 2009.
Vildarklúbbur
Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur
Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 5.000 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.
VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444
vita


55
milljón



# Potturinn þenst út!

Nú er hann sexfaldur og stefnir í 55 milljónir.

Veldu þínar tölur fyrir kl. 18.40 á laugardag og vertu með til vinnings.

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Sérsveitin og efnahagsbrotadeildin:

## Ímynduð eða raunveruleg ógn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Merkilegur samanburður birtist í Fréttablaðinu í gær. Þar kom fram að á þremur árum hefur rekstrarkostnaður sérsveitar Ríkislögreglustjóra aukist um 45 prósent á sama tíma og útgjöld til efnahagsbrotadeildar hafa dregist saman um níu prósent.

Þessar tölur gefa skýra mynd af forgangsröðun stjórnvalda undanfarin ár: Sá hluti löggregluliðs landsins, sem getur borið vopn, hefur verið stórefldur en minni áhugi hefur verið á því að styrkja undirstöður rannsókna á mögulegum afbrotum í viðskiptalífinu.

Þetta lítur óneitanlega undarlega út. Ísland er friðsamt land og nánast óþekkt að glæpamenn beiti skotvopnum. Byssur koma yfirleitt ekki við sögu nema þegar einhver sveiflar haglabyssu á fylleríi, eða skrítin mál koma upp, eins og þegar unglingspiltur stal skammbyssu föður síns í síðustu viku og skaut einu skoti að kvöldi til í vegg leikskóla hverfisins.

Engin ástæða er til að gera lítið úr þeirri hættu sem getur skapast við slíkar uppákomur. Það þarf hins vegar örugglega ekki fjölmennt lið af þrautþjálfuðum og þungvopnuðum sérsveitarmönnum til að takast á við þær. Slík sveit er engu að síður orðin til hjá Ríkislögreglustjóra.

Á hinum endanum, þar sem atvinnutól lögreglumanna eru ekki skammbyssur og táragas heldur Excel og reiknivélar, hefur verið dregið úr fjárveitingum. Sú staðreynd skýtur auðvitað mjög skökku við því á sama tíma hefur íslenskt viðskiptalíf þanist út og orðið margfalt flóknara en þegar nokkrir ríkir heildsalar stjórnuðu því að miklu leyti.

Það er tiltölulega auðveldur leikur að gagnrýna stjórnvöld fyrir þessar áherslur. En þó ekki fyllilega sanngjarnt, því í málefnum sérsveitarinnar er frammistaða stjórnvalda jafn rökrétt og góð og hún er órökrétt og metnaðarlaus gagnvart efnahagsbrotadeildinni.

Á sínum tíma var það ákvörðun Alþingis að efla sérsveitina. Þegar sú ákvörðun var tekin var ófriðlegra um að litast en um langa hríð í okkar heimsálfu og nýjar hættur við sjóndeildarhringinn. Að auki hafði Ísland skömmu áður hafið fulla þátttöku í Schengen-samstarfinu, og sá þar með um eftirlit við ytri landamæri Evrópusambandsins. Heimsmyndin var sem sagt allbreytt frá því sem hún var nokkrum árum fyrr.

Nú má deila lengi um hvort Íslandi stafi raunveruleg ógn af til dæmis hryðjuverkaárás eða að hér komi fram vopnuð gengi glæpamanna. Væntanlega geta þó flestir verið sammála um að ekki er hægt að útiloka þá hættu með öllu. Og það þýðir að stjórnvöldum ber skylda til að hafa hér vel búið og þjálfað lögreglulið ef slíkar aðstæður kæmu upp.

Við höfum lært af biturri reynslu að ekki borgar sig að loka augunum fyrir mögulegum hættum. Allir sem þekktu til fjármálalífs landsins vissu að möguleikinn á algjöru kerfishruni var til staðar. Hann þótti hins vegar svo hverfandi agnarsmár að stjórnvöld og bankastofnanir kusu að láta eins og hann væri ekki til. Það var dýrkeypt sjálfsblekking.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kall tímans

Þeir sem ætla sér frama í pólitík þurfa nauðsynlega að hafa gott vald á skáldlegu líkingamáli og skrauthverfingum hvers konar. Sæunn Stefánsdóttir, ritari Framsóknarflokksins, á framtíðina fyrir sér að þessu leyti. Í samtali við Vísi í gær ræddi hún um spennuna innan Framsóknarflokksins og segir hana ekki þurfa að koma á óvart. „Við eigum kost á því að vera fyrsti flokkurinn til að svara kalli tímans um endurnýjun og endurmat," segir Sæunn. Að svara kalli tímans um endurnýjun og endurmat. Sem stundum er kallað að hafa gengið sér til húðar.



### 32=45,7

Mögulega var brotið blað í sögu lesendagreina í gær þegar 32 hagfræðingar tóku sig til og skrifuðu saman grein í Morgunblaðið í gær undir yfirskriftinni: „Einhliða upptaka evru er engin töfralausn." Sjálfsagt er ekki hlaupið að því fyrir jafnstóran hóp að rita svo knappa grein. Meginmál textans og ítarefni eru alls 1.521 orð. Ef gert er ráð fyrir að hver og einn hafi lagt jafn mikið í púkkið gera það um 45,7 orð á hagfræðing.



### Töfralausnir

Þegar fræðimenn ræða um töfralausnir ættu þeir ef til vill að rifja upp og hafa í huga þrjár forspárreglur sem vísindamaðurinn og rithöfundurinn Arthur C. Clarke setti eitt sinn fram. **1.** Þegar virtur, aldinn vísindamaður heldur því fram að eitthvað sé mögulegt hefur hann ábyggilega rétt fyrir sér. Þegar hann heldur því fram að eitthvað sé ómögulegt hefur hann mjög líklega rangt fyrir sér. **2.** Eina leiðin til að komast að takmörkunum hins mögulega er að sveigja af leið og stefna á hið ómögulega. **3.** Nægjanlega framþróaða tækni er ekki hægt að greina frá töfrum.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Sáttin er brostin



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Breyttar forsendur

Til eru tvær leiðir til áhrifa í þjóðmálum. Jón forseti fór fyrst aðra, síðan báðar í senn, með misjöfnum árangri. Önnur leiðin er að taka sér stöðu utan virkisveggjanna og reyna með þrotlausu nuddi að þoka málum áleiðis með því að skrifa greinar í blöð heima fyrir og stundum einnig erlendis. Hin leiðin er að hella sér út í pólitík. Óvíst virðist, hvor leiðin er yfirleitt vænlegri til árangurs til langs tíma litið, velji menn aðra hvora. Jafnvel góðir stjórnmálamenn gera oft ekki annað en að framkvæma þær hugmyndir, sem fyrir þá eru lagðar, iðulega útþynntar með málamiðlunum og of seint. Sjaldgæft er, að stjórnmálamenn eigi sjálfir hugmyndirnar, sem þeir leiða í lög eða framkvæma, en þess eru þó ýmis eftirminnileg dæmi svo sem hugsjónin um friðsamleg mótmæli, sem Mahatma Gandí leiddi um sína daga til fullnaðarsigurs gegn yfirráðum Breta á Indlandi. Það var blaðamaðurinn og fræðimaðurinn Jón Sigurðsson, ekki stjórnmálamaðurinn, sem á sinni tíð tryggði Íslandi frjálsa verzlun við útlönd. Það tók hann tólf ár, frá 1843, þegar hann byrjaði að skrifa um málið, til 1855, þegar skipan verzlunarinnar var breytt. Það þurfti með líku lagi þrotlaust nudd (Jón forseti notaði orðið nudd um eigin málflutning) um langt árabil til að fá Sjálfstæðisflokkinn til að ljá máls á inngöngu Íslands í Evrópusambandið, og flokkurinn notaði umþóttunartímann til að keyra Ísland í kaf, og trúlega einnig sjálfan sig. Það tók sama flokk heilan mannsaldur að leiða veiðigjald í lög og þá svo þunna blöndu, að hún hefur í rauninni engu breytt.

### Hingað og ekki lengra

Við, sem höfum látið okkur duga að skrifa greinar í blöð heima fyrir og stundum einnig erlendis, höfum flest fylgt einni reglu út í æsar. Þótt við segjum stjórnvöldum góðfúslega til syndanna hér heima og reynum að draga sem fæst undan, hegðum við okkur jafnan gagnvart útlendingum eins og erindrekar Íslands og drögum þá ýmislegt undan, svo að hvergi falli blettur á Ísland. Við erum fjölskylda. Þótt okkur hafi mörgum lengi þótt, að hér standi varla steinn yfir steini hvorki á vettvangi stjórnmálanna né í réttarkerfinu, sem er skilgetið afkvæmi stjórnmálastéttarinnar, höfum við aldrei tekið svo djúpt í árinni, þegar við tölum við útlendinga. Við höfum í reyndinni hegðað okkur út á við eins og meðvirkir makar í hjónabandi við drykkjusjúkling. Eins og margir vita, reynast drykkjusjúklingar sjaldan verðir slíkrar þolinmæði, nema þeir taki sig á, og þar að kemur, að makarnir segja: hingað og ekki lengra. Við, sem fjöllum um Ísland í ræðu og riti erlendis og ekki aðeins hér heima, þurfum nú að gera upp við okkur, hvort rétt sé og forsvaranlegt að halda tryggð við gömlu regluna, úr því að stjórnvöld sýna enn sem komið er engin áþreifanleg merki um iðrun, skilning eða yfirbót. Er þá ekki kominn tími til að söðla um? – og segja útlendingum refjalausan sannleikann um það, sem hér hefur verið og er enn að gerast? Hvað finnst þér? Spurningin varðar samvizku hvers og eins, heiður Íslands, líf og sóma.

### Engin undanbrögð

Þegar allt virtist leika í lyndi, höfðu útlendingar engan sérstakan áhuga á íslenzkum innanlandsmálum. Nú er staðan gerbreytt. Neyðin steypist nú grimm og köld yfir íslenzk heimili og fyrirtæki, sem fæst sleppa undan krumlunni. Tugþúsundir erlendra sparifjáreigenda hafa tapað geipifé á viðskiptum við íslenzka banka. Minningin um óðaverðbólgu áranna milli stríða lifir enn í þýzkum fjölskyldum, svo að Þjóðverjar hafa megna óbeit á fjármálaóreiðu. Þeir hefðu vísast við eðlilegar aðstæður lagt kapp á að tryggja Íslandi aðgang að Evrópusambandinu við vildarkjörum, en nú er velvild þeirra í uppnámi. Fórnarlömb bankanna utan lands og innan vilja nú fá að vita, hvernig allt var í pottinn búið. Þau vilja fá að vita, hvers vegna stjórnvöld leyfðu bönkunum að vaxa landinu yfir höfuð á örfáum árum og skilja eftir sig sviðna jörð. Þau vilja fá að vita, hvers vegna ríkisstjórnin hefur ekki enn fengizt til að fela útlendingum rannsókn bankahrunsins. Þau vilja vita, hvort skilanefndir bankanna hafa selt eignir út úr bönkunum á gráu svæði milli greiðslustöðvunar og gjaldþrots. Þau vilja fá að vita, hvort þrálátur orðrómur um, að bankarnir hafi einn eða fleiri stundað fjárböðun fyrir rússneska auðkýfinga, á við rök að styðjast. Það yrði varla til að auka hróður Íslands í útlöndum, ef íslenzkir blaðamenn héldu áfram að leiða málið hjá sér og létu erlendum blaðamönnum einum eftir að draga fram sannleikann. Eitt er víst: erlendir blaðamenn munu halda áfram að fletta ofan af bankahruninu, aðdraganda þess og úrvinnslu, að kröfu erlendra lesenda. Íslendingar mega ekki láta sitt eftir liggja, hvorki blaðamenn né aðrir. Ærinn er samt sæmdarmissirinn.

# Hverju einustu krónu til baka

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson skrifar um ábyrgð auðmanna



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Auðmenn Íslands sem gert hafa þjóðina nánast gjaldþrota eru sjálfir ekki á flæðiskeri staddir. Það virðist alla vega eiga við um þá marga. Reglulega berast fréttir af stórfelldu braski þeirra, myndir af eignum bæði hér á landi og erlendis. Þetta er okkur sagt á sama tíma og verið er að hlaða skuldaklyfjunum upp á bakið á skattgreiðendum næstu ár og jafnvel áratugi vegna Icesave-lána Landsbankans.

Ekki er lengra síðan en í apríl síðastliðnum að Björgólfur Thor Björgólfsson var sagður í hópi þrjátíu ríkustu manna á Bretlandseyjum. Þótt hann hafi eins og aðrir misst hlut sinn í Landsbankanum þegar bankinn hrundi þarf ekkert að efast um að eignir hans og annarra auðmanna eru enn gríðarlegar. En enginn veit hverjar raunverulegar eignir þessara manna eru. Enginn nema innvígðir fá heldur að vita hvað komið hefur út úr rannsóknarskýrslum endurskoðunarfyrirtækja á aðdraganda bankahrunsins um hvort lög hafi verið brotin.

Framkvæmdastjóri Fjármálaeftirlitsins segir að almenningur fái hugsanlega útdrátt úr skýrslunum þegar „fagmenn" hafa farið yfir þær. Það er að segja: kannski. Stundum er engu líkara en valdamenn þessa lands séu að hvetja til uppreisnar í landinu. Almenningur sem á að borga brúsann fær kannski – kannski! – að vita hvað það er sem honum verður gert að greiða fyrir.

Krafan er allt upp á borðið, allar upplýsingar opinberaðar, allar eignir þeirra auðmanna, sem ábyrgir eru fyrir hruninu, verði fundnar og séð til þess að hver einasta króna í þeirra fórum verði látin ganga upp í skuldir áður en þjóðin verður látin blæða. Er til of mikils mælst?

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÁFRAM FRÁBÆR TILBOÐ 2009



omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐINNRÉTTINGAR

WLU 06A
Stærð: 120x49 sm
Hvítt háglans og eik

Verð stgr. kr. 74.900



WLU 147
Stærð: 86x48 sm
Hvítt háglans

Verð stgr. kr. 63.900

Innifalið:
Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur/Hár-skápur

til afgreiðslu af lager

EOOO479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

# HEILIR STURTUKLEFAR

Verð frá kr. 119.900,-

80x80 og 90x90 sm
Hert öryggisgler allan hringinn










Rúnað




Kantað

# STURTUHORN

Verð frá kr. 39.900,-

KANTAÐ: 80x80, 90x90   RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332   i-t@i-t.is

# Þunglyndislyf og efnaójafnvægi

**UMRÆÐAN**
Steindór J. Erlingsson skrifar um geðheilbrigðismál


STEINDÓR J. ERLINGSSON

Árið 2007 nam lyfjakostnaður hins opinbera 7.055 milljónum króna og var hlutur þunglyndislyfja mestur. Í ljósi þess að þjóðin neytir mikils magns slíkra lyfja, meira en nokkur önnur Norðurlandaþjóð, er mikilvægt að upplýsingarnar sem almenningur hefur aðgang að séu réttar. Algengustu þunglyndislyfin eru sk. SSRI-lyf. Í bæklingi GlaxoSmithKlein um þunglyndi, sem liggur m.a. frammi á heilsugæslustöðvum, segir að lyfjagjöf sé „eitt mikilvægasta og langvirkasta meðhöndlunarúrræðið sem til er við þunglyndi“ og að henni sé „ætlað að koma aftur á serótóninjafnvægi í heilanum“. Í bæklingnum segir enn fremur að sálfræðileg samtalsmeðferð hafi „lítil áhrif á þá röskun í efnajafnvægi heilans sem orsakar sjúkdóminn“. Lítum nánar á þetta meinta efnaójafnvægi og lyfin sem eiga að lækna það.

Tilgátan um að serótónínójafnvægi sé orsök þunglyndis er umdeild. Þegar yfirmaður geðlyfjaráðgjafarnefndar bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitsins var inntur álits á mjög gagnrýnni grein um efnaójafnvægistilgátuna, sem birtist árið 2005 í PLoS Medicine, sagði hann tilgátuna „gagnlega myndlíkingu“. Hann lagði hana hins vegar ekki á borð fyrir sjúklinga sína. Til marks um þetta bannaði írska lyfjaeftirlitið GlaxoSmithKlein að staðhæfa í upplýsingaseðli, sem fylgir þunglyndislyfinu Seroxat þar í landi, að verkun þess komi jafnvægi á serótónínmagn í heila einstaklingsins. Þetta kemur fram í frétt Irish Times frá 10. maí 2003, og er ástæða þessa sögð sú að tengslin milli þunglyndis og magns serótóníns séu ósönnuð.

Með þetta í huga er athyglisvert að skoða hvað segir um efnaójafnvægistilgátuna í upplýsingaseðlinum sem fylgir Seroxat hér á landi: „Í heilanum er efni sem nefnist serótónín. Hjá fólki sem er þunglynt eða kvíðið er minna serótónín en hjá öðrum. Ekki er að fullu ljóst hvernig Seroxat og önnur lyf í sama flokki [þ.e. SSRI-lyf] verka en það getur verið að þau hjálpi með því að auka magn serótóníns í heilanum.“

Þessi efasemd framleiðanda Seroxats um virkni lyfsins fékk byr undir báða vængi í grein sem birtist í Canadian Medical Association Journal í janúar í fyrra, þar sem bornar eru saman mismunandi birtar og óbirtar samanburðarrannsóknir á áhrifum Seroxats og lyfleysu á einstaklinga með þunglyndi. Í ljós kom að andþunglyndisáhrif Seroxats voru einungis lítið betri en lyfleysunnar: „Þetta þýðir að læknar verða að gefa 100 sjúklingum [Seroxat] til þess að sjá jákvæð áhrif hjá 11 [sjúklingum]. Þolvandamál varpa skugga á þessu vægu áhrif, sem sést á sjúklingum sem hættu í rannsóknunum vegna mikilla aukaverkana og sjúklinga sem tilkynntu um miklar aukaverkanir.“

Í upphafi síðasta árs birtist umdeild rannsókn í PLoS Medicine þar sem fram kom m.a. að virkni sumra annarra SSRI-þunglyndislyfja virðist lítið betri en lyfleysu, sem er í samræmi við eldri rannsóknir. Um þessa rannsókn sagði geðlæknir á Landspítalanum í Morgunblaðinu 28. febrúar 2008: „Þetta er áhugavert innlegg sem þarf að skoða betur og í samhengi við gögn sem liggja fyrir og eru mikil að vöxtum og hafa sýnt greinilega meiri árangur af meðferð þunglyndislyfja en þarna er verið að gefa til kynna.“ En af hverju stangast þessar rannsóknir á við fyrirliggjandi upplýsingar?

Ein ástæða þessa er að neikvæðum rannsóknaniðurstöðum er gjarnan stungið undir stól eða birtar sem „jákvæðar“ niðurstöður, sem leiðir til jákvæðari myndar af virkni sumra lyfja en tilefni er til. Þetta hafa rannsóknir staðfest. Í janúar á síðasta ári birtist t.a.m. rannsókn í New England Journal of Medicine þar sem fram kom að af 38 jákvæðum niðurstöðum á þunglyndislyfjum voru allar nema ein birtar. Af 36 neikvæðum niðurstöðum voru einungis 3 birtar sem slíkar, 11 voru birtar þannig að skilja mátti niðurstöðurnar sem „jákvæðar“ og 22 birtust aldrei. Segja greinarhöfundar slíkan feluleik „hafa alvarlegar afleiðingar fyrir rannsakendur, þá sem taka þátt í rannsóknunum, geðheilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga“.

Það virðist því minni innistæða fyrir efnaójafnvægitilgátunni og lyfjunum sem eiga að laga ójafnvægið en þunglyndisbæklingur GlaxoSmithKlein gefur til kynna. Til að bæta gráu ofan á svart er ýjað að því við lesandann að sálfræðimeðferð sé gagnslítil í baráttunni við þunglyndi, sem er á skjön við endurteknar rannsóknarniðurstöður. Í ljósi þeirra miklu fjármuna sem Íslendingar verja árlega til kaupa á þunglyndislyfjum tel ég það lágmarkskröfu að bæklingur GlaxoSmithKlein sé tekinn úr umferð vegna þeirra villandi upplýsinga sem hann inniheldur. Einnig skora ég á stjórnvöld að hlúa vel að öðrum meðferðarúrræðum fyrir þunglynda einstaklinga.

*Höfundur er vísindasagnfræðingur.*

# Mistök við lagasetningu?

**UMRÆÐAN**
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um gjaldeyrislög


VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

Margt bendir til þess að Alþingi hafi gengið of langt í framsali á löggjafarvaldi þegar lögum um gjaldeyrismál var breytt í lok nóvember 2008. Að auki er misræmi milli gildandi tollalaga og reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál. Misræmið er í því fólgið að tollalög heimila fólki að fara með jafnvirði allt að 15.000 evrur úr landi í erlendum gjaldmiðli, en í reglum Seðlabanka Íslands er þessi fjárhæð takmörkuð við 500.000 krónur, u.þ.b. 2.940 evrur. Þar sem tollalög eru sett af Alþingi verða reglur Seðlabanka Íslands að víkja.

## Framsal á löggjafarvaldi

Í 69. gr. stjórnarskrár segir að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi, en með lögum í stjórnarskrárákvæðinu er átt við sett lög frá Alþingi. Alþingi samþykkti nýverið breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Í lögunum er ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér framsal á löggjafarvaldi frá Alþingi til Seðlabanka Íslands. Með valdframsalinu eru Seðlabanka Íslands fengnar víðtækar heimildir til að ákveða með reglusetningu hvaða háttsemi er refsiverð og hver ekki. Þessa heimild hefur Seðlabanki Íslands nýtt sér og gefið út reglur nr. 1130/2008 um gjaldeyrismál.

Í 11. gr. reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál segir: Óheimilt er að flytja út gjaldeyri í reiðufé umfram jafnvirði 500.000 kr. hjá hverjum aðila í hverjum almanaksmánuði. Í 13. gr. reglnanna segir síðan að brot gegn reglunum varði allt tveggja ára fangelsi samkvæmt lögum um gjaldeyrismál. Hér er um ræða víðtækt valdframsal frá Alþingi til Seðlabanka Íslands til að ákveða refsinæmi háttsemi og fer nærri að löggjafinn hafi gengið of langt í framsali á löggjafarvaldi þannig að í bága fari við 69. gr. stjórnarskrár.

## Ónýt refsiheimild

Í 2.mgr. 27. gr. tollalaga segir: Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum eða fara frá landinu til útlanda, skulu ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sem þeir hafa meðferðis í reiðufé.

Í 1. mgr. 162. gr. tollalaga segir síðan: Hafi ferðamaður eða farmaður meðferðis hærri fjárhæð í reiðufé en sem nemur 15.000 evrum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, meðferðis við komu til landsins eða brottför frá landinu er handhöfum tollgæsluvalds heimilt að leggja hald á fjármunina ef grunur leikur á um að þeir verði notaðir við framkvæmd brots gegn refsiákvæðum almennra hegningarlaga.

Í tollalögum er ekki lögð refsing við því að brjóta gegn 2. mgr. 27. gr. laganna, en tollgæslan getur lagt hald á fjármuni ef grunur leikur á að þeir verði notaðir til að brjóta almenn hegningarlög. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. tollalaga þarf því ekki að gera grein fyrir fjármunum að jafnvirði 15.000 evra eða minna við brottför eða komu til landsins. Af því leiðir að flutningur á þeirri fjárhæð yfir landamæri Íslands er refsilaus samkvæmt ákvæðum tollalaga. Heimildin til að flytja allt að 15.000 evrur, eða u. þ.b. 2.550.000 íslenskar krónur (gengi 170) í erlendum gjaldeyri til og frá landinu í reiðufé er því í settum lögum frá Alþingi. Í 11. gr. reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál er hámarkið sem hver aðili má flytja úr landi af erlendum gjaldeyri í reiðufé 500.000 íslenskar krónur eða u.þ.b. 2.940 evrur (gengi 170).

*Af almennum lögskýringarreglum er ljóst að reglur Seðlabanka Íslands verða að þoka gagnvart settum lögum frá Alþingi og því verður ekki refsað fyrir útflutning á gjaldeyri að jafnvirði allt að 15.000 evra, u.þ.b. 2.550.000 kr., á grundvelli reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál. Reglurnar eru því ónýt refsiheimild.*

Síðla árs, eftir breytingu Alþingis á lögum um gjaldeyrismál og útgáfu reglna Seðlabanka Íslands, haldlagði tollgæslan háa fjárhæð í erlendum gjaldeyri hjá ferðamanni sem var á leið úr landi. Fjárhæðin var langt yfir þeim mörkum sem tiltekin er í tollalögum og þ.a.l. margfalt hærri en sú fjárhæð sem tilgreind er í reglum Seðlabanka Íslands. Svo virðist sem tollgæslunni hafi á þessum tímapunkti ekki verið kunnugt um breytingar á lögum um gjaldeyrismál því fjárhæðin sem var haldlögð tók mið af tollalögum en ekki lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Hér vegast því á sett lög frá Alþingi og reglur Seðlabanka Íslands. Af almennum lögskýringarreglum er ljóst að reglur Seðlabanka Íslands verða að þoka gagnvart settum lögum frá Alþingi og því verður ekki refsað fyrir útflutning á gjaldeyri að jafnvirði allt að 15.000 evra, u. þ.b. 2.550.000 kr., á grundvelli reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál. Reglurnar eru því ónýt refsiheimild.

## Misræmi í lögum

Það misræmi sem er á milli tollalaga og reglna Seðlabanka Íslands er ótækt í réttarríki. Hér skal tekið dæmi. Erlendur ferðamaður millilendir á Íslandi og stoppar í einn dag. Hann hefur meðferðis 15.000 evrur í reiðufé eins og honum er heimilt samkvæmt tollalögum. Samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands er honum hins vegar aðeins heimilt að fara með jafnvirði 500.000 krónur., u.þ.b. 2.940 evrur, úr landi í erlendum gjaldeyri. Erlendi ferðamaðurinn á tvo kosti. Annars vegar getur hann eytt 12.060 evrum, u.þ.b. 2.050.000 krónum, á einum degi. Hins vegar getur hann flutt fjármunina með sér úr landi á nýjan leik og gerst þannig sekur um refsiverða háttsemi sem allt að tveggja ára fangelsi liggur við samkvæmt lögum um gjaldeyrismál. Þessu misræmi þarf að eyða.

## Rannsókn brota

Í 15. gr. laga um gjaldeyrismál segir að vakni grunur um brot á lögunum eða reglum settum á grundvelli þeirra skuli Seðlabanki Íslands tilkynna Fjármálaeftirlitinu um brotið. Í 16. gr. b. laga um gjaldeyrismál segir síðan að brot á lögunum eða reglum settum á grundvelli þeirra sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru frá Fjármálaeftirlitinu til lögreglu. Í 17. gr. laga um gjaldeyrismál segir síðan að Fjármálaeftirlitið rannsaki þau mál sem Seðlabanki Íslands tilkynni til eftirlitsins.

Í 52. gr. laga um meðferð sakamála segir: Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki.

Af tilvitnuðum ákvæðum laga um gjaldeyrismál er ljóst að með lagabreytingunni, 28. nóvember sl., hefur Alþingi tekið af skarið, hvað sem líður 52. gr. laga um meðferð sakamála, að rannsókn vegna brota á lögum um gjaldeyrismál sé hjá Fjármálaeftirlitinu og brot gegn lögunum og reglum settum á grundvelli þeirri sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Fyrir lagabreytinguna virðist sem rannsókn vegna brota á lögum um gjaldeyrismál hafi verið hjá lögreglu á grundvelli almennra reglna í þágildandi lögum um meðferð opinberra mála. Vilji löggjafans til þess að færa rannsókn mála vegna brota á lögum um gjaldeyrismál frá lögreglu til Fjármálaeftirlitsins er því skýr.

Hér er á ferðinni athyglisverð undantekning frá þeirri meginreglu að sérhvert refsivert brot skuli sæta rannsókn lögreglu enda verður að telja að ákvæði 16. gr. b og 17. gr. laga um gjaldeyrismál gangi framar ákvæði 52. gr. laga um meðferð sakamála, á grundvelli þeirra almennu lögskýringarreglna, að sérlög gangi framar almennum lögum og yngri lög gangi framar eldri lögum. Lögreglan getur því ekki að eigin frumkvæði rannsakað augljós brot á lögum um gjaldeyrismál á landamærum Íslands þar sem lögregluna skortir heimild til að rannsaka brot á lögunum.

## Refsing

Af öllu framansögðu virðist mega ráða, að Alþingi hafi við breytingu á lögum um gjaldeyrismál, ekki ætlað lögunum að ná til þeirrar háttsemi fólks, að yfirgefa Ísland með erlendan gjaldeyri í reiðufé yfir því hámarki sem lög og reglur heimila enda hlýtur löggjafanum að hafa verið ljóst að Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu væri ómögulegt að sinna lögboðnu rannsóknar- og eftirlitshlutverki samkvæmt lögunum á landamærum Íslands. Ef vilji Alþingis hefði staðið til þess að lög um gjaldeyrismál giltu um framangreinda háttsemi hefði löggjafinn fengið lögreglu- og tollyfirvöldum nauðsynlegar valdheimildir í hendur til þess að halda uppi eftirliti og rannsaka brot á lögum um gjaldeyrismál á landamærum Íslands. Það er því verulegum vafa undirorpið að manni sem flytur með sér erlendan gjaldeyri yfir leyfilegu hámarki frá Íslandi verði yfirhöfuð gerð refsing á grundvelli laga og reglna um gjaldeyrismál. Þar sem engar refsiheimildir eru í tolllögum eða öðrum lögum verður ekki betur séð en að framangreind háttsemi sé refsilaus hver svo sem fjárhæðin er.

*Höfundur er lögmaður.*


BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

**Kvöldskóli BHS**
Borgarholtsskóli býður kvöldskólanám í málm- og véltæknigreinum.

**Eftirtaldar greinar verða í boði:**
**Málmsuða:** HSU, LSU, RLS og RSU
**Málmsmíðar:** HVM, PLV, VVR og REN
**Teikningar:** GRT, CAD, TTÖ og ITM
**Véltækni:** AVV og VÖK



Kennt er virka daga frá 18:10 til 22:30 og laugardaga frá 8:10 til13:50
**Innritun verður 8. og 9. janúar kl. 17 – 19,10. janúar kl. 11 – 14**
**Kennsla hefst 12. janúar**

Nánari upplýsingar eru á www.bhs.is og í síma 5351700



**HLÁTUR** lengir lífið og telja sumir að hann megi nota til að vinna úr hvers kyns vandamálum og hugarvíli. Goodheart hlátur-markþjálfun verður kennd hjá Símey, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar þann 13. janúar. www.simey.is




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Patti húsgögn

ÚTSALA

VALDAR VÖRUR Á ALLT AÐ 80% AFSLÆTTI





Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16




Kápuna góðu fékk Dísella í jólagjöf frá eiginmanni sínum um þarsíðustu jól. Kápan yljar vel á Íslandi en Dísella syngur á Vínartónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fékk kápuna í jólagjöf

**Dísella Lárusdóttir heldur mikið upp á kápu sem hún fékk í jólagjöf frá eiginmanninum um þarsíðustu jól. Kápan er merkt Calvin Klein en þó segist Dísella lítið spá í föt og merki heldur skipti þægilegheit mestu.**

„Kápan er rosalega flott og er meira að segja Calvin Klein,“ segir Dísella Lárusdóttir söngkona og hlær. „Hún er mjög hlý og fín. Ég fékk kápuna um þarsíðustu jól frá eiginmanninum en hann vissi að ég væri að leita mér að kápu og valdi hana handa mér.“

Dísella segir þó að sinn fatastíll sé annars mjög einfaldur og að hún spái ekki mikið í föt. „Ég fer í þægileg föt og er mikil gallabuxnatýpa, fer bara í gallabuxur og út með hundana. Auðvitað er þó gaman að klæða sig upp öðru hverju en þá er það bara eitthvað sem mér þykir flott en ekki það sem er dýrast eða í tísku,“ segir hún einlæg og bætir við kímin að kannski sé hún ekki rétta manneskjan í svona tískuumfjöllun. „Ég eltist ekki við tískustrauma og yfirleitt man ég ekki hvar ég kaupi fötin.“

Starfi Dísellu fylgja þó glæsikjólar og fallegur fatnaður og viðurkennir hún að hugsa þurfi fyrir slíku. „Ég verð að leggja svolítið í það að líta faglega út. Þegar ég syng á tónleikum þá þarf ég að vera í fallegum kjólum og vel til höfð. Hins vegar man ég ekkert endilega hvar ég fékk kjólana. Þegar ég sé þann rétta þá bara gríp ég hann.“

Þessa dagana er Dísella meðal annars að syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands. „Þetta er náttúrulega algjör draumur. Þetta er mín hljómsveit, sú besta í heimi! Pabbi minn og afi voru í hljómsveitinni og ég þekki flesta sem þar eru þannig að þetta er dásamlegt,“ segir hún hrifin en Dísella syngur á Vínartónleikum sinfóníuhljómsveitarinnar og voru þeir fyrstu haldnir í gærkvöldi. „Þetta eru fernir tónleikar og hafa um árabil verið meðal vinsælustu tónleika hljómsveitarinnar. Þetta er mjög auðmelt klassísk tónlist og hentar flestum.“

Dísella heldur síðan til Bandaríkjanna og syngur á tónleikum í New Jersey í lok janúar. „Þar tek ég þátt í Gliere Concerto sem er rússneskur konsert eftir Reinhardt Gliere sem var uppi á rómantíska tímanum. Þetta er konsert fyrir kóloratúra sópran og sinfóníuhljómsveit. Ofboðslega falleg tónlist sem ég er spennt yfir að fá að syngja.“

*hrefna@frettabladid.is*




Aukin ökuréttindi - Meirapróf

Nýtt námskeið byrjar 14. janúar

Lærið þar sem þekking og reynsla er í fyrirrúmi. Yfir 40 ár í fagmennsku.

B-réttindi:

- Námskeið alla virka daga kl. 18–22
- Dagnámskeið kl. 16–18
- Helgarnámskeið
- B-réttindi á pólsku, ensku og tælensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Námskeið til B-réttinda fyrir þá sem þurfa að læra á sínum hraða í samvinnu við Fjölmennt

Önnur námskeið:

- Aukin ökuréttindi (meirapróf)
- Vistakstur
- Bifhjólanámskeið
- Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Vegagerðina
- Flutningur hættulegra efna ADR

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Vistakstur

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10–17 alla daga.

www.bilprof.is

vísir.is

„...ég sá það á vísi"



**FYRIRSÆTAN** Jerry Hall hefur selt kvikmyndaréttinn að óútgefnum endurminningum sínum þar sem samband hennar við fyrrum eiginmann hennar, söngvarann Mick Jagger, er til umfjöllunar. Bæði bókar og myndar er beðið með eftirvæntingu og spáð vinsældum.








Coast, Smáralind, 6.900 krónur.



Frá Coast, Smáralind á 7.990 krónur.

# Punt sem tekið er eftir

**Með veglegum fylgihlutum má hressa verulega upp á fatalagerinn og breyta látlausri flík í eitthvað nýtt.**



Spútnik, Kringlunni, 4.500 krónur.

Nú eiga skartgripir að vera stórir og áberandi sem kemur sér vel ef sparidressin eru af skornum skammti.

Með veglegu hálsmeni má nefnilega breyta látlausum kjól eða bol í nýtt og spennandi dress. Silfrað punt lífgar upp á svartan kjól og fallegir litir hafa mikið að segja.

Yfir myrkustu vetrarmánuðina er um að gera að ganga skrefinu lengra í punti og prjáli því sjaldan er jafn rík ástæða til að hressa sig við og skarta sínu fegursta.

*vera@frettabladid.is*



Coast, Smáralind, á 10.900 krónur.



Armband. Fáanlegt í Spútnik Kringlunni á 2.100 krónur.





Útsalan er hafin

30-50% afsláttur

Meðan útsalan er verður einnig 20% afsláttur af; undirfatnaði, sundfatnaði, slæðum og skarti.

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is







VÍSIR.IS

LANGVIRKASTI FRÉTTAMIÐILL LANDSINS

Vísir er langvirkasti vef-fréttamiðill landsins og flytur landsmönnum 35% fleiri fréttir en mbl.is

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina fyrir þig. Hraði frétta og upplýsinga skiptir höfuðmáli í nútíma samfélagi !

vísir.is
...ég sá það á visir.is

*Skv. vefmælingu Creditinfo Ísland 16-30.september 2008



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Perlur og skraut koma mörgum í þraut

Í gær hófust vetrarútsölur opinberlega hér í París. Reyndar hafa verslanir og tískuhús verið meira og minna með tilboð og útsölur mánuðum saman svo það má kannski segja að útsölur séu löngu byrjaðar. Nú ætla kaupmenn og tískuhönnuðir að reyna að bjarga annars einstaklega slæmri árstíð sem er að ljúka en ekki eru allir bjartsýnir á að viðskiptavinir tæmi hillur og hengi búðanna. Það má til dæmis sjá á því að í fyrsta skiptið í manna minnum verða stórverslanir eins og Printemps og Galeries Lafayette lokaðar fyrsta sunnudag í útsölu.

En það eru ekki bara óveðursský yfir útsölum. Síðan í haust eru teikn á lofti í lúxusgeiranum. Samkvæmt dagblaðinu Le Monde er í fyrsta skipti í tíu ár búist við samdrætti á árinu 2009 og það þrátt fyrir að sagt sé að á krepputímum gangi flottasti lúxusvarningurinn ágætlega út. Alltaf eru einhverjir sem ekki finna fyrir kreppunni en þar er kannski fyrst og fremst átt við þá auðugustu. Fyrirtæki eins og Hermès er undantekning og stendur af sér hvaða ólgusjó sem er.

Níu prósenta vöxtur var árið 2007 í lúxusiðnaðinum, þriggja prósenta á síðasta ári en spáð er tveggja prósenta niðursveiflu á nýju ári. Einhver myndi kannski segja að það mætti þá aðeins lækka verðið því hvergi er álagningin hærri svo hneykslanlegt þykir mörgum.

Það er þó langt frá því að stóru tískuhúsin séu í hættu. Þau munu einungis sýna minni gróða og fara hægar í opnanir á nýjum verslunum og jafnvel loka sölustöðum sem ekki sýna hagnað. Reyndar er þessi spá nú þegar að koma fram. Um áramót runnu tvö hundruð samningar út án þess að vera endurnýjaðir hjá Chanel, allt var þetta lausafólk og skammtímasamningar, meðal annars sextán í hinu sögufræga fyrsta tískuhúsi Coco Chanel, rue Cambon. Louis Vuitton hefur hætt við að opna í Tókýó það sem átti að verða eitt stærsta tískuhús fyrirtækisins í heimi. Svo eru þau fyrirtæki sem eru smærri sem er hættara við að hverfi. Meira en nokkru sinni fyrr verður lúxusinn í höndum risasamsteypna.

Svo eru þeir sem ekki láta kreppuna hafa áhrif á sig eins og Stella McCartney sem opnar nú sína fyrstu búð í París en hingað til hefur aðeins verið hægt að nálgast framleiðslu hennar í stóru magasínunum og hjá Colette sem óneitanlega takmarkar framboðið. Nýja búðin er í Palais Royal-hverfinu þar sem finna má tískulínur Stellu, ilmvötn og lífrænar snyrtivörur hennar, Care.

Svo er að sjá hvort frostið í París sem hefur verið allt að fimm gráður þessa vikuna hleypi nýju lífi í sölu á vetraryfirhöfnum og ullarpeysum. Gleðilegt ár!

*bergb75@free.fr*



Sienna þykir klæða sig eftirminnilega.

## Föt Siennu á tískupall

**Twenty8Twelve tískulína Siennu Miller verður sýnd á tískuvikunni í London í næsta mánuði.**



Tískulína systranna Siennu og Savönnuh Miller verður í fyrsta sinn sýnd á tískupöllum á tískuvikunni sem hefst í London í næsta mánuði. Sienna er þekkt leikkona úr myndum á borð við Factory Girl og Layer Cake. Hún er þekkt fyrir sérstæðan fatastíl sem margar stúlkur hafa reynt að apa eftir. Það er því ekki furða að hún hafi tekið saman höndum við systur sína Savönnuh sem er lærður tískuhönnuður en þær hanna föt undir merkjunum Twenty8Twelve. Nafn línunnar má rekja til þess að Sienna á afmæli 28. desember.

Vefta
Tískuföt
ÚTSALA
Mikil verðlækkun
www.vefta.is
Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2051

MaxMara
MARINA RINALDI
ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
MaxMara
Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, sími 562 2862













Glæsilegur kvenfatnaður fyrir konur á öllum aldri.

ÚTSALAN
ER HAFIN !

BASLER
Skipholt 29b - 551 0770
basler.com

# ;NÁM

**ENSKUSKÓLINN** býður auk sérsniðinna fyrirtækjanámskeiða upp á talnámskeið fyrir hópa, einstaklingskennslu, markviss viðskiptanámskeið, almenn og viðskiptanámskeið erlendis, ráðgjöf og fleira. Allar nánari upplýsingar má finna á www.enskuskolinn.is.



Fyrstu reiknivélarnar voru talnagrindur sem oft voru búnar til úr tréramma með perlum strengdum á vír. Talnagrindur voru í notkun mörgum öldum áður en arabíska númerakerfið var tekið upp og eru enn notaðar í dag af einhverjum kaupmönnum, sjómönnum og skrifstofumönnum í Asíu, Afríku og víðar.



www.wikipedia.com














Vinsældir prjónaskapar hafa aukist síðustu mánuði og garn selst eins og heitar lummur. Nú býður Nálin upp á námskeið í vélprjóni í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Prjónavélin virkjuð

**Prjónavélar voru algeng eign húsmæðra á árum áður og nú er tíminn til að dusta af þeim rykið.**

Nú í vor mun hannyrðaverslunin Nálin bjóða upp á námskeið í vélprjóni í fyrsta sinn en Nálin hefur boðið upp á námskeið í handprjóni, hekli og útsaumi. Helga Jóna Þórunnardóttir segir boðið upp á þessa nýbreytni vegna mikils áhuga.

„Við verðum varar við mikinn áhuga núna, jafnvel meiri en í fyrra, en mikið var keypt af garni í haust. Prjónavélar leynast víða í geymslum hjá fólki og við erum þegar farnar að taka við bókunum á námskeiðin.“

Námskeiðið verður haldið dagana 24. til 25. janúar. Það er ætlað byrjendum og verða kennd grunnatriði á prjónavélina. Síðar í vor verður framhaldsnámskeið. Þátttakendur koma með eigin vélar en eins og Helga bendir á geta þær leynst í kompum víða. Í námskeiðslýsingu segir meðal annars að farið verði yfir uppáfitjar, affellingar, úrtökur og útaukningar. Hægt verður að kaupa garn á staðnum eða koma með sitt eigið. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.nalin.is. *- rat*



Helga Jóna Þórunnardóttir og Hilda Karen Garðarsdóttir í hannyrðaversluninni Nálinni verða með fjölbreytt námskeið í vor, meðal annars í vélprjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Námskeið í manngangi

**Námskeið í skák hjá Skákskóla Íslands munu hefjast seinni partinn í janúar.**

Kennd verða bæði byrjendanámskeið og námskeið fyrir lengra komna hjá Skákskóla Íslands í Faxafeni 12. Bragi Kristjánsson skákkennari segir námskeiðin sniðin fyrir börn og unglinga.

„Yngstu krakkarnir sem koma á námskeiðin eru sex ára en ef áhugi er fyrir hendi verður hægt að setja saman námskeið fyrir fullorðna líka.“ Bragi segir áhuga á skák hafa aukist fyrir um ári síðan og sú uppsveifla haldist enn.

Kennsla mun fara fram á laugardögum. Námskeiðið er tíu tímar og lýkur með skákmóti og verðlaunaafhendingu.

Áhugasamir skrái sig á netfangið siks@simnet.is eða á skrifstofu Skáksambandsins í síma 568 9141. *- rat*



Allt niður í sex ára börn læra skák í Skákskóla Íslands. MYND/INGÓLFUR ARNARSON

# heilsa og lífsstíll

FIMMTUDAGUR 8. JANÚAR 2009




NORDICPHOTOS/GETTY

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!




*Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim*

***Útsölustaðir:*** *Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.*

heilsa
–hafðu það gott

GERÐU ÞETTA ÁR AÐ ÞÍNU ÁRI

MECCA SPA
HEILSURÆKT

LEIKFIMI OG TEYGJUR
MEÐ SÓLEY



SKEMMTILEGIR OG FJÖLBREYTTIR HÓP- EÐA EINKATÍMAR Í NOTALEGU UMHVERFI.

Tímar:
- Mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 07:15 og 9:00
- Mánudögum og miðvikudögum kl. 13:20, 16:15 og 17:20
- Þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18:20

MECCA SPA - Nýbýlavegi 24 Kópavogi - Sími 511 21 11 - meccaspa.is

Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®




Aukið úthald, þrek og betri líðan

**Gott fyrir ræktina og mikið álag.**
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni. www.celsus.is

Langar þig að breyta mataræðinu til batnaðar?
*Veist þú ekki hvar þú átt að byrja?*
Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.
**Upplýsingar og skráning í síma: 899 5020 eða á eig@heima.is**



Farið verður með einföldum hætti yfir:
- Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!
- Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast!
- Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði!

Í lok fyrirlestrar fáið þið leiðbeiningar um val á heilsufæði. Innifalið í námskeiði er mappa með uppskriftum og fróðleik.

**Námskeiðið verður þriðjud. 13. janúar og svo aftur þriðjud. 20. janúar kl. 20-22. í Heilsuhúsinu Lágmúla. Verð aðeins kr. 3.500.-**

náttúrulega
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi & Akureyri



Eva Margrét ákvað að halda út hlaupin í sex vikur, þegar hún byrjaði á þriðja tug kílóa þyngri árið 2002, en það er sá tími sem tekur hlaupara að verða forfallinn fyrir hlaupaíþróttinni. Hér reimar hún á sig hlaupaskóna í blíðviðri nýársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hljóp af sér spik en í sig lífsþrótt og gleði

**Eva Margrét Einarsdóttir hefur sigrað sjálfa sig, offitupúkann og aðra í ýmsum langhlaupum, en hún fór fyrst af stað í mikilli ofþyngd fyrir sex árum.**

„Ég byrjaði að hlaupa 2002, eftir hvatningu frá vinnufélaga, en fram að því hafði ég aldrei stundað íþróttir og verið of þung frá barnæsku,“ segir Eva, sem er hugbúnaðarsérfræðingur hjá Glitni og Íslandsmeistari kvenna í Laugavegshlaupinu 2008. Eva byrjaði að hlaupa á þrítugasta aldursárinu, þá um 30 kílóum þyngri en í dag.

„Í fyrstu hugsaði ég bara um að verða grönn og fyrstu vikurnar hrundu af mér kílóin. Ég var alsæl en svo venst líkaminn álaginu og ef maður er síborðandi þyngist maður fljótt aftur. Ég skildi því fljótt að lykill að góðu líkamsformi er hóflegt borðhald í hlutfalli við hreyfingu sem reglulega breytist í álagi,“ segir Eva, sem eftir tveggja vikna skokk fór á fund hlaupahópsins Hálftímans sem hittist klukkan hálfsjö tvo morgna í viku í Laugardalslaug.

„Að hafa sig af stað var þrautin þyngri og læddist út í lítinn hring til að byrja með. Ég hafði aðeins bisað heima í stofu á Orbitrek-stigvél og náð af mér tíu kílóum, en kostur við hlaupin þótti mér tímasparnaður og það að geta stundað sportið úti,“ segir Eva sem mælir með að fólk byrji á göngu og hlaupum til skiptis, á meðan þol byggist upp.

„Það breytti öllu að fara í hlaupahóp því þar fékk ég hvatningu til að halda áfram. Í hlaupahópum er alltaf einhver tilbúinn að fara rólega með manni, því öll höfum við verið byrjendur og alveg að drepast á fyrstu metrunum. Ég hafði lesið að ef maður héldi út hlaupin í sex vikur yrði maður forfallinn, einsetti mér að halda þann tíma út og það stóð heima; ég hef ekki hætt að hlaupa síðan,“ segir Eva sem í dag hleypur samtals 50 til 90 kílómetra sex sinnum í viku.









Eva háði baráttu við aukakílóin frá unga aldri og hætti að vigta sig orðin 96 kíló. Neðst til vinstri er hún 21 árs með frænku sinni í New York. Efst til vinstri mátar hún aðra skálm gamalla stuttbuxna sinna á Lanzarote í fyrra, orðin 62 kíló. Hún klæðist sömu stuttbuxum í Noregi 1999, en hlaupamyndin er af henni nú í vikunni.

„Ég hljóp Laugaveginn, frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk, rúmu ári eftir að ég byrjaði fyrst að hlaupa, og heilt maraþon hálfu öðru ári síðar. Síðan hef ég hlaupið maraþon þrisvar og náði síðast sjötta besta árangri íslenskrar konu frá upphafi,“ segir Eva sem sá síst fyrir að eiga eftir að standa uppi sem sigurvegari þegar hún reimaði fyrst á sig hlaupaskóna. „Ég var aldrei góð í neinu og er núeins og sex ára í spenningi að keppa því ég keppti aldrei í neinu þegar ég var sex ára,“ segir Eva sem er virkur félagi í Laugaskokki.

„Það er ekki bara andleg og líkamleg líðan sem hefur gjörbreyst, því offita takmarkar mjög lífsgæði og brýtur mann niður andlega, heldur er félagslega hliðin líka kostur. Við hlaup losnar svo mikið endorfín að enginn leiðinlegur getur stundað hlaup,“ segir Eva og mælir með læknisskoðun áður en hlaup hefst fyrir þá sem bera þungar byrðar aukakílóa.

„Góðir hlutir gerast hægt, en aðalatriðið er að gera eitthvað. Í hlaupum felst mikill bruni og fita hverfur fljótt, auk þess sem manni líður dásamlega. Hlaupin verða svo fljótt að lífsstíl og stórkostleg upplifun að finna árangur, sem kemur fljótt. Sigurvegaratilfinningin fleytir manni svo áfram á flestum stöðum í lífinu.“

*- þlg*




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

# GÆÐI ALLA LEIÐ

PROMAX er háhreinsað protein fyrir alla sem vilja byggja upp og ná hámarksárangri

AF HVERJU PROTEIN ?

Nægilegt protein í fæðuvali þínu er nauðsynlegt til að viðhalda og auka vöðvavöxt sérstaklega fyrir fólk sem er í reglulegum átökum eða vill minnka fituhlutfall líkamans.
PROMAX inniheldur Biomax sem er háhreinsuð blanda mysuproteina. Biomax tryggir hámarks amminosýruflæði sem stuðlar að endurhleðslu vöðva eftir erfið átök. Ekkert eggja, mjólkur eða sojaprotein er í blöndunni þar sem það getur valdið magaþemdu hjá mörgum einstaklingum.
PROMAX inniheldur vöðvastuðningsblöndu "Nitrogain" sem er blanda NAC, Taurine, Chromium Polynicotinate og Glutamin peptides.

Vegna góðrar virkni sinnar er PROMAX orðinn leiðandi valkostur hjá þekktu íþróttafólki og fólki sem ástundar hvers konar íþróttir og hreyfingu. PROMAX er mest selda proteinblandan í Bretlandi og nú meðal viðskiptavina HREYSTI.

PROMAX blandast og bragðast vel, fæst í 6 bragðtegundum auk PROMAX natural sem ekki er bragðbætt og án viðbættra aukaefna.

Allar framleiðsluvörur MAXIMUSCLE eru framleiddar eftir ströngum gæðastöðlum og eru með ISO17025 vottun.




KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

BYRJENDANÁMSKEIÐ í TENNIS að hefjast

TENNISHÖLLIN Kópavogi

Tennishöllin Kópavogi
Dalsmára 13 I Sími 564 4030 I tennis@tennisholllin.is I tennisholllin.is

# Ívar og Arnar ná hámarki

**Próteindrykkur með súkkulaðibragði er hugarfóstur þeirra Arnars Grant og Ívars Guðmundssonar.**



Þeir Arnar og Ívar eru stoltir af næringardrykknum sem er nýfarinn í dreifingu.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Hámark er nýr próteindrykkur sem þeir Arnar Grant og Ívar Guðmundsson hafa þróað ásamt Vífilfelli. Drykkurinn, sem er með súkkulaðibragði, inniheldur 25 grömm af próteini, engan hvítan sykur og er 99 prósent fitusnauður. Hann er fyrst og fremst hugsaður sem næringardrykkur en notkun hans fer eftir þörfum hvers og eins.

Ef markmiðið er að léttast er gott að nota drykkinn stakan sem millimáltíð en ef markmiðið er að þyngjast er tilvalið að fá sér Hámark með öðrum mat. Þá er hægt að nota drykkinn á fleiri vegu. Til dæmis út á morgunkornið, í boozt með ávöxtum og klökum eða út í kaffidrykkinn.

„Við erum hrikalega stoltir af Hámarki. Við höfum það að markmiði að bæta heilsu landsmanna og þá er öflugt að íhuga mataræðið vandlega," segja þeir Arnar og Ívar. *- ve*

# Reyklaus á nýju ári

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um árabil haldið námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja. Næsta námskeið hefst þriðjudaginn 27. janúar klukkan 17.

Þátttakendur hittast sex sinnum á fimm vikna tímabili og að námskeiði loknu er þeim fylgt eftir. Á fundunum er farið ítarlega í undirbúning fyrir reykleysi. Ef reykingamaður er að hugsa um að hætta þá er það mjög mikilvægt að undirbúa sig vel áður en hætt er að reykja. Því betri sem undirbúningurinn er, þeim mun meiri árangurs má vænta.

Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um reyklaus svæði, tóbaksfíkn, fráhvarfseinkenni, lyf sem geta hjálpað, streitu, næringu, hreyfingu og hvað er jákvætt við að hætta að reykja.



Margir strengja þess heit að hætta að reykja á nýju ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Á námskeiðinu, sem verður haldið að Skógarhlíð 8, fá þátttakendur fræðslu og ráðgjöf til að hætta að reykja ásamt stuðningi til að takast á við reyklausa framtíð. Leiðbeinandi er Ingibjörg Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hægt er að skrá sig á reykleysi@krabb.is eða í síma 540 1900. Nánari upplýsingar má fá á www.krabb.is.

Vefsíður með leiðbeiningum fyrir þá sem vilja hætta að reykja:

Ráðgjöf í reykbindindi: www.reyklaus.is

Canadian Cancer Society: www.cancer.ca/tobacco

Boston University: www.quitnet.com

American Lung Association: www.lungusa.org/tobacco

University of Geneva: www.stop-tabac.ch

Arizona Smoker's Helpline: www.ashline.org

GERÐU ÞETTA ÁR AÐ ÞÍNU ÁRI
MECCA SPA
HEILSURÆKT
YOGA MEÐ MAGGÝ
RÓLEGT OG MJÚKT JÓGA
Morguntímar:
Þriðjudögum og fimmtudögum kl.10:00
HATHA, KRIPALU OG KUNDALINIJÓGA
Síðdegistímar:
Mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 17:15
Allar nánari upplýsingar hjá Maggý í síma 821 74 82



ANDA FINNA SLEPPA SLAKA NJÓTA
MECCA SPA - Nýbýlavegi 24 Kópavogi - Sími 511 21 11 - meccaspa.is

TAI CHI
10 vikna námskeið hefst 19. janúar
Kennt á mánudögum og miðvikudögum
í Safamýrarskóla, Safamýri 5
Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is

Sambaleikfimi
þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.20
Kröftug alhliða þjálfun undir leiðsögn sjúkraþjálfara að Höfðabakka 9



Upplýsingar og skráning í síma 897-2896 og á www.bakleikfimi.is

Styrkur og hugarró





**Angelica** er íslensk náttúruafurð úr ætihvönn. **Angelica** inniheldur heilsubætandi efni sem geta dregið úr kvíða og gefið þér aukna orku.

**Sæktu styrk í íslenskt náttúruafl!**





SAGAMEDICA
www.sagamedica.is
Fáanlegt í lyfja- og heilsuvöruverslunum og völdum stórmörkuðum

# Þunglyndi stungið burt með nálum

**Sumir telja að með nálastungum náist bati við flestum þeim kvillum sem hrjá mannfólkið, en eftir efnahagshrunið leita æ fleiri lausna við kvíða, streitu og þunglyndi með hjálp nála.**

„Mér finnst fólk orðið hugrakkara að viðurkenna andleg mein, því í árferðinu nú hefur fengist opinbert leyfi til að segja frá andlegri vanlíðan og því auðveldara fyrir fólk að leita sér hjálpar,“ segir Þórunn Birna Guðmundsdóttir nálastungusérfræðingur og ein fárra Íslendinga sem lokið hefur meistaragráðu í austurlenskri læknisfræði. „Það er áberandi nú að fólk hugsar meira um líkama og sál, og fjárfestir frekar í heilsu sinni en dauðum hlutum. Gildin virðast því vera að breytast,“ segir Þórunn.

Í austurlenskum lækningum er litið á líkama og sál sem eina heild, en þaðan er sprottið hugtakið heildrænar lækningar.

„Nálastungur losa um taugaboðefnið endorfín, sem veitir sælutilfinningu og hefur róandi slökunaráhrif á líkamann. Endorfín er innrænt, verkastillandi morfín sem kemur í veg fyrir sársaukaboð til heilans og hefur því góð áhrif á kvíða, streitu og þunglyndi,“ segir Þórunn sem vinnur að sérhæfðri meðferð fyrir hvern og einn í nálastungumeðferð.

„Flestir finna mun í fyrsta tíma og hafa náð viðunandi árangri eftir fimm til sjö skipti. Meðfram nálastungum vinn ég einnig með hugann því auðvelt er að heilaþvo sjálfan sig á neikvæðan hátt og skapa þannig viðvarandi vanmáttartilfinningu. Með því að tala jákvætt til sjálfs síns verður auðveldara að halda áfram stefnunni þegar meðferð lýkur hjá mér,“ segir Þórunn sem er þjálfuð í að forða stungutilfinningu skjólstæðinga sinna, sem margir hafa ímugust á nálum.

„Ótti við nálar eru ástæðulaus. Þær eru örfínar og stungutilfinning ekki aðal tilfinningin, heldur doði, blossi eða dýpri, jákvæð tilfinning þegar nál hittir á orkubraut. Rafmagn fer um líkama okkar eftir orkubrautum sem Kínverjar kortlögðu fyrir árþúsundum og við þær tengjum við nálarnar,“ segir Þórunn, sem lærði og starfaði við nálastungur á virtum, bandarískum sjúkrahúsum.



**Þórunn Birna Guðmundsdóttir segir Íslendinga leita í vaxandi mæli til nálastungumeistara til að vinna bug á kvíða, streitu og þunglyndi, en nálastungur gefa góða raun við flestum kvillum líkama og sálar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Nálastungur hafa róandi áhrif.**

„Vestra er lögð mikil áhersla á menntun, en hérlendis er engin lögverndun né reglugerð um nálastungur, og getur hver sem er notað nálar án þess að hafa til þess menntun,“ segir Þórunn, sem er ein sjö Íslendinga sem lokið hafa fjögurra og hálfs árs meistaranámi í austurlenskum lækningum, en þeir einir eru félagar í Nálastungufélagi Íslands.

„Það er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir hvað það fer út í þegar það ætlar í nálastungur því hérlendis vinna margir með nálar sem aðeins hafa lokið stuttum helgarnámskeiðum. Nálastungur hafa víðtæk áhrif á líkamann og líkamsstarfsemina og geta komið jafnvægi á hvaða kvilla sem er, um leið og þær eru hagkvæm lausn til að ná bata á náttúrulegan hátt, án lyfjagjafar.“

Samkvæmt upplýsingum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar gefa nálastungur góða raun við astma, mígreni, lungnasjúkdómum, ofvirkni barna, ófrjósemi, taugasjúkdómum og verkjum eftir skurðaðgerðir, svo fátt sé upptalið. „Hérlendis er algengt að fólk fari í nálastungur vegna vöðvabólgu og verkja, en ég hjálpa mestmegnis konum á meðgöngu og til að verða ófrískar, ásamt því að koma jafnvægi á hormónastarfsemi kvenna.“

Hver tími í nálastungum tekur klukkustund. Þórunn er með stofu í Hamraborg 10. *-þlg*

# Ástin getur enst út ævina

Vísindamenn við Stony Brook-háskólann í New York hafa komist að því að um tíu prósent para eru jafn ástfangin eftir tuttugu ára samband og þau voru í upphafi sambands.

Vísindamennirnir könnuðu heilastarfsemi para sem höfðu verið saman í tuttugu ár og báru hana saman við heilastarfsemi para sem höfðu nýtekið saman. Alls tíu prósent para sem höfðu verið saman um langt skeið sýndu sömu viðbrögð og turtildúfurnar.

Fyrri rannsóknir gefa til kynna að það byrji að kulna í ástarglæðunum eftir um fimmtán mánaða samband og að ástin kulni að mestu eftir um tíu ár. „Þessar niðurstöður ganga gegn fyrri hugmyndum um að ástin kulni eftir fyrsta áratuginn,“ segir Arthur Aron, sálfræðingur við Stony Brook í samtali við the Sunday Times.



**Um tíu prósent para eru jafn ástfangin eftir tuttugu ár og þau voru í upphafi sambands.** NORDICPHOTOS/GETTY

























„Má ég fá meira?“ spyr þessi ungi maður Efemíu Gísladóttur, skólastjóra Lágafellsskóla, sem aðstoðar Gunnlaug kokk við skömmtunina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hollusta að leiðarljósi

**Farið er eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar hvað varðar fæðuval, næringargildi og skammtastærðir í öllum skólum Mosfellsbæjar.**

Áhersla er lögð á fjölbreytta fæðu í hæfilegu magni í mötuneytum leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar sem hafa samræmt stefnu sína í takt við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar. Þannig er svipaður matur í öllum skólunum á hverjum degi. Reynt er að passa upp á að matvælin séu í háum gæðaflokki og rík af næringarefnum, að sögn Gunnlaugs Hreiðarssonar matreiðslumeistara sem stendur við pottana í Lágafellsskóla. Hann er með yfir 600 manns í mat og þennan daginn er staðgóður hrísgrjónavellingur með lifrarpylsu á borðum og ferskir ávextir á eftir.

Gunnlaugur segir samræmda matseðla skólanna gerða fyrir sex vikur í senn og birta á netinu. Hann lofar ekki að farið sé eftir sömu uppskriftum alls staðar. „Tilgangurinn er sá að foreldrar sem eiga börn á báðum skólastigum geti haft annað aðalhráefni í kvöldmatinn en þau hafa fengið í hádeginu,“ segir hann. Undir þetta tekur Gunnhildur Sæmundsdóttir leikskólafulltrúi sem kveðst ekki vita til að þetta fyrirkomulag sé við lýði annars staðar á landinu.

Stefnan er sú í Mosfellsbæjarskólum að hádegisverðardiskurinn sé þannig að á þriðjungi hans sé prótínríkur matur, svo sem kjöt, fiskur, baunir eða mjólkurvörur, á öðrum þriðjungi séu kolvetnarík matvæli eins og kornmeti eða kartöflur og svo grænmeti eða ávextir á einum þriðja.

Þegar Gunnlaugur í Lágafellsskóla er spurður hvort hann telji dýrara en ekki að hafa hollustusjónarmiðin alltaf að leiðarljósi svarar hann: „Nei, það tel ég ekki þegar upp er staðið. Þetta fyrirkomulag gerir okkur kokkunum líka kleift að skipuleggja okkur fram í tímann og jafnvel sameinast um innkaup.“ *-gun*



# Golf getur haft áhrif á heyrn

Golfarar sem nota nýja gerð af þunnum títaníum drævernum gætu hætt á heyrnarskerðingu. Þetta kemur fram í grein sem birt er í tímaritinu British Medical Journal. Þar er rakin saga 55 ára golfara sem notaði King Cobra LD títaníum kylfu þrisvar í viku í átján mánuði. Hann sagði hljóðið þegar kylfan hitti kúluna líkjast byssuskoti. Hann hætti að nota kylfuna. Þá hafði heyrn mannsins hins vegar skaðast. Læknar á háskólasjúkrahúsinu í Norfolk og Norwich framkvæmdu rannsóknir á golfaranum eftir að hann leitaði til þeirra með tinnitus og minni heyrn á hægra eyra. Niðurstöðurnar sýndu að heyrnarvandamálin voru sambærileg þeim sem verða við of mikinn hávaða.

Atvinnugolfari var þá fenginn til að skjóta nokkrum boltum með títaníumkylfum frá nokkrum framleiðendum á borð við King Cobra, Callaway, Nike and Mizuno. Allar framleiddu þær meiri hávaða en hinar hefðbundnu og þykkari stálkylfur. Mesti hávaðinn var í Ping G10 sem bjó til hljóð upp á 130 desíbil.

Frétt af vef BBC, www.bbc.co.uk



# Undirbúið áramótaheitin og verið raunsæ

Mörg áramótaheitin eru strengd varðandi heilsusamlegra líferni og margir ætla sér stóra hluti. Oft vill þó brenna við að fólk springi á limminu ef farið er of geyst af stað. Betra er því að undirbúa sig vel og skipuleggja heitið.

Á vefsíðunni www.doktor.is er að finna fimm skemmtilegar ábendingar frá Ásþóri Ragnarssyni sálfræðingi varðandi áramótaheit.

1. Áramótaheit á ekki að vera skyndiákvörðun.
2. Gerðu heitið opinbert, það veitir þér aðhald.
3. Settu þér raunhæf markmið, ætlaðu þér ekki um of.
4. Hafðu heitið nákvæmt svo þú getir metið árangurinn á einhvern hátt.
5. Skráðu árangurinn til að fylgjast með og styrkja þig á stundum þegar þig langar að gefast upp. *- rat*



**Áramótaheitin þurfa að vera raunhæf og vel undirbúin.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hættan metin á hjartasjúkdómi

Í kjölfar tímabils matarboða með tilheyrandi reyktu kjöti og sykruðum kartöflum er gott að huga að hjartanu.

Fyrirtækið Hjartarannsókn er systurfyrirtæki Hjartaverndar. Það var stofnað árið 2005 og var tilgangur þess fyrst og fremst að efla enn frekar forvarnir á sviði hjarta- og æðasjúkdóma. Hjá Hjartarannsóknum er hægt að fara í áhættumat þar sem fullorðnir einstaklingar geta látið kanna líkurnar á að þeir fái hjartasjúkdóm. Þeir sem sérstaklega ættu að huga að slíku áhættumati eru einstaklingar sem hafa ættarsögu um kransæðasjúkdóma en auk þess eru allir yfir fertugt hvattir til að fara í áhættumat.

Nánar á www.hjartarannsokn.is.

*- sg*





metasys®

100% náttúrulegt

# Fann orkumun á fyrsta degi...




Rétt eins og flest okkar upplifa, var Gíslína Sigurgunnarsdóttir, umsjónarmaður heilsuhornsins Fræsins í Fjarðarkaup, jafnan uppgefin þegar hún kom heim eftir langan vinnudag. Sjaldnast gerði hún mikið meira en að skella sér í þægilegri föt og upp í sófa. Allt þetta breyttist þegar hún hóf að taka Metasys hylkin fyrir tæpu ári. „Sem starfsmaður í heilsuhorninu sá ég að það var mjög vel keypt af Metasys og það var alltaf sama fólkið sem kom aftur og aftur. Ég fór því að spyrjast fyrir um hylkin. Margir viðskiptavina minna töluðu um aukinn ferskleika, miklu meiri orku og ein kona sagðist halda niður sykursýki 2 með Metasys. Ég ákvað því að slá til, prófa og kanna hvort ég gæti losnað við þessa síþreytu. Strax á fyrsta degi fann ég fyrir aukinni orku, ég er ekki eins þreytt þegar ég tek hylkin og úthaldið er mun betra. Ég finn líka mikinn mun á skrokknum á mér. Núna hef ég auðveldlega úthald í nokkra klukkutíma í viðbót eftir vinnu. Einn helsti kostur Metasys er að það er 100 prósent náttúrulegt og án aukaefna en þannig vil ég einmitt hafa það."

### Góð áhrif á húðina

Metasys hylkin höfðu góð áhrif á fleira en orkuna „Venjulega bæti ég á mig kílóum yfir jólin, einfaldlega vegna þess að ég borða meira á þeim árstíma en í ár grenntist ég þótt ég borðaði alveg jafn mikið segir Gíslína og hlær." „Áður en ég byrjaði að taka Metasys var ég með slæma húð og fékk mikið af bólum en nú er húðin mun betri. Metasys er mjög ríkt af andoxunarefnum og því mjög hreinsandi og er það ástæðan fyrir þessu jákvæðu áhrifum á húðina á mér," segir Gíslína. „Þess vegna held ég áfram að taka hylkin og er mjög ánægð. Ég fæ ekki örari hjartslátt eða slíkt eins og margir finna fyrir þegar teknar eru inn aðrar brennslutöflur, ég finn bara fyrir frábærri orkubreytingu segir Gíslína að lokum, kát í bragði.



Gíslína Sigurgunnarsdóttir

*Fleiri og fleiri Íslendingar kjósa Metasys til að grenna sig, bæta orkuúthald og heilsu, það hefur verið fáanlegt í rúm þrjú ár og aukast vinsældir þess ár frá ári.*

*Frekari upplýsingar um Metasys er hægt að finna á **www.metasys.is***

*Metasys er fáanlegt í öllum apótekum, heilsubúðum, Hagkaup, Nóatúni, Krónunni, Fjarðarkaup og Vöruvali Vestmannaeyjum.*

metasys®
ORKA-ÚTHALD-ÁRANGUR



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.**

**1) Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.
**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 26. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigusali auglýstu FRÍTT*
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Lögglid leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

**Íbúðir til leigu**
**í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík.**
**Upplýsingar á www.heimahagar.is og í síma 6996464**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

LMH.IS

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www.LMH.is. Sími 517 0150.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu 2 herb. íbúð og herb. með aðg. að eldh. og baðh. Sv. 111. Uppl. í s. 867 9403.

60fm nýtt einbýlishús á Vatnsenda í Kóp. Má jafnvel hafa gæludýr. Til leigu frá 1.feb. Verð 100þús m/rafm. og hita. Ekki húsaleigubætur. S. 893 2262

Til leigu 3 herb. góð nýstandsett íbúð í Vesturbænum með sjávarútsýni - Sörlaskjóli. Sérinngangur, ísskápur + uppþvottav. fylgir. Uppl. í s. 897 0900.

Til leigu 84fm 2ja herb.íbúð í Hafnarfirði.Laus.Nýtt parket.Frábært útsýni.95þús+hiti/rafm/hússj. Sjá: http://s4b.blog.is/ Uppl:664 6501

Til leigu ný glæsileg íbúð v Hátún ca 60m2 Allt nýtt Verð 90þús uppl 892 4578 bjorgvin@igl.is

Nýuppgerð, frábær íbúð í hjarta miðbæjarins til leigu. Um er að ræða 3-4 herb. 75 fm. íbúð sem leigist til skemmri eða lengri tíma. 119 þús. per mán. Uppl. í s. 698 9608.

Hafnarfjörður - 3ja herb. íbúð til leigu.Á frábærum stað í Hfj. 82 m2. Laus strax. Verð 110 þús. S. 499-0506 Sjá nánar á www.nexate.com/brekkuas5

Herb. til leigu í Hfj. Öll aðstaða innifalin. Eldhús, þvottahús, WC, sturta. Einnig er TV og internet aðgangur. Uppl. í s. 895 8843.

3ja herb. íbúð m. húsgögnum í Hafnarf. til leigu í 3-9 mán. 130þ á mán m. hita, rafm. & hússj. Uppl. 664 7001.

ROOMS FOR RENT IN 108.109.111. RVK w/furnit acess to kitchen/bathr 8973611

Til leigu - langtímaleiga. Hraunbær 2ja herb.íbúð á 2.hæð. Sður svalir ,gott útsýni - laus strax. Austurströnd 2ja herb. íbúð á 4.hæð ásamt bílskýli, austur svalir, glæsilegt útsýni. - laus strax. Hlíðarhjalli Kóp. rúmgóð 2ja herb. íbúð á 2.hæð, þvottah.innaf eldhúsi. Vestur svalir - laus 15.janúar. Allar nánari uppl. í síma 896-4090

3ja 80fm yndisleg íbúð í 104 til langt. leigu. Laus í lok feb. Nánar á husid.is, undir Snekkjuvogur. smu@islandia.is/562-2268. 110þ. m. öllu.

Til leigu lítil 2. herb. íbúð í 101. Húsgögn geta fylgt. Leiga 75 þús. Myndir á http://www.myspace.com/johnnyenglish83 . Upplýs. í síma 820 2718. (Jón)

### Kórahverfi

120f,. sérhæð m. 30 fm. sólpalli til leigu. 145 þ. á mán. Hiti og hússj. innif. Uppl. í s. 8468409

130 fm íbúð í hfj á aðeins 110þ. á mán., sérinng, 3 svefnherb. og stór stofa, geymsla fylgir, nýuppgert. Uppl. í s. 661 4216.

Til leigu 3.herb íbúð. 90fm. Öll ný stands. Háberg í Breiðh. Laus strax. 90þ. Uppl. í s. 894 0900

### Vesturbær

Björt og skemmtileg 2-3 herb. íbúð til leigu. Uppl. í s. 858 7573.

Til leigu 4 herb. íbúð á góðum stað í Hfj. Sanngjörn leiga. Nánari uppl. í s. 849 9952.

3 herb.íbúð til leigu í Hfj. 110þ, húsfélag, hiti og rafmagn innif. S:8407087.

Til leigu stúdíó íbúð með húsgögnum ca. 25fm við Ránargötu. V. 60þ á mán. á sama stað til leigu herbergi(með húsgögnum) aðgangur að eldhúsi, baðhrb. og þvottah, internet. V. 45þús. Uppl. í s. 8981838

Gott íbúðarhús á góðum stað til langtíma leigu á lágri leigu í Laugarási í Blágskógabyggð Árnessýslu, 164fm 5herb. uppl. í s. 897 8961

4 herb, 100 fm íbúð til leigu í hraunbænum , laus frá áramótum. upplýsingar í síma 6635363 og 8216223

Til leigu í nokkur ár er glæsilegt 267 m2 einbýlishús á svæði 113, mán.leiga 240.000. Hafðu samband við netfangið Lnb@email.com

Íbúð/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

## Húsnæði óskast

Eldri maður óskar eftir herb. til leigu í Rvk. S. 562 2743.

þrítug kona leitar að lítilli íbúð með sér klósetti og sturtu. Greiðslugeta 40-50 þús á mán. Uppl. í s. 697 9975.

Reglusamur maður óskar eftir að leigja litla íbúð helst á Álftanesi, Hfj., eða Grb. Greiðslg. 60 -70 þ. S. 868 5752.

Reglusöm stúlka utan af landi óskar eftir 2 herbergja íbúð miðsvæðis í reykjavík. skilv. gr heitið s:6928649

Par í leit að 3ja herb nýlegri leiguibúð í kóp eða gbr. greiðslug. 80-100Þús S: 6967812

Er 22 ára með dóttur mína, óska eftir 3h íbúð í Hlíðunum Sími 6962682

## Sumarbústaðir

Til leigu eitt af glæslulegustu sumarhúsum á landinu! 140 fm er á bökkum Brúarár í Leyni Bláskógarbyggð. Vikul. 70þ. Helgarl. 40þ. Uppl. í s. 893 8767 & 848 8881.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasal

Erum með allar stærðir verslunar-, iðnaðar- og skrifstofuhúnæðis til leigu og sölu. Til leigu Tunguháls, lager/iðnaðarhúsnæði 180, 360, 540 til 4200 fm. Atvinnueignir s.534-1020.

Óska eftir 70-100 fm iðnaðarhúsnæði Uppl. í s. 699 6762. Tómas.

Til leigu iðnaðhúsn. í Hafnarf. 210m2 hægt að skipta í 2 bil 2 hurðir 3.55x3.7

Til leigu 35 fm skrifstofuhúsnæði á 1.hæð að súðarvogi 7 104 Rkv. Sími 824-3040

## Geymsluhúsnæði

### geymslaeitt.is

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

### Gista.is / S. 694 4314

2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Meiraprófsbílstjóri óskast

Atvinnubíll með verkefni í farþegakeyrslu til sölu. Viðkomandi þarf að vera stundvís, með hreint sakavottorð og í skilum með opinber gjöld. Uppl í síma 858-5810

### Krambúðin Skólavörðustíg 42

Auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á dagvakt. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

SUBWAY

**Næturvinna - hlutastarf**
**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund í hlutastarf á næturvaktir. Vinnutími er aðra hverja helgi: 00-04 föstudagskvöld og 22-06 laugardagskvöld.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma: 696-7064.**
**Lágmarksaldur er 18 ár.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

Starfsmaður óskast í stálsmíði og fl. Þarf að hafa reynslu og geta unnið sjálfstætt. Umsóknir sendist á stjornustal@stjornustal.is

Getum bætt við okkur ferskum smiðum eða vönum mönnum. Uppl. í s. 860 0109.

## Atvinna óskast

Maður með stúdentspróf, meirapróf og rútupóf, óskar eftir vinnu á höfuðborgarsvæðinu, flest kemur til greina. Get byrjað strax. S-896-3067.

Hárskeri óskar eftir vinnu á stofu. Önnur störf koma til greina. Uppl. í s. 866 5459.

## Viðskiptatækifæri

Atvinnutækifæri fyrir rétta aðila. Til leigu rekstur á veitingasal í hjarta Hafnarfjarðar með öllum tilheyrandi borðbúnaði. Miklir möguleikar fyrir rétta aðila. Nánari uppl. á bris.is (salurinn) og í síma: 898-3420

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Tilkynningar

Kærleikssetrið

**Kynningarfundur**
**Kynningarfundur í Kærleikssetrinu í dag fimmtudaginn 8. jan. kl. 19.30. Kynnt verður vetrarstarfið og Kjarninn, mannræktarskóli Kærleiksseturs. Bryddað verður upp á ýmsum nýjungum í hópastarfinu. Allir velkomnir.**
**Uppl. og skráning í hópa er í Kærleikssetrinu s. 567 5088 & www.kærleikssetrid.is & kærleikssetrið@kærleikssetrið.is**

## Til leigu

Hamraborg 11 Cafe Catalina S: 554-2166

**Höfum veislusal til leigu fyrir árshátíðir, afmæli, þorrablót ofl. Allt að 80 manns í sal. Pantanir í s. 554 2166**

***Catalina***
**Allir velkomnir**

## Tilkynningar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Úthlutun aflaheimilda fyrir árið 2009 úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks.

Ísland hefur verið aðili að Atlantshafs túnfiskveiðiráðinu (ICCAT) frá árinu 2002. Samkvæmt stjórnunarráðstöfunum ráðsins sem Ísland hefur samþykkt, koma í hlut Íslands aflaheimildir fyrir árið 2009 sem nema 49,72 tonnum af bláuggatúnfiski. Um er að ræða veiðiheimildir samkvæmt samþykkt ICCAT úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks (e. bluefin tuna in the East-Atlantic and the Mediterranean).

Útgerðir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessum veiðum skulu sækja um veiðiheimildir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins **fyrir 31. janúar 2009.**

Í umsókninni skal koma fram áætlun um veiðarnar, m.a. veiðiskip, veiðitímabil, veiðisvæði, veiðiaðferð, löndunarhöfn og nýting afurða. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sé ljóst að viðkomandi skip hafi ekki búnað til veiðanna eða að það sé fyrirséð að það muni af öðrum ástæðum ekki stunda þær.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið*
*8. janúar 2009*




## Fasteignir

INNI FASTEIGNASALA

# Átt þú litla íbúð í Reykjavík?



Til sölu einbýlishús 181m² á Egilsstöðum í byggingu. Afhendingarástand umsemjanlegt
Skipti á lítilli góðri íbúð í Reykjavík.

**Upplýsingar hjá INNI Fasteignasölu**
**Sími 580 7905**

**Hjördís Hilmarsdóttir • Löggiltur fasteignasali.**

# Örfá orð til Karls V. Matthíassonar alþingismanns

**UMRÆÐAN**
Eiríkur Tómasson skrifar um sjávarútvegsmál


EIRÍKUR TÓMASSON

Sæll Karl V. Matthíasson, þingmaður og varaformaður sjávarútvegsnefndar Alþingis.

Þú telur að besta leiðin til að hjálpa sjávarútvegsfyrirtækjum, sem halda uppi atvinnu á landsbyggðinni, sé að taka af þeim réttinn til að sækja björg í bú, veiðiheimildirnar. Láta þau svo sitja uppi bótalaust með skuldir, sem hafa hækkað umtalsvert eftir kerfishrun og slæma efnahagsstjórn. Hrun sem þú berð m.a. ábyrgð á sem þingmaður. Síðan eiga þessi sömu fyrirtæki, sem hafa keypt allar veiðiheimildir sínar samkvæmt lögum sem Alþingi hefur sett og allir flokkar bera ábyrgð á, að kaupa kvótann aftur.

Þetta er eins og að ef þú vissir af fólki sem væri í erfiðleikum og legðir til að þess yrði gætt að það fengi ekki vinnu – og alls ekki mat. Sjávarútvegurinn er atvinnugrein landsbyggðarinnar. Hann á ekki skilið slíka meðhöndlun.

**Starfað í anda laga og reglna**

Meginreglan er sú að fyrirtækin hafa starfað í áratugi eftir þeim lögum og reglum sem löggjafinn hefur sett. Aflamarks- og aflahlutdeildarkerfið sem við búum við núna hefur reynst vel. Það hefur gert það að verkum að fyrirtækin eru vel rekin og í góðu sambandi við sína viðskiptavini erlendis. Þau eru miklu öruggari vinnuveitendur en áður var og sjómennirnir, starfsmenn fyrirtækjanna, hafa sem betur fer góð laun.

Hvað varðar tilvitnun í þig í Fréttablaðinu í gær, 7. janúar, þá vil ég upplýsa þig um að Deutsche bank á ekki neinn kvóta hér á Íslandi og mun ekki eignast. Glitnir seldi lánin til erlendra aðila vegna sinna eigin erfiðleika en ekki erfiðleika Þorbjarnar hf.

Þorbjörn hf. er í skilum með sínar skuldir og er ekki á leið í gjaldþrot svo ég viti. Fyrirtækið sem hefur starfað í 56 ár, hefur áratugum saman verið fjármagnað með erlendu lánsfé, eins og nær allur annar atvinnurekstur á Íslandi.

**Óþarfa óvissa og kvíði**

Það er ótrúlegt að þú, sem starfað hefur sem sálusorgari Grundfirðinga og borið hag þeirra fyrir brjósti, skulir ekki gera þér grein fyrir því hversu mikinn óróa þú skapar hjá þúsundum manna með þessum orðum þínum. Við erum með hátt í 400 manns í vinnu.

*Tugir þúsunda Íslendinga um allt land eiga allt sitt undir því að sjávarútvegurinn gangi og sé vel rekinn.*

Þetta eru meira og minna fyrirvinnur sinna heimila, sem telja á annað þúsund manns. Þú hefur valdið starfsmönnum Þorbjarnar hf. og fjölskyldum þeirra óþarfa óvissu og kvíða. Tugir þúsunda Íslendinga um allt land eiga allt sitt undir því að sjávarútvegurinn gangi og sé vel rekinn.

Það er nauðsynlegt að umræða um sjávarútveginn, einn aðalatvinnuveg þjóðarinnar, starfsmenn og eigendur fyrirtækjanna og þá sem treysta á tilveru þessara atvinnufyrirtækja að öðru leyti, svo sem sveitarfélög og íbúa þeirra, þjónustuaðila og viðskiptamenn, séu ekki á þeim nótum sem þú kýst að hafa þær. Heldur á yfirveguðum og málefnalegum nótum.

Starfsmenn og eigendur sjávarútvegsfyrirtækja er heiðarlegt og löghlýðið fólk sem á ekki að þurfa að sitja undir óhróðri og hótunum um sviptingu starfsréttinda og atvinnuréttar eins og þú ferð fram með.

*Höfundur er forstjóri Þorbjarnar hf. Grindavík.*

# Samstaða - um hvað?

**UMRÆÐAN**
Ari Teitsson skrifar um þjóðarvanda


ARI TEITSSON

Nær allir leiðtogar þjóðarinnar hafa í áramótahugleiðingum sínum lagt áherslu á að nú þurfi þjóðin að standa saman.

Grundvallarforsenda samstöðu smærri eða stærri hópa, hvað þá heillar þjóðar, er þó nú sem ætíð að öllum sé ljóst um hvað þeir ætla að standa saman.

Væntanlega þarf samstaðan ekki síst að snúast um að deila minnkandi þjóðarköku þannig að hún dugi þjóðinni til lífsviðurværis í víðum skilningi.

Þjóðarsátt verður því að byggjast á að þeir sem nú bera meira úr býtum taki á sig þyngstu byrðar skerðingar og sú stefna hefur þegar komið fram allvíða, nú síðast með lækkun launa alþingismanna í 520 þús. kr á mánuði.

Vitað er að völd og ábyrgð alþingismanna er mikil og því eðlilegt að spurt sé hvort einhverjir og þá hverjir eigi að hafa hærri laun en þeir. Hversu margir af starfsmönnum ríkisstofnana, sveitarfélaga og fjármálastofnana eru í dag ofan við þessa viðmiðun? Í framhaldi af því má spyrja, hvað um ýmsa útselda þjónustu, er nú t.d. sanngjarnt að greiða 3.500 kr. fyrir klippingu? Verða ekki hvers kyns eftirlitsiðnaður og þjónustustarfsemi að endurskoða gjáldskrár sínar? Er ásættanlegt að slíkir aðilar selji hverja vinnustund á 15-20.000 kr?.

Því miður eru miklar líkur á að nú verji hver sitt með kjafti og klóm óháð þörfum þjóðarinnar fyrir hófsemi og réttlæti og breytingar gerist því hægt nema stjórnendur sýni styrk og festu.

Enginn dregur þörf á samstöðu þjóðarinnar í efa en leiðtogarnir verða að gera gleggri grein fyrir í hverju sú samstaða á að felast.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Bændasamtakanna.*





# 90 ára afmæli

## Guðbjörg Salóme Þorsteinsdóttir

Pólgötu 6, Ísafirði,

verður níræð í dag, fimmtudaginn 8. janúar. Í tilefni afmælisins er opið hús fyrir vini og vandamenn nk. laugardag, hinn 10. janúar, milli kl. 15.00 og 18.00 í Borgum, safnaðarheimili Kópavogskirkju. Næg bílastæði við kirkjuna. Verið velkomin.

---



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Frank Arthur Cassata**
til heimilis að Sóleyjargötu,

lést á Landakotsspítala 2. janúar sl. Honum verður sungin sálumessa í Kristskirkju í Landakoti á morgun, föstudaginn 9. janúar, kl. 15.00. Jarðsett verður í Hólavallakirkjugarði.

**Sigfús Blöndahl Richard Cassata** **Guðlaug Þórólfsdóttir**
**Sighvatur Blöndahl Frank Cassata** **Sigrún Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar bestu þakkir fyrir sýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,*

**Odds Jónssonar**
Sunnuhlíð 19B, Akureyri.

Sérstaklega viljum við þakka starfsfólki Mjólkursamsölunnar á Akureyri fyrir ómetanlega vinsemd og aðstoð. Megi þetta nýbyrjaða ár verða öllum gott og gæfuríkt.

**Ólöf Oddsdóttir** **Jón Laxdal Jónsson**
**Stefán M. Jónsson** **Halla Sif Svavarsdóttir**
**Elín J. Jónsdóttir** **Anton Helgason**
**Kolbrún Ósk Jónsdóttir**
**Jón Már Jónsson** **Anna Þóra Árnadóttir**
**Elma Berglind Stefánsdóttir, Lóa Júlía Antonsdóttir,**
**Daníel Örn Antonsson, Sigurður Vilmundur Jónsson,**
**Halldóra Auður Jónsdóttir.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, unnusta, dóttir, systir og amma,*

**Freyja Sigurðardóttir**
hjúkrunarfræðingur, Burknavöllum 17b, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Birna Sólveig Ragnarsdóttir** **Sæmundur Árnason**
**Hulda Rut Ragnarsdóttir** **Zbigniew Waldimar Prochera**
**Einar Ólafur Sigurjónsson**
**Birna Guðfinna Þorsteinsdóttir**
**Magnús Sigurðsson**
**Gunnfríður Sigurðardóttir**
**Þorgerður Arndal Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Friðfinnur Kristjánsson**
blómaskreytingamaður, Flókagötu 63,

sem lést á Landspítalanum hinn 27. desember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag kl. 13.00.

**Þórunn Ólafsdóttir**
**Margrét Eyjólfsdóttir** **Sigurjón Kristinsson**
**Jóhanna Eyjólfsdóttir** **Jón Ólafur Magnússon**
**Anna Karen Friðfinnsdóttir** **Atli Viðar Thorstensen**
**Fanney Sigríður Friðfinnsdóttir** **Jóhann Örn Bjarnason**
**Jana Friðfinnsdóttir** **Einar Þór Bogason**
**Birna Friðfinnsdóttir** **Andri Már Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Hannes Björgvinsson**
Krummahólum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi föstudagsins 26. desember. Verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. janúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Katrín R. Magnúsdóttir**
**Jón M. Björgvinsson** **Signý Guðmundsdóttir**
**Grétar Ó. Guðmundsson** **Erla S. Kristjánsdóttir**
**Inga Hanna Guðmundsdóttir**
**Ragnheiður Björgvinsdóttir** **Philip Cartledge**
**Páll Björgvinsson** **Ástrós Guðmundsdóttir**
**Magnús Björgvinsson** **Edda Pálsdóttir**
**Björgvin Björgvinsson** **Marólína Erlendsdóttir.**

---



*Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Egill Guðmundsson**
bóndi frá Króki, Grafningi,
til heimilis að Skúlagötu 40b,

lést 21. desember. Útför fer fram í Selfosskirkju laugardaginn 10. desember nk. kl. 11.00.

**Birgir Egilsson** **Sigríður Guðlaugsdóttir**
**Tómas Egilsson** **Ingibjörg Sigrunn**
**Elfa Egilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær fósturmóðir mín og systir,*

**Ásgerður Emma Kristjánsdóttir**
Efri Tungu, Vesturbyggð,

lést á sjúkrahúsi Patreksfjarðar að morgni aðfangadags 24. desember. Útför fer fram frá Patreksfjarðarkirkju **laugardaginn 10. janúar kl. 14.00.** Jarðsett verður í Sauðlauksdalskirkjugarði.

**Marinó Thorlacius**
**Halldór Kristjánsson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Kristófersson**
áður til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 22. desember. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Lilja Þorgeirsdóttir**
**Ingibjörg Björnsdóttir** **Arnór Þórhallsson**
**Þorgeir Björnsson** **Vilhelmína Sigurðardóttir**
**Þórdís Björnsdóttir** **Eðvald Möller**
**Lilja Guðrún Björnsdóttir** **Páll Helgi Möller**
**Gylfi Björnsson** **Anna Þóra Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Munda Kristbjörg Guðmundsdóttir**
Sunnuvegi 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að kvöldi 4. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helgi Ólafsson**
**Guðmundur Óli Helgason**
**Guðrún Lára Helgadóttir** **Christer Allanson**
**Þórólfur Örn Helgason**
**Hulda Hrönn M. Helgadóttir**
**Kjartan Orri Helgason** **Guðlaug Erla Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**STEPHEN HAWKING EÐLISFRÆÐINGUR ER 67 ÁRA Í DAG.**

*„Greind er hæfileikinn til að aðlagast breytingum.“*

***Breski eðlisfræðingurinn Stephen Hawking hefur glímt við hreyfitaugungahrörnun frá því hann var 21 árs en hefur þrátt fyrir það helgað sig eðlisfræði og hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FYRSTI KVENPRÓFESSORINN** „Stúdentahópurinn er margbreytilegur og það gefur náminu meira vægi,“ segir Arnfríður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HÍ:** RÆÐUR KVENPRÓFESSOR Í GUÐFRÆÐI

# Feminískt inntak

„Ég var áhugasöm um allt starf í kirkjunni mjög snemma og ákvað ung að læra guðfræði,“ segir dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, sem fyrst kvenna gegnir stöðu prófessors í guðfræðideild Háskóla Íslands. Hún hefur þó kennt guðfræði frá 1988. „Staða mín breytist í raun bara frá því að vera dósent í trúfræði með áherslu á feminíska guðfræði í að verða prófessor í sömu grein en nú gefst mér meira svigrúm til rannsókna,“ segir hún.

Arnfríður er uppalin á Siglufirði en hélt til höfuðborgarinnar til náms við Menntaskólann við Sund og fór í guðfræðina strax eftir stúdentspróf. Arnfríður lauk embættisprófi 1986, vígðist til prests og gerðist aðstoðarprestur í Garðabæ þar sem hún kveðst hafa fengið góðan grunn. „Ég var þó bara í embættinu í eitt ár meðan ég var að bíða eftir að fara út í framhaldsnám,“ segir Arnfríður sem fór til Chicago og kom þaðan með doktorsgráðu í trúfræði upp á vasann. „Mitt sérsvið er túlkanir á hlutverki Krists og persónu og hvernig karlmennska hans hefur fengið sérstakt vægi,“ segir hún og útskýrir nánar. „Ýmsar kirkjudeildir hafa gert kynferði hans að lykilatriði og neita enn konum um prestsvígslu á þeim forsendum að hann var karl en ekki kona. Við sem stundum feminíska gagnrýni viljum þó halda því fram að jafnrétti sé undirtónninn í boðskap Krists og að hann hafi brotið blað með því að koma fram af meiri virðingu við konur en sjálfsagt þótti á hans tíma. Því grundvallarjafnrétti er síðan á ábyrgð kirkjunnar að halda á lofti.“

Áhuga á guðfræði segir Arnfríður svipaðan í þjóðfélaginu og verið hafi. „Það sem hefur breyst frá því fyrir tíu til fimmtán árum er aldursdreifing og kynjaskipting nemendanna. Nú kemur fólk í deildina á öllum aldri og konur í auknum mæli. Stúdentahópurinn er því margbreytilegur og það gefur náminu meira vægi. Fólk með alls konar reynslu og sjónarhorn hlýtur alltaf að setja sinn svip á andrúmsloftið í kennslustofunni.“

Að sjálfsögðu er Arnfríður stolt af stöðu sinni við guðfræðideildina. „Þetta er spennandi starfsvettvangur,“ segir hún. „Það sem er líka ánægjulegt að taka þátt í að byggja eitthvað nýtt upp innan háskólans og hafa áhrif á framgang sögunnar.“

gun@frettabladid.is

---



*Elsku mamma mín, tengdamamma, amma og langamma,*

**Unnur Eiríksdóttir**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 30. desember, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 9. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna, með því að hringja í síma 552 5744.

**Malín Örlygsdóttir** **Gunnlaugur Geirsson**
**Örlygur, Bergþór, Unnur**
**Theodóra, Unnur Malín, Þorvaldur, Arnljótur, Gylfi, Valgerður**
**og barnabarnabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
Holta-kjúklingur
40%
AFSLÁTTUR
FERSKUR HEILL HOLTAKJÚKLINGUR
523 kr./kg. 40% afsláttur Merkt verð 872 kr./kg.
479
K.S FROSIÐ SÚPUKJÖT 1. FLOKKUR
479 kr./kg. ENGINN BITI TEKINN ÚR.
298
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
298 kr./kg.
KOFAREYKT
398
K.F SVEITABJÚGUN
398 kr./kg. MERKT VERÐ 498 KR./KG.
NÝTT KORTATÍMABIL
Nautaveisla
898
N.V FERSKT UNGNAUTAHAKK
898 kr./kg.
30%
AFSLÁTTUR
N.V FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG
30%
AFSLÁTTUR
N.V FERSKT UNGNAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
TILBOÐ
KJÖTFARS
BÓNUS
VINARPYLSUR
30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS PYLSUR
489 kr./kg.
5stk.
FÍN & SKORIN
BÓNUS
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK 98 kr.
498
N.V NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr pakkinn.
129
BÓNUS NÝBAKAÐ
BAGUETTEBRAUÐ
129 kr.
399
K.F FERSKT KJÖTFARS
399 kr./kg.
HEIMILIS BRAUÐ
179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 179 kr.
skyr
129
MS HREINT SKYR 500g dós 129 kr.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 8. JAN. 12.00 TIL 18.30

# STÓRGLÆSILEG ÚTSA



LARISSA 3 sæta sófi.
B:222 D:95 H:52/90 cm.

2 SÆTA B:165 D:95 H:52/90 cm
kr. **59.990** áður ~~149.980.-~~

**60%** AFSLÁTTUR

3 SÆTA SÓFI
**67.990**
VERÐ ÁÐUR KR. 169.980



**40%** AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY
**47.980**
VERÐ ÁÐUR: 79.980

**ANDERSON** La-z-boy stóll
B:80 D:85 H:100 cm.



**55%** AFSLÁTTUR

ARINN
**49.980**
VERÐ ÁÐUR: 109.980

**1800 PILLAR** arinn.
Fæst hvítur og mahogny.

HÚSGAGNAHÖLLIN

HEFST Í DAG

LA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




**UMBRIA** tungusófi
B:245 D:163 H:78 cm. Fæst í hvítu og svörtu leðri. Hægt er að velja hægri eða vinstri tungu.

TUNGUSÓFI
**197.988**
VERÐ ÁÐUR KR. 329.980







FATASKÁPUR
**69.990**
VERÐ ÁÐUR: 119.980

**MONACO** fataskápur B:204 H:220 D:63,5 cm. Fæst hvítur eða í hnotu. Verð án ljósa.

ELDHÚSBORÐ
**37.490**
VERÐ ÁÐUR: 74.980

**BOJANNA** eldhúsborð. 100x170/270 cm. Króm/hvítt.

40% AFSLÁTTUR

STÓLL
**7.780**
VERÐ ÁÐUR: 12.980

**JULIE** stóll. Fæst í creme, hvítu og svörtu leðri.

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200










# Strákar á móti stelpum



**NOKKUR ORÐ**
**Sigríður Björg Tómasdóttir**

Undanfarin ár hef ég gert lítið af þeirri skemmtilegu iðju að spila á spil eða borðspil. Nýverið tókst vinahópnum þó að finna tíma til að spila Trivial, nýjustu útgáfuna. Alltaf er nokkur umræða um hvernig skipta eigi í lið en í ár var ákveðið að taka skiptinguna stelpur á móti strákum. Strákarnir voru nú nokkuð roggnir og sigurvissir fyrirfram en þurftu þó að játa sig sigraða fyrir okkur stelpunum.

Nokkrum dögum síðar var ég stödd í búð og sá þá mér til mikillar furðu að komin er sérstök útgáfa af Trivial þar sem spurningunum er skipt í strákaspurningar og stelpuspurningar. Minnug þess að hafa spilað Tribba í tætlur þegar spilið kom fyrst út á Íslandi, og unnið og tapað jafnt fyrir strákum sem stelpum, þá finnst mér óþolandi að það þurfti að klína kynjamun inn í heim þar sem hann er fullkomlega óþarfur. Einmitt í spilum og þrautum ýmis konar geta kynin staðið jafnfætis og ekkert náttúrulögmál að strákar hafi meira að segja um hasarmyndir en stelpur um slúður.




Svona viðhelst einhver mýta um áhugasvið kynja og ýtir kannski undir hvert konur og karlar leita. Þegar ég var unglingur var til dæmis enn nokkuð mikið talað um að karlar væru betri í stærðfræði en konur í tungumálum sem átti örugglega sinn þátt í vali algjörra stærðfræðiaula af karlkyni á stærðfræðibrautum í menntaskóla og öfugt.

Árið 2009 væri óskandi að ekki væri gert ráð fyrir að kynin hefðu almennt ólík áhugasvið sem því miður er gert víðar en í Trivial. Stjórnun er víst lítið fyrir konur ef litið er yfir sviðið í þjóðlífinu og stjórnmál líka. Há laun hafa heldur ekki verið fyrir konur hingað til. Hvernig væri að breyta þessu bulli á hinu nýja Íslandi?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## NÝJAR BÆKUR




Út er komið nýtt rit um sögu 18. aldar eftir Hrefnu Róbertsdóttur sagnfræðing. Bókin er á ensku og ber heitið Wool and Society. Manufacturing Policy, Economic Thought and Local Production in 18th-century Iceland. Hér er á ferðinni doktorsritgerð í sagnfræði sem varpar fersku ljósi á sögu 18. aldar á Íslandi: Hörspuni, heimilisvefsmiðjur, forlagsvinnsla og aukin útflutningur höfðu áhrif á ullarframleiðslu á Íslandi í kjölfar upptöku vefsmiðjuvinnslu ullar á seinni hluta 18. aldar. Í ritinu er ullarvinnsla leiðarljós að skilningi á 18. aldar samfélaginu á Íslandi. Snert er á fjölda efna: búskaparháttum, mismunandi atvinnugreinum, verkaskiptingu, framleiðslutækni, útflutningi og starfsemi vefsmiðja Innréttinganna í Reykjavík. Einnig er hugað að tilraunum til að auka framleiðslu í sveitum, sérstaklega á Norðausturlandi og Suðvesturlandi. Spurt er hvað einkenndi stefnu í handiðnaði og handiðnaðarframleiðslu? Hvert var samspil hagrænnar hugsunar við landshagi og ullarframleiðslu þessa tíma? Greining á samtímaumræðu um landshagi á Íslandi og í Danmörku ásamt rannsókn á ullarframleiðslu á afmörkuðum hagsvæðum á Íslandi, leiðir höfundur til annarar sýnar á íslenskt samfélag þessa tíma en oft hefur birst, bæði fjölþættara og svæðisskiptara en áður hefur verið lögð áhersla á. Bókin er gefin út af forlaginu Makadam Publishers í Svíþjóð í samvinnu við Háskólann í Lundi, en Sögufélag hefur umboð fyrir bókinni hér á landi.

Forspjall að frumspeki eftir Immanuel Kant kom fyrst út árið 1781 en birtist nú á íslensku í þýðingu Skúla Pálssonar í útgáfu hugvísindadeildar. Bókin veitir innsýn í hugmyndir Kants um eðli rúms og tíma, gildissvið mannlegs skilnings, möguleika og takmarkanir mannlegrar skynsemi og mörk hins þekkta og hins óþekkta. Ritinu fylgir greinargóður inngangur eftir Günter Zöller, prófessor í heimspeki við háskólann í München. Immanuel Kant (1724-1804) var prófessor í heimspeki við háskólann í Königsberg í Prússlandi.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 08. janúar 2009**

**➜ Opnanir**

**17.00** Í **START ART** listamannahúsi opna Árni Bartel og Sveinbjörg Jónsdóttir sýningar auk þess sem START ART listamenn munu sýna valin verk. START ART, Laugavegi 12b.

**➜ Listaverkaleiðangur**



**20.00** Alma Dís Kristinsdóttir safnfræðslufulltrúi **Listasafns Reykjavíkur,** býður listunnendum í leiðangur um miðbæinn þar sem þeim gefst kostur á að líta listaverk í nýju ljósi. Þessi viðburður er liður í sýningu **Hlyns Hallsonar** ÚT / INN en henni lýkur á sunnudaginn. Leiðangurinn hefst í A-sal Hafnarhúsins við Tryggvagötu.

**➜ Sýningar**

Með þinni skrift, sýning sem samanstendur af handskrifuðum ljóðum eftir margar af helstu **skáldkonum landsins,** m.a. Diddu, Vilborgu Dagbjartsdóttur, Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Gerði Kristnýju Vilhjálmsdóttur og Margréti Lóu Jónsdóttur. Opið þri.-föst. 13-18 og laugardaga 14-17. Gallerí Marló, Laugavegi 82.

Karl Jóhann Jónsson hefur opnað sýningu í sýningarsalnum **Hurðir, Virtus** á Laugavegi 170, 3. hæð. Sýningin er opin alla daga frá 9-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Fréttir af flóttafólki

Þú þarft að fara – núna. Hvaða hluti myndir þú taka með þér ef þú þyrftir að flýja burt – strax? Og hvers myndir þú sakna mest? Samviskuspurningar sem þessar voru lagðar fyrir skólabörn í verkefni sem unnið var í tengslum við sýninguna HEIMA – HEIMAN sem staðið hefur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur frá 13. september 2008 en lýkur nú á sunnudaginn 11. janúar 2009.

Í hádeginu á morgun, föstudag, munu þær Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari og Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur fjalla um sýninguna, tilurð hennar og vinnu sína við hana og útskýra hugmyndirnar sem liggja að baki hvernig ljósmyndirnar og textinn vinna saman í henni. Auk þess mun Anh Dao Tran frá Víetnam tala um reynslu sína sem flóttamaður á Íslandi.

Á sýningunni eru kynntir einstaklingar sem allir eiga það sameiginlegt að hafa þurft að flýja heimkynni sín. Flestir vegna stríðsátaka. Sumir hafa leitað skjóls í flóttamannabúðum – aðrir hafa flúið land úr landi – en allir eiga þeir sameiginlegt að hafa að lokum komið hingað til Íslands og búið sér hér nýtt heimili.

Á sýningunni fáum við innsýn í líf flóttamanna og hælisleitenda á ljósmyndum Katrínar Elvarsdóttur. Þær sýna okkur hverjir þeir eru en við getum aðeins gert okkur í hugarlund hvað þeir hafa fram að færa, hvaða sögum þeir búa yfir. Við skynjum brot af sögu þeirra og tilfinningum í gegnum einn einstaka hlut sem fylgt hefur þeim frá gamla heimalandinu og hingað heim.

Brot af sögu þeirra er jafnframt miðlað með texta sem unninn er upp úr viðtölum Sigrúnar Sigurðardóttur við hælisleitendur og flóttamenn á Íslandi. Á hljóðupptöku sem er hluti af sýningunni getum við hlustað á einstaka flóttamenn segja frá reynslu sinni. Þeir leitast við að koma upplifunum sínum í orð, finna þeim stað í tungumálinu.

Katrín Elvarsdóttir ljósmyndari á að baki farsælan og fjölbreyttan feril sem ljósmyndari. Hún lauk BFA-prófi frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur síðan þá haldið fjölda einkasýninga á Íslandi, í Bandaríkjunum og í Danmörku, nú síðast í Gallerí Ágúst þar sem sýning hennar Margsaga opnaði í ágúst síðastliðnum. Sigrún Sigurðardóttir er menningarfræðingur og hefur sérhæft sig í rannsóknum á ljósmyndum og þýðingu þeirra fyrir upplifun og skilning fólks á veruleikanum í fortíð og nútíð. Sigrún vinnur nú að ljósmyndarannsókn á Þjóðminjasafninu auk þess sem hún kennir við Listaháskóla Íslands. pbb@frettabladid.is



**LJÓSMYNDIR** Mynd og minningablað Anh Dao Tran frá Víetnam á sýningunni í Ljósmyndasafni Reykjavíkur en henni lýkur um helgina. MYND/KATRÍN ELVARSDÓTTIR




Þessi eina sanna BYKO

# ÚTSA

Eingöngu í BYKO Kauptúni

## Útsölumarkaður í BYKO Kauptúni!

**Barstóll:**
GORA barstóll.
**1.500 kr.** 58% afsláttur
Fullt verð er 3.588 kr.

**Hnífaparasett:**
Hnífaparasett 20 stk.
**990 kr.** 75% afsláttur
Fullt verð er 3.990 kr.

**Kaffikanna, króm:**
SVP kaffikanna, 1 l.
**990 kr.** 67% afsláttur
Fullt verð er 2.990 kr.

**Hornbaðkar:**
Camelia hornbaðkar án svuntu, 149x149 cm.
**44.900 kr.**

**Sængur- og koddaver:**
Flott sængur- og koddaver, 2 mismunandi mynstur.
**1.490 kr.** 63% afsláttur
Fullt verð er 3.490 kr.

Munið að taka þátt í

## Uppboði




í BYKO Kauptúni
laugardaginn 10. janúar kl. 14.

**Föndurfræsari:**
DREMEL föndurfræsari.
**8.000 kr.** 40% afsláttur
Fullt verð er 14.155 kr.

**Borðsími:**
KASSEL borðsími XL-2031 IDM.
**1.500 kr.** 60% afsláttur
Fullt verð er 3.767 kr.

**Loftpressa:**
Loftpressa CW08.
**8.000 kr.** 50% afsláttur
Fullt verð er 16.667 kr.

**Barnastóll:**
Barnastóll, án sessu, 45x50x74 cm.
**5.990 kr.** 53% afsláttur
Fullt verð er 12.760 kr.

**Uppþvottavél:**
ARISTON uppþvottavél, hvít.
**69.900 kr.** 30% afsláttur
Fullt verð er 100.174 kr.

**BRATZ leikföng:**
Flott BRATZ leikföng, nokkrar gerðir. Fyrstur kemur fyrstur fær!
**900 kr.** 52% afsláttur
Fullt verð er 1.890 kr.

Eingöngu í BYKO Kauptúni

ALA!

# Allt að 60% afsláttur

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

**25-60%** afsláttur af ÖLLUM vinnufatnaði!

**25-50%** afsláttur af ÖLLUM blöndunartækjum!

**30-60%** afsláttur af ÖLLUM flísum!

**30-50%** afsláttur af ÖLLUM gardínum!

**30-60%** afsláttur af ÖLLUM ljósum!

**30-50%** afsláttur af ÖLLUM mottum og teppum!

**30%** afsláttur af allri innimálningu!

**30-60%** afsláttur af ÖLLUM búsáhöldum!



**40% afsláttur**

**5.394**
Fullt verð: 8.990

Ódýrt

BOSCH
Vnr. 65741010
**Ávaxtapressa**
BOSCH ávaxta- og grænmetispressa, 350W.



**40% afsláttur**

**5.394**
Fullt verð: 8.990

BOSCH
Vnr. 65742000/5
**Blandari**
Öflugur 600 W blandari frá BOSCH, grár eða rauður.
- 2 lítra glerkanna.
- Stiglaus hraðastilling.
- Ræður við að mylja klaka.



**60% afsláttur**

**1.508**
Fullt verð: 3.770

Vnr. 71132804
**Skrúfjárnasett**
HURRICANE skrúfjárnasett, 10 stk.



**50% afsláttur**

Ódýrt

**1.195** kr. m²
Fullt verð: 2.390

Vnr. 0113565
**Parket**
Smelluplastparket hlynur, 8,3x195x1210mm, rakaheldt gæðaparket

Stórskemmtilegur

# ÚTSÖLU-LEIKUR!

Verslaðu í BYKO og þú getur unnið

**100.000 kr.**

VIÐSKIPTAKORT
Jón Jónsson

**Allir sem versla í BYKO 8.-11. janúar geta tekið þátt. Það eina sem þarf að gera er að nota BYKO kortið. Þú getur sótt um BYKO kortið á þjónustuborði í öllum verslunum BYKO. Sæktu um BYKO kortið strax í dag!**

Vinningar eru:

1. **100.000** kr gjafakort í BYKO. Gildir einnig í ELKO, Húsgagnahöllinni og Intersport
2. OUTBACK GASGRILL TUNGSTEN **49.875** kr.
3. BOSCH HRÆRIVÉL 1400W GRÁ **39.900** kr.

Dregið verður mánudaginn 12. janúar og nöfn vinningshafa birtast á www.byko.is.

BYKO

**> EMPIRE FRUMSÝNIR T2**

Kvikmyndatímaritið Empire fékk að skyggnast að tjaldabaki Transformers 2 sem Michael Bay leikstýrir. Fyrri myndin naut gríðarlegra vinsælda og er T2 beðið með mikilli eftirvæntingu. Þeim sem vilja finna smjörþefinn af hasarnum er bent á heimasíðu Empire, empireonline.co.uk.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Tilbrigði við Rómeó og Júlíu

Bók danska rithöfundarins Anne Fortier, Julia, hefur vakið mikla athygli og bandaríski leikstjórinn James Mangold hefur þegar tryggt sér kvikmyndaréttinn. Þetta þykja kannski ekki merkileg tíðindi nema að bók Fortier kemur ekki út fyrr en árið 2010. Hins vegar verður ekki annað sagt en að söguþráðurinn sé æði merkilegur því hún segir sögu Júlíu sem kemst að því að hún er fjarskyldur ættingi þessara þekktustu elskenda bókmenntasögunnar. Fortier fer síðan með lesendur í tímaflakk, frá miðöldum í Veróna til dagsins í dag.

Rómeó og Júlía er meðal þekktustu leikverka heims en það er meðal fyrstu verka Williams Shakespeare. Leikverkið hefur verið kvikmyndað ótal sinnum, þar frægust er kvikmyndaútfærsla Baz Luhrman með þeim Claire Danes og Leonardo Di Caprio í aðalhlutverkum. Bók Fortier olli miklum usla á bókamessunni í Frankfurt í september og margir kvikmyndaspekúlantar eru sannfærðir um að þarna sé ákaflega spennandi verk í smíðum sem eigi eftir að henta hvíta tjaldinu fullkomlega.

Mangold er meðal færustu leikstjóra Hollywood um þessar mundir en eftir hann liggja meðal annars kvikmyndirnar Girl, Interrupted; Walk the Line og 3:10 to Yuma. Hann er einn framleiðenda að sjónvarpsþáttunum Men in Trees sem sýndir hafa verið á Stöð 2 við miklar vinsældir.



**JÚLÍA** James Mangold er sagður ætla að leikstýra kvikmyndinni Júlíu sem fjallar um afkomanda einhverra þekktustu elskenda í heimi, Rómeó og Júlíu.



**SIGURSTRANGLEGUR** Heath Ledger þykir eiga Óskarinn vísan fyrir frammistöðu sína sem Jókerinn í Dark Knight. Margir binda jafnvel vonir við að hún verði kosin besta mynd ársins.

# Dark Knight gæti brotið blað á Óskarnum

Kvikmyndin The Dark Knight gæti brotið blað í sögu Óskarsverðlaunanna því nú telja flestir að hún eigi öruggt sæti meðal þeirra kvikmynda sem tilnefndar verða til Óskarsverðlauna. Í vikunni var tilkynnt að samtök framleiðenda hefðu tilnefnt hana sem bestu kvikmynd ársins. Keppir hún þar við Frost/Nixon, The Curious Case of Benjamin Button og Slumdog Millionaire eftir Danny Boyle. Áður hafði félag leikara í Hollywood tilnefnt Heath Ledger fyrir bestan leik í aukahlutverki.

Þetta gefur til kynna að andlát Heaths Ledger sé kvikmyndagerðarfólki ofarlega í huga og telja fréttaskýrendur að þetta muni hafa mikil áhrif á tilnefningarnar sem kunngerðar verða 22. janúar. Reyndar urðu kvikmyndagagnrýnendur hálf hvumsa þegar tilnefningar til Golden Globe voru kynntar en The Dark Knight hlaut ekki náð fyrir augum þeirrar dómnefndar.

Annars gætu Óskarsverðlaunin orðið um margt merkileg því flestir telja hasarmyndina The Dark Knight sigurstranglega en fast á hæla hennar fylgir teiknimyndin Wall-E sem margir telja að gæti mætt sterk til leiks. Og það yrði nú saga til næsta bæjar ef hasarblaðahetja og teiknimyndafígúra myndu berjast um sigurinn í Kodak-höllinni.

# Týnt barn og breskur krimmi

**Janúar og febrúar-dúettinn er í hugum margra leiðinlegasta tvíeyki ársins. Þetta gildir þó ekki um kvikmyndaáhugafólk enda rekur á fjörurnar margar af bestu kvikmyndum hvers árs á þessu tímabili.**



**ÓSKARINN** Kvikmyndinni Changeling er spáð mikilli velgengni á Óskarnum en hún skartar sjálfri Angelinu Jolie í aðalhlutverki.

Reyndar hefst kvikmyndaárið 2009 með íslenskri kvikmynd, heimildarmyndinni Sólskinsdreng eftir Friðrik Þór Friðriksson, sem fjallar um einhverfu. Myndin hefur þegar vakið mikla athygli en hún segir sögu Margrétar Dagmarar, sem hefur reynt allt til að koma syni sínum, Kela, til hjálpar. Hann er ellefu ára og með hæsta stig einhverfu. Í tilefni af frumsýningunni munu Taylor Crowe og faðir hans, Dr. David Crowe, sækja landið heim en Taylor er með hæsta stig einhverfu líkt og Keli. Nánar verður rætt við Margréti í helgarblaði Fréttablaðsins á laugardaginn.

Þeir sem kjósa frekar þægilega afþreyingu hafa einnig úr nægu að velja. Will Smith skiptir um gír í kvikmyndinni Seven Pounds eftir sama leikstjóra og gerði Pursuit of Happyness. Í stað þess að berjast fyrir tilvist heimsins þá hyggst Smith breyta lífi sjö manneskja eftir að hafa orðið sama fjölda að bana í umferðarslysi. Guy Ritchie snýr síðan aftur í undirheima eftir að hafa reynt, með fremur misheppnuðum hætti, að koma kvikmyndaferli fyrrverandi eiginkonu sinnar á flug. Ricthie er í svipuðum slóðum og í Snatch og Lock Stock en kvikmyndin RocknRolla segir frá baráttu breskra glæpamanna um yfirráð yfir rússneskri fasteignasvikamyllu.



**SÓLSKINSDRENGUR FRIÐRIKS** Heimildarmyndin Sólskinsdrengurinn hefur þegar vakið mikla athygli, en hún fjallar á mannlegan hátt um einhverfu.

Meðal þeirra sem leika í RocknRolla má nefna skoska sjarmatröllið Gerard Butler sem lék aðalhlutverkin í Bjólfskviðu og 300. Mynd helgarinnar kemur þó án nokkurs vafa frá meistara Clint Eastwood. Hún heitir Changeling og skartar sjálfri Angelinu Jolie í aðalhlutverki. Myndinni hefur þegar verið spáð mikilli velgengni á Óskarnum en hún hlaut meðal annars tvær tilnefningar til Golden Globe-verðlauna. Christine er einstæð móðir í miðri heimskreppunni á þriðja áratug síðustu aldar. Hún uppgötvar sér til mikillar skelfingar að syni hennar hefur verið rænt og reynir að fá aðstoð lögreglunnar en talar þar fyrir daufum eyrum. Í kjölfarið fara fjölmiðlar á stjá og upp úr kafinu kemur að sonur Christine er ekki eina barnið sem hefur horfið sporlaust.

# Hasarmyndahetjur sameinast

Aðdáendur alvöru hasarmynda ættu að leggjast á bæn og biðja góðan guð um að vernda kvikmyndina The Expendables. Því ekki er nóg með að handritshöfundurinn sé Sylvester Stallone heldur leikur kappinn líka aðalhlutverkið. Það eitt og sér ætti náttúrulega að nægja fyrir aðdáendur Stallones, sem eru fjölmargir, en mótleikarar Sly í myndinni eru af þeirri „stærðargráðu“ að hörðustu harðhausunum gæti vöknað um augun.

Í gær var nefnilega tilkynnt að Mickey Rourke hefði bæst í leikhóp Stallone en fyrir eru þeir Jason Statham, Jet Li, Dolph Lundgren og bardagameistarinn Randy Couture sem aðdáendur UFC ættu að kannast við. En svo söguþráðurinn komist örugglega til skila hafa þeir Ben Kingsley og Forest Whitaker samþykkt að leika í myndinni. Myndin segir frá hópi þrettán málaliða sem fá nánast ómögulegt verkefni. Þeir eiga nefnilega að steypa af stóli suður-amerískum einræðisherra sem stjórnar landi sínu með harðri hendi. Rourke verður ekki hluti af þessum hópi heldur leikur þessi fornfrægi leikari vopnasala sem dregst óvænt inn í atburðarásina.

**ÓTRÚLEGUR HÓPUR**

Sly Stallone, Mickey Rourke og Dolph Lundgren í sömu mynd er eitthvað sem allir alvöru harðhausar hafa beðið eftir.



Stallone er þegar byrjaður að leita að tökustöðum og kemur Brasilía vel til greina ef marka má frétt á vefsíðu kvikmyndatímaritsins Empire. Að endingu er svo rétt að árétta að Stallone situr að sjálfsögðu sjálfur í leikstjórastólnum.




ATLANTSOLÍA

# -5

## KRÓNA AFSLÁTTUR
## með dælulykli í dag.






Í dag eru **5 ár** síðan Atlantsolía hóf sölu á bensíni.
Fyrsti lítrinn var seldur á Kópavogsbraut 115.
Í tilefni af því veita dælulyklar Atlantsolíu
**5 króna afslátt** í dag.

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

**Atlantsolía - Lónsbraut 2 - 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

PIPAR • SÍA • 90013



MORRISEY



RAGNAR SÓLBERG

## > Í SPILARANUM

**Morrisey** - Years of Refusal
**Lily Allen** - It's Not Me, It's You
**Kuroi** - ep
**Friendly Fires** - Friendly Fires
**Ragnar Sólberg** - The Circle

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Zeppelin heldur áfram

Umboðsmaður Jimmy Page hefur staðfest að Led Zeppelin muni á næstunni fara á tónleikaferð og taka upp nýja plötu án söngvarans Roberts Plant. Sögusagnir hafa verið á kreiki að sú yrði raunin og eftir að Plant tilkynnti í desember að hann tæki ekki þátt í frekari endurfundum hefur allt verið sett á fullt í leit að nýjum söngvara. „John Paul Jones og Jimmy Page njóta þess að spila saman, Jason Bonham er frábær trommari svo af hverju ekki? Við þurfum bara að finna söngvara," segir umboðsmaðurinn Peter Mensch. Hann gefur fremur lítið fyrir þátttöku Plants í Led Zeppelin-endurkomunni árið 2007: „Þeir skemmtu sér frábærlega vel saman við æfingar fyrir tónleikana, þeir þrír, áður en Robert mætti til leiks."

Ýmsir þekktir söngvarar hafa verið orðaðir við söngvarastöðuna í Led Zeppelin, þar á meðal Chris Cornell úr Soundgarden og Audioslave og Steven Tyler úr Aerosmith. Umboðsmaðurinn Mensch vill lítið tjá sig um leitina að söngvaranum: „Þetta verður langt og erfitt ferli."



**ENDURKOMA ZEPPELIN** Robert Plant og Jimmy Page á endurkomutónleikum Led Zeppelin í London í desember 2007. NORDICPHOTOS/GETTY



## > Plata vikunnar

Reykjavík! - The Blood

★★★★

„Þótt hljómurinn á The Blood sé skítugur og rokkveggurinn þykkur þá gefa grípandi viðlög plötunni poppaða vídd. Frábær rokkplata."

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Enginn veit hvað átt hefur...*

Nú eru tímar samdráttar og niðurskurðar. Ríkisútvarpið er þar ekki undanskilið. Um daginn flaug það fyrir að m.a. stæði til að skera niður tónlistarflutning í Sjónvarpinu. Tónlistarinnslögin í Kastljósinu voru sérstaklega nefnd, auk þess sem talað var um að óvíst væri að sent yrði út frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna. Nú veit ég ekki hvort einhverjar ákvarðanir hafa verið teknar, en þessi umræða varð til þess að ég fór að velta fyrir mér hvernig Sjónvarpið hefur staðið sig í þessum málum.

Í raun eru innslögin í Kastljósinu stærsta framlag Sjónvarpsins til íslenskrar tónlistar. Þessi stuttu tónlistaratriði hafa verið mjög vel valin og framleidd. Ungar sveitir hafa fengið tækifæri mjög snemma á ferlinum, (oft áður en þær hafa gefið út sína fyrstu plötu t.d. Retro Stefson og Sprengjuhöllin), en eldri og ráðsettari listamenn hafa líka verið aufúsugestir. Í heildina gefa þessi innslög góða mynd af því sem hefur verið að gerast í tónlistarlífinu. Þau hafa oft vakið verðskuldaða athygli á upprennandi listamönnum og eru mikilvæg heimild fyrir framtíðina. Hugsið ykkur t.d. ef jafn mikið efni væri til með hippasveitum áttunda áratugarins eða listamönnum rokksprengjunnar í upphafi níunda áratugarins. Það væri þarft mál að gera öll þessi innslög aðgengileg á vef RÚV.



Það er auðvitað sitthvað fleira gott á skjánum. Það besta við þáttinn Gott kvöld var t.d. lifandi flutningur og oft nýjar útsetningar á tónlist viðmælendanna. Og stórtónleikar Rásar 2 á Menningarnótt sem Sjónvarpið hefur tekið upp undanfarið eru líka frábært framtak. Lifandi tónlist er alltaf gott sjónvarpsefni. Þættir Möggu Stínu með íslenskum tónlistarmönnum hér um árið voru svolítið undarlegir, en tónlistin í þeim stóð fyrir sínu. (Muniði t.d. eftir Mugison þættinum?). Og nú eru þeir varðveittir um ókomna tíð. Íslensku tónlistarverðlaunin hafa líka reynst ágætt sjónvarpsefni.

Það má auðvitað gera betur. T.d. gera meira af því að taka upp tónleika úti í bæ. En Sjónvarpið hefur samt yfir það heila staðið sig nokkuð vel. Þess er óskandi að svo góðu efni verði ekki fórnað.


föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun




Sirrý í nýju hlutverki
Eldmóðurinn keyrir mig áfram

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga


# Spennandi plötur streyma út

**Þrátt fyrir efnahagslegan samdrátt er auðvitað ekkert lát á útgáfu nýrra platna, enda engin sérstök kreppa á meðal listamanna. Tónlistaráhugafólk hefur yfir mörgu að hlakka á næstunni enda nóg af spennandi plötum að koma út.**

Ljúfi risinn Antony mætir nú loks með nýja plötu eftir að hann sló í gegn með I Am a Bird Now árið 2005. Antony sem má vel kalla Íslandsvin enda hefur hann spilað hér og dvalið, notar annan Íslandsvin til að útsetja fyrir sinfóníuhljómsveitir sem munu spila með honum á tónleikum. Nico Muhly heitir sá og gaf út í fyrra plötuna Mother Tongue á vegum Bedroom Communications, fyrirtækis Valgeirs Sigurðssonar.

Tonight: Franz Ferdinand verður þriðja plata skosku rokkaranna. Platan ku vera undir afrískum áhrifum á köflum og „örugg með sig og kjörin fyrir dansgólfin," eins og söngvarinn gaf nýlega út í viðtali.

Nirvana-ekkjan Courtney Love kemur með aðra sólóplötu sína, Nobodys Daughter, en fyrir fimm árum reið hún ekki feitum hesti frá fyrstu sólóplötunni sinni. Courtney þykir í fínu formi þökk sé strangri rækt við búddisma. Helsta aðstoðarfólk hennar á plötunni er Billy Corgan úr Smashing Pumpkins, lagahöfundurinn Linda Perry og Michael Beinhorn, sá sem tók upp hina ágætu plötu Hole, hljómsveitar Courtney, Celebrity Skin.

The Prodigy kemur nú saman á ný, hljóðkarlinn Liam og söngvararnir Keith og Maxim á plötunni Invaders Must Die. Síðast var Liam einn á ferð fyrir fimm árum á plötunni Always Outnumbered, Never Outgunned. Nýja platan þykir afturhvarf til sveittrar fortíðar og frá sjónarhóli dansgólfsins þykir þetta besta Prodigy-platan síðan Music for the Jilted Generation kom út.

Í byrjun mars heiðrar U2 okkur svo með tólftu sólóplötunni sinni, No Line on the Horizon. Bandið stefndi á grjótharða rokkplötu þegar pælingar hófust við plötugerðina árið 2006 og fékk Rick Rubin á takkana. Efnið sem hann var búinn að taka upp var þó sett í geymslu og gamlir jálkar úr U2-klaninu, Brian Eno, Daniel Lanois og Steve Lillywhite, fengnir til verka. Nýja platan þykir framsækin og nýjungagjörn og þeir sem hafa heyrt hana lofa álíka tónrænu nýjabrumi og á plötunni Achtung Baby. drgunni@frettabladid.is

## VÆNTANLEGAR PLÖTUR

**Í JANÚAR:**
Animal Collective - Merriweather Post Pavillion
Antony and the Johnsons - The Crying Light
Franz Ferdinand - Tonight
Bruce Springseen - Working on a Dream
Eagles Of Death Metal - Heart On
Sepultura - A-lex
Deftones - Eros
Yeah Yeah Yeahs - Þriðja platan
Chris Cornell - Scream
Röyksopp - Junior
Pet Shop Boys - Yes
PJ Harvey - A Woman a Man Walked By
Black Eyed Peas - The E.N.D.

**Í FEBRÚAR:**
50 Cent - Before I Self Destruct
Courtney Love - Nobodys Daughter
Jay-Z - Blueprint 3
Lily Allen - It's Not Me, It's You
Morrissey - Years of Refusal
Dolores O'Riordan - No baggage

**Í MARS:**
The Prodigy - Invaders Must Die
Eminem - Relapse
U2 - No Line on the Horizon

**AÐRIR PLÖTUR SEM KOMA ÚT Á ÁRINU:**
Depeche Mode - Tólfta platan
Tori Amos - Tíunda platan
Doves - Fjórða platan
Beastie Boys - Áttunda platan
Green Day - Áttunda platan
Manic Street Preachers - Journal for Plague Lovers
Radiohead - Áttunda platan
Muse - Fimmta platan
No Doubt - Sjötta platan
Korn - Níunda platan



**BÚDDISMINN HELDUR HENNI Í GÓÐUM GÍR** Courtney Love er einskis dóttir.



**AFTUR SAMAN, AFTUR Á DANSGÓLFIÐ** The Prodigy snúa aftur í fantaformi.



**FRAMSÆKNIR** Ný U2 plata í byrjun mars.

# Kassagítarrokk frá Kuroi

Hljómsveitin Kuori heldur útgáfutónleika á Grand Rokki á laugardaginn til að kynna nýja EP-plötu sína. Sveitin leikur kassagítarrokk undir áhrifum frá sveitum á borð við Led Zeppelin, Sunny Day Real Estate og Alice in Chains.

„Hún er búin að vera dágóðan tíma í smíðum," segja þeir félagar Leifur Björnsson og Daníel Auðunsson um plötuna. „Við álítum okkur tilbúna núna til að fara með hana út í þjóðfélagið." Leifur og Daníel eru einnig í hljómsveitunum Foreign Monkeys og Árstíðir, sem gefa báðar út plötur á árinu. „Þetta byrjaði sem kassagítardjamm og við unnum okkur út úr því með bandinu," segja þeir.

Nafnið óvenjulega Kuroi er fengið úr japönsku og þýðir dökkur. „Það er töff að hafa flott orð sem fólk tengir við góða músík," segja þeir.

Útgáfutónleikarnir hefjast klukkan 23, þar sem Retro Stefson stígur einnig á svið. Aðgangseyrir er 500 krónur og verður nýja platan seld á kynningarverði. Tóndæmi má nálgast á www.myspace.com/kuroimikado. - fb



**KUROI** Hljómsveitin Kuroi heldur útgáfutónleika á Grand Rokk á laugardaginn.

# Útsalan er hafin
# Opnum kl. 07:00

**40%**
afsláttur af
öllum vörum!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

## > EIGNAÐIST TVÍBURA

Leikkonan Rebecca Romijn eignaðist tvíburastelpur 28. desember síðastliðinn. Ugly Betty-stjarnan og eiginmaður hennar, leikarinn Jerry O'Connell, eru í skýjunum með nýju fjölskyldumeðlimina og hafa nefnt stelpurnar Dolly Rebecca Rose og Charlie Tamara Tulip. Romijn og O'Connell giftu sig árið 2007, en áður var hún gift E.R.-leikaranum John Stamos.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Þjóðin sameinaðist yfir Skaupinu

Því hefur oft verið haldið fram að þjóðin sameinist fyrir framan sjónvarpstækin á gamlárskvöldi og horfi saman á Áramótaskaupið. Tölur úr mælingum Capacent Gallup staðfesta þessa kenningu. „82,7 prósent horfðu. Sem verður að teljast dágóður árangur," segir Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri. Þetta er öllu lægri tala en kom út úr svipuðum mælingum í fyrra en þá reyndust rúmlega 94 prósent þjóðarinnar hafa horft á Skaup Ragnars Bragasonar. Þórhallur upplýsir að þá hafi mælingarnar verið nýjar af nálinni og því séu þessar tölur í raun ekki samanburðarhæfar.

Annars vekur það athygli að rúmlega fimmtíu prósent þjóðarinnar kaus að horfa á endursýningu Skaupsins á laugardagskvöld. „Þetta hlýtur að stafa af því að Skaupið hefur spurst vel út til þeirra örfáu sem af því misstu," segir Þórhallur. Því virðist sem minni framleiðslukostnaður hafi ekki komið niður á gæðunum því eins og Fréttablaðið greindi frá kostaði Skaupið aðeins 26 milljónir, fjórum milljónum minna en það kostaði fyrir ári. Silja Hauksdóttir leikstýrði Skaupinu í ár en með helstu hlutverk fóru þau Brynhildur Guðjónsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Halldóra Geirharðsdóttir. - fgg



**GOTT ÁHORF** Það hlýtur að teljast ágætur árangur þegar yfir áttatíu prósent þjóðarinnar horfa á sama dagskrárliðinn. Skaupið virðist aldrei falla úr tísku.

# André Bachmann sextugur

„André Bachmann er náttúrulega einn af helstu sjentilmönnum þessa samfélags og hefur liðsinnt ótrúlegum fjölda landsmanna, ekki síst þeim sem minna mega sín. Ég veit að gríðarlegur fjöldi fólks stendur í þakkarskuld við hann og fyrir vikið munu hellast yfir mig beiðnir um skemmtiatriði, framsögur og kvæðabálka," segir Sigmundur Ernir Rúnarsson sem verður veislustjóri í sextugsafmæli André Bachmann sem fram fer næstkomandi föstudagskvöld í Rúgbrauðsgerðinni. Andri hefur meðal annars haldið jólaball fatlaðra í 26 ár, þar sem Sigmundur Ernir og Edda Andrésdóttir hafa verið kynnar.

„Þegar ég fór að ræða það við Jóhannes bróður minn um að ég ætlaði að halda upp á sextugsafmælið sagði hann að ég þyrfti ekki að sjá um það, það væri komin undirbúningsnefnd," útskýrir André og segir Jóhannes hafa komið sér á óvart þegar hann varð fimmtugur með troðfullum Súlnasal þegar André ætlaði aðeins að halda smáboð. „Ég á afmæli í dag. 8. janúar, sama dag og Elvis Presley og David Bowie, svo Presley, Bowie og Bachmann eru allir sama daginn," bætir hann við og hlær.

„Hljómsveitin Hvar er Mjallhvít? ætlar að spila fyrir dansi á föstudagskvöldið og ég vonast til að sjá sem flesta vini, ættingja og vinnufélaga, bæði af Olís og Strætó. Ég er ekki að biðja um neinar gjafir heldur bara hlýtt handtak, það er miklu betra en stórar gjafir," segir André. - ag




**VEISLUSTJÓRI** Sigmundur Ernir Rúnarsson verður veislustjóri í sextugsafmæli André, en þeir hafa þekkst í fjölda ára.

**STÓRAFMÆLI** André Bachmann verður 60 ára á fimmtudaginn og vonast til að sjá sem flesta vini, ættingja og vinnufélaga í Rúgbrauðsgerðinni á föstudagskvöldið.





**STJÓRNA SAMAN** **Ragnhildur Steinunn** og **Eva María** leiða áhorfendur í allan sannleikann um Eurovision-keppendurna.

# Eva María Jónsdóttir í Eurovision

**Eva María Jónsdóttir hefur gengið til liðs við hið árlega Eurovision-æði sem grípur þjóðina því hún mun verða kynnir Eurovision ásamt Ragnhildi Steinunni.**

„Ég hef alltaf tekið þátt í þessu en bara heima hjá mér. Núna verður þetta bara í vinnunni," segir Eva María um kynnisstarf sitt í Eurovision og viðurkennir fúslega að hún sé heilluð af þessari keppni sem margir telja nú ekki merkilega. „Eurovision er bara eitthvert furðulegt og fyndið sjónvarpsefni," útskýrir sjónvarpskonan.

Fyrsta kvöldið verður á laugardaginn en þá keppa fjögur lög um hylli áhorfenda heima í stofu. Meðal þeirra sem stíga á svið eru ungstirnið Jóhanna Guðrún, Edgar Smári og Idol-Heiða. Eva segist ekkert kvíða því að þurfa að hlusta á öll lögin og kastar glöð frá sér þeim forréttindum að geta slökkt á sjónvarpinu ef lagasmíðarnar reynast vera skelfilegar. „Og svo er það nú líka oft þannig að verstu atriðin eru oft eftirminnilegust."

Ragnhildur Steinunn stjórnaði Eurovision-langlokunni í fyrra ásamt Gísla Einarssyni og vakti sjónvarpskonan mikla athygli fyrir oft á tíðum glæsilega og íburðarmikla kjóla. Eva leyfir sér að efast um að Eurovision-keppnin í ár verði einhver svipuð búningaveisla og þá. „Ég er búin með það tímabil í mínu lífi. Þetta verður meira um flytjendurna og dansarana enda er Eurovision-keppnin sjálf alveg nóg fyrir áhorfendurna." freyrgigja@frettabladid.is

FRAMKOMU- & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 20. JANÚAR OG 22. JANÚAR.

Sjálfstyrking . Framkoma . Líkamsburður . Innsýn í fyrirsætustörf . Förðun . Umhirða húðar og hárs . Myndataka (10 s/h myndir) . Tískusýningarganga . Fíkniefnafræðsla . Myndbandsupptökur . Leikræn tjáning

Umsjónarkennarar námskeiðsins er Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, Maybelline mascara, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu. EMM School of Make-Up sér um förðun.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og eskimo@eskimo.is

Verð 17.900 kr.



emm
MAYBELLINE NEW YORK
eskimo

# Burger King-rakspírinn rýkur út

Þótt Burger King í Smáralind sé ei meir er bandaríska hamborgarakeðjan enn í góðu stuði og setti nýlega á markað sérstakan Burger King-rakspíra – Burger King flame. Eins og klárlega má sjá á heimasíðu rakspírans er um gott grín að ræða.

Rakspírinn er þó til í alvörunni en var dreift í afar takmörkuðu magni. Aðeins var hægt að kaupa Flame í verslunum Ricky's í New York og á netinu. Rakspírinn seldist upp á nokkrum dögum en fæst nú á eBay á uppsprengdu verði. Heimildum ber ekki saman um ilminn. Sumir segja rakspírann minna á „Burger King-borgara sem er að fuðra upp í hræðilegu feitis-báli", aðrir segja að lyktin sé „hressandi kryddblanda, ekki ósvipuð og af rakspíranum Axe".

Burger King-rakspírinn kemur í verslanir bráðlega aftur enda hafði hann gífurlegt auglýsingagildi. Nánast allir spjallþáttastjórnendur vestanhafs minntust á ilminn í gríninngangi sínum og mörgum finnst svona vara eflaust vera tilvalin sem „gríngjöf".

Á Íslandi hætti Burger King í Smáralind um áramótin. Þar sem staðurinn var mun nýr veitingastaður opna þriðju vikuna í janúar. Ekki hefur enn verið greint frá hvers konar staður það er.




**MMM... HAMBORGARAILMUR** Ef þú vilt lykta eins og skyndibitastaður þá er Burger King með rakspírann fyrir þig.

# Sár og svekkt út í Victoríu

Söngkonan og breski X-faktor dómarinn Cheryl Cole viðurkennir að hún hafi orðið fyrir vonbrigðum með Victoriu Beckham eftir að upp komst að eiginmaður Cheryl, fótboltakappinn Ashley Cole, hafði ítrekað haldið framhjá henni.

Í viðtali við tískutímaritið Vogue segir Cheryl að hún hafi verið hneyksluð á því að Victoria hafði ekki samband eftir að upp komst um framhjáhaldið í fjölmiðlum í byrjun síðasta árs.

Cheryl segir fyrrverandi kryddpíuna hafa verið fastagest á hótelherbergi sínu þegar eiginmenn þeirra kepptu á heimsmeistaramótinu í fótbolta í Þýskalandi 2006. Einnig segir hún þær stöllur margoft hafa verið saman í grillveislum, og mæður Ashley Cole og Davids Beckham séu góðar vinkonur og því hafi hún orðið mjög vonsvikin yfir því að Victoria skyldi ekki hafa samband.

**HRINGDI EKKI** Að sögn Cheryl var Victoria Beckham fastagestur á hótelherbergi hennar þegar eiginmenn þeirra kepptu á HM 2006.



**HNEYKSLUÐ** Cheryl Cole bjóst við því að heyra frá Victoriu Beckham eftir að upp komst um framhjáhald Ashley Cole.

# Hrifinn af Gomorra

Leikstjórinn Martin Scorsese ætlar að halda áfram að styðja við bakið á ítölsku mafíumyndinni Gomorra, sem er byggð á samnefndri bók Roberto Saviano. Scorsese kom ekki að gerð myndarinnar en tekur engu að síður þátt í kynningarherferð hennar.

„Gomorra eftir Matteo Garrone sýnir undirheima Napolí á harðneskjulegan hátt,“ sagði Scorsese, sem er afar hrifinn af myndinni. Gomorra vann Grand Prix-verðlaunin á Cannes í fyrra sem eru næstæðstu verðlaun hátíðarinnar á eftir Gullpálmanum. Hún verður frumsýnd í Bandaríkjunum 13. febrúar og er framlag Ítala til Óskarsverðlaunanna í ár.



**MARTIN SCORSESE** Leikstjórinn þekkti styður dyggilega við bakið á glæpamyndinni Gomorra.



**LEONA LEWIS** Breska söngkonan ætlar að gefa út ævisögu sína. Hún vann á pitsustað áður en hún vann X-factor.

# Gefur út ævisögu

Breska söngkonan Leona Lewis hefur samþykkt að gefa út ævisögu sína hjá útgefandanum Hodder & Stoughton. Fjallar hún um það hvernig hún skaust á ótrúlegan hátt upp á stjörnuhimininn eftir að hafa starfað sem afgreiðsludama á pitsustað. Eftir það vann hún X-factor-keppnina og er nú orðin alþjóðleg stjarna.

„Síðustu tvö ár hafa verið ótrúleg,“ sagði Lewis. „Að geta sagt fólki frá því í mínum eigin orðum skiptir mig miklu máli.“ Fyrsta plata hennar, Spirit, hefur selst í rúmlega fimm milljónum eintaka sem er frábær árangur, sérstaklega fyrir nýliða í tónlistarbransanum.



**EKKI ÓFRÍSK** Mariah segist tilbúin til að eignast barn með eiginmanni sínum.

# Tilbúin í barneignir

**Mariah Carey og eiginmaður hennar, Nick Cannon, hafa blásið á þær sögusagnir að Mariah gangi með barn undir belti. Nick, sem giftist Mariuh síðastliðið sumar, sagði nýverið í viðtali við fjölmiðla vestanhafs að þau séu að „reyna að eignast barn og það muni án efa gerast“.**

**Margir töldu að Mariah væri ófrísk eftir að hún sást yfirgefa læknastofu kvensjúkdómalæknis með eitthvað í höndunum sem líktist helst sónarmynd. Hin 38 ára söngkona hefur viðurkennt að hún sé tilbúin til að eignast barn, en segist vera þreytt á því að fólk sé stanslaust að spyrja hana hvort hún sé ófrísk.**


NÝTT KORTATÍMABIL
Opið í dag
11 til 21

Útsalan heldur áfram

Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum

**15%** afsláttur til sunnudags af öllum (nýjum) vörum í **Gerry Weber og Taifun**.*

**50%** afsláttur af öllum herrajakkafötum*.

**70%** afsláttur af öllu jólaskrauti.

**20%** afsláttur af **Ticket to heaven** barnavörum meðan á útsölu stendur.

**25-55%** afsláttur af bókum.

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| AUSTRALIA LÚXUS D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.40 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 10.20 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |
| INKHEART | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |
| INKHEART | kl. 6 - 8 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

## NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 - POWER | kl. 8 og 10 | 16 |
| BOLT 3D - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| INKHEART | kl. 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 6 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

## SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 6 - 8D - 8:20 - 10:20D -10:40 | 7 |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 5:50(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 DIGTAL | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN DIGTAL | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 6(3D) DIGTAL-3D | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 8:10(3D) DIGTAL-3D | L |
| TWILIGHT | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| DAY THE EARTH STOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA 700.kr. | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE SPIRIT | kl. 8 - 10 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| YES MEN | kl. 8 - 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 | L |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |


# Ágúst Borgþór kennir blogg

**Hinn landskunni bloggari Ágúst Borgþór, Bloggþór, miðlar nú af reynslu sinni á námskeiði í bloggi.**

„Ég hef unnið lengi við auglýsingatextagerð og var beðinn um það fyrir nokkru að kenna fræðin á bak við slík skrif. Ég komst fljótlega í raun um það að ég er mun betri í að kenna heldur en að skrifa sjálfur,“ segir Ágúst Borgþór Sverrisson, einn þekktasti bloggari landsins. Ágúst klæðist brátt aftur í kennarafötin því hann hyggst kenna áhugasömum að blogga á sérstöku greina- og bloggnámskeiði sem Mímir stendur fyrir. Í námskeiðslýsingu stendur að markmiðið sé að geta skrifað frambærilegar blaðagreinar og að geta skrifað blogg sem fjölmiðlar vitna í. Auk þessa heldur Ágúst á sama tíma námskeið í smásagnagerð.

Ágúst hefur verið bloggandi síðan 2004 og það næddi töluvert um síðu hans á fyrstu árunum. „Jú, þetta var frekar harður heimur fyrir mig í fyrstu, mér bárust óhefluð skilaboð, ég fékk marga upp á móti mér og maður var sjálfur full hvatvís,“ útskýrir Ágúst. Hann segist þó hafa setið á friðarstóli að undanförnu. „Allavega eru athugasemdirnar mun málefnalegri en áður.“

Þegar bloggarinn Ágúst byrjaði á sínum tíma var bloggið afmarkað af sérstökum hópi. Undanfarin tvö ár hefur hins vegar orðið sprenging í blogginu, ekki síst fyrir tilstuðlan bloggsíðna mbl.is og Vísir.is og nú síðast Eyjunnar.

„Manni finnst nú oft eins og fólk sem er að blogga mætti aðeins velta skrifunum betur fyrir sér; stundum er nefnilega betra að blogga bara einu sinni í viku og hafa eitthvað að segja í stað þess að blogga og hafa ekkert fram að færa,“ segir Ágúst sem hyggst leggja á það ríka áherslu á námskeiðinu að hugsunin sé skýr og fókusinn verði á aðalatriðin.

freyrgigja@frettabladid.is



**BLOGGKENNARI** Ágúst Borgþór hefur stundum verið nefndur Bloggþór enda verið bloggandi frá árinu 2004. Hann kennir blogg- og greinaskrif hjá Mími. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kreppuspilið sló í gegn

Séríslensk kreppuspil skutust upp eins og gorkúlur fyrir jólin og rötuðu í kjölfarið í fjölmarga jólapakka. Borðspilið Ísland naut mestra vinsælda en Kreppuspilið var í öðru sæti.

Þjóðerniskennd hefur verið Íslendingum ofarlega í huga undanfarin misseri. Endurspeglaðist hún rækilega í vinsældum spurningaspilsins Íslands sem seldist upp fyrir jólin, eða í tvö þúsund eintökum. Þar með hampaði það titlinum vinsælasta íslenska spilið.

Halldór Sigurbjörn Guðjónsson, sölustjóri Myndforms, játar að viðtökurnar hafi verið framar vonum. „Við hefðum trúlega getað selt þúsund stykki í viðbót. Spilið kláraðist hjá okkur 18. eða 19. desember og var búið í flestum búðum 22. desember,“ segir hann. „Við erum ekki að dreifa spilum venjulega þannig að það er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu.“

Kreppuspilið var næstvinsælast með sölu upp á 1.700 eintök. „Þetta er eiginlega framar björtustu vonum því upprunalega stóð til að prenta fimm hundruð eintök. Svo voru þau þúsund og við enduðum í tvö þúsund eintökum,“ segir Íris Andrésdóttir hjá leikjaframleiðandanum Gogogic.

„Við höfum fengið yfirgnæfandi jákvæð viðbrögð við spilinu en eins og gengur og gerist er einn og einn óánægður. En við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð, sérstaklega við húmornum.“

Þrjú önnur spil komu út fyrir jólin. Útrásarvíkingaspilið, sem fylgdi með Bankísk-íslensku kreppuorðabókinni, kom út skömmu fyrir jól og seldist í nokkur hundruð eintökum. Er það enn þá fáanlegt á Facebook á góðu verði, enda var það prentað í tvö þúsund eintökum. Vestfirska kvótasvindlið seldist upp, eða í 260 eintökum, en það var aðeins selt í verslunum á Ísafirði og í gegnum póstkröfu.

Kreppuspilið Uppgjörið seldist síðan í undir eitt hundrað eintökum.

freyr@frettabladid.is



**KREPPUSPILIÐ** Valur Þór Gunnarsson og Jónas Björgvin Antonsson áttu hugmyndina að Kreppuspilinu. Gogogic sá um framleiðsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Nýjung!

Fyrir þau yngstu

“Virkir þátttakendur” spennandi námskeið í söng, leik og dansi fyrir þau yngstu.

Fyrir unglingana

Söngleikjadeild. Inntökupróf fara fram sunnudaginn 11. janúar kl. 11:00 í húsnæði Sönglistar Borgartúni 1.
Skráning og nánari upplýsingar á www.songlist.is

Innritun er hafin í undirbúningsdeild. Kennsla í Borgartúni 1 hefst 12. janúar.
Kennsla í framhaldsdeildum hefst í Borgarleikhúsinu 19. janúar.

Gleði - uppbygging - fagmennska - framfarir

SÖNGLIST Söng- og leiklistarskóli

Borgarleikhúsinu, Listabraut 3. 103 Reykjavík.
Sími 590 8838 (kl. 11-13) GSM 861 6722. songlist@borgarleikhus.is. www.songlist.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Útsala

## Útsalan hófst í morgun !

Menn koma á Laugaveg 7 og
Konur á Laugaveg 86-94.

Okkur þætti vænt um ef þú litir við.

Nýtt kortatímabil

Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934

Herraverzlun, Laugavegi 7, Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com

## > Emil í skiptum fyrir Dalla Bona?

Emil Hallfreðsson er á meðal þeirra leikmanna sem Reggina er tilbúið að hlusta á kauptilboð í, samkvæmt Gabriele Martino, yfirmanni íþróttamála hjá félaginu. Reggina leitast nú eftir að styrkja leikmannahóp sinn og meðal þeirra leikmanna sem orðaðir eru við félagið er Sam Dalla Bona hjá Napólí, fyrrverandi leikmaður Chelsea og AC Milan. „Dalla Bona er áhugaverður leikmaður en í augnablikinu erum við með of marga miðjumenn. Ef Emil færi frá okkur myndi opnast möguleiki. Best væri náttúrulega að skipta bara á leikmönnunum. Ég bíð nú bara eftir símtali frá Napólí,“ sagði Martino í viðtali á útvarpsstöðinni Radio Marte. Napólí lýsti opinberlega yfir áhuga sínum á Emil í fyrra en óvíst er hvort hann sé enn á óskalista þess.



**sport**
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR STEFÁNSSON: BÚINN AÐ SKRIFA UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ RHEIN-NECKAR LÖWEN

# *Ætla mér að taka þetta á gleðinni og njóta mín*

Ólafur Stefánsson skrifaði á þriðjudag undir tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Rhein-Neckar Löwen. Endapunkturinn á skrautlega sögu er því kominn en Ólafur ætlaði upprunalega að ganga í raðir danska C-deildarliðsins AG Handbold.

„Ég var búinn að ákveða þetta um jólin þegar ég fékk tíma til þess að fara almennilega yfir málin. Þetta er náttúrulega mikil áskorun og getur farið í allar áttir sem er spennandi. Ég vona samt að þetta verði góð og skemmtileg reynsla,“ sagði Ólafur sem segist einnig vera mjög spenntur fyrir því að leika með Guðjóni Vali Sigurðssyni. Hjá Löwen hittir Ólafur einnig fyrir stráka sem hann hefur áður kynnst á ferlinum.

„Það er einhver kaótísk ólga í mér sem fer í einhverja óreiðu aftur. Þetta er orðið fínt á Spáni en Spánn er besta land sem ég hef spilað í. Ég lærði mikið þar og svolítil synd að fara frá þeim en ég held að það sé ágætis leið síðustu tvö árin að gera eitthvað nýtt og brjálað. Vonandi endar ferillinn svo vel, en takmarkið er að vinna deildina og Meistaradeildina. Það er hin nýja áskorun,“ sagði Ólafur.



Hann mun leika undir stjórn Noka Serdarusic hjá Löwen en hann gerði Kiel að stórveldi þau 15 ár sem hann þjálfaði þar.

„Þjálfarinn ku vera harður og erfiður en hefur árangurinn með sér. Verður áhugavert að vinna með honum. Ég hef svo sem lent í mörgum skrautlegum þjálfurum en þetta verður vonandi skemmtilegt. Ég stefni á að taka þetta á gleðinni, njóta mín og vonandi spila vel,“ sagði Ólafur sem mun væntanlega deila skyttustöðunni með þýska landsliðsmanninum Holger Glandorf sem Löwen reynir að kaupa þessa dagana.

„Hann er svakaleg stórskytta og fínn gaur líka. Ég yrði bara þakklátur fyrir að fá einhvern góðan með mér því ég hef ekki orku í að halda uppi eins manns sýningu. Vonandi held ég mínum 15 mínútum í hvorum hálfleik sem ég stefni á að nýta mjög vel,“ sagði Ólafur sem lék ekki sýningarleik í Þýskalandi í gær eins og einhverjir fjölmiðlar höfðu greint frá. Hann hafnaði boði um að taka þátt í leiknum.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express deild kvk*

| | |
|---|---|
| Valur-Hamar | 61-60 (36-26) |

**Stig Vals:** Signý Hermannsdóttir 23 (10 frák., 10 varin), Þórunn Bjarnadóttir 12 (8 frák.), Guðrún Sesselja Baldursdóttir 12, Tinna Björk Sigmunds dóttir 10 (6 stoðs.), Lovísa A Guðmundsdóttir 4 (14 frák., 4 varin).
**Stig Hamars:** La Kiste Barkus25 (14 frák.), Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 13, Íris Ásgeirsdóttir 9, Hafrún Hálfdánardóttir6, Fanney Lind Guð mundsdóttir 6, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 1.

**Signý Hermannsdóttir** hjá Val varði síðasta skot leiksins og tryggði sínu liði sigurinn og sér þrefalda tvennu.

| | |
|---|---|
| Grindavík-Keflavík | 66-82 (39-40) |

**Stig Grindavíkur:** Íris Sverrisdóttir 13 (7 fráköst), Helga Hallgrímsdóttir 13 (6 fráköst), Ingibjörg Jakobsdóttir 13, Lilja Sigmarsdóttir 8 (11 fráköst), Jovana Stefánsdóttir 7 (9 fráköst), Berglind Magnúsdóttir 5, Petrúnella Skúladóttir 5 (6 fráköst, 8 stoðs.), SandraGrétarsdóttir 2.
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 29, Pálína Gunnlaugsdóttir 15, Hrönn Þorgrímsdóttir 10, Marín Karlsdóttir 7, Ingibjörg Vilbergsdóttir 5, Rannveig Randversdóttir 3, Halldóra Andrésdóttir 3.

| | |
|---|---|
| KR-Snæfell | 69-54 (35-29) |

**Stig KR:** Margrét Kara Sturludóttir 17, Hildur Sig urðardóttir 17, Sigrún Ámundadóttir 16, Guðrún Þorsteinsdóttir 9, Guðrún Arna Sigurðardóttir 6, Guðrún Ámundadóttir 4.
**Stig Snæfells:** Kristen Green 15, Berglind Gunn arsdóttir 14, Sara Andrésdóttir 11, María Björns dóttir 7, Gunnhildur Gunnarsdóttir 5, , Unnur Ásgeirsdóttir 2.

### *N1 deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Stjarnan-Grótta | 30-17 (16-9) |

**Mörk Stjörnunnar:** Þorgerður Anna Atladóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Alina Petrache 4, Kristín Jóhanna Clausen 3, Sólveig Lára Kjernested 3, Hildur Harðardóttir 2, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2, Fanney Ingvarsdóttir 2, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Indíana Jóhannsdóttir 1, Ester Ragnarsdóttir 1.
**Mörk Gróttu:** Ragna Karen Sigurðardóttir 5, Laufey Guðmundsdóttir 4, Elsa Óðinsdótitr 2, Karólína Bærhenz 1, Hildur Andrésdóttir 1, Auður Ómarsdóttir 1, Sigrún Jónsdóttir 1, Arndís María Erlingsdóttir 1, Anett Köbli 1.

### *Enski deildarbikarinn*

| | |
|---|---|
| Derby-Man. Utd | 1-0 |

1-0 Kris Commons (30.).

### *Skoska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Motherwell-Hearts | 1-0 |

1-0 Chris Porter (11.). Eggert Gunnþór Jónsson spilaði allan leikinn hjá Hearts.

# Köstuðu frá sér sigrinum

**Ísland tapaði fyrir Túnis, 31-35, í lokaleik sínum á æfingamóti í Svíþjóð. Eftir fínan leik í 45 mínútur hrundi leikur íslenska liðsins eins og spilaborg.**

**HANDBOLTI** Ísland hafnaði í fjórða sæti á æfingamóti í Svíþjóð. Það varð ljóst eftir að liðið tapaði fyrir Túnis, 35-31, í bronsleiknum. Strákarnir léku mjög vel lengstum og leiddu leikinn en köstuðu frá sér sigrinum síðasta stundarfjórðunginn.

Strákarnir tóku sér nokkrar mínútur í að hitna og þegar þeir hrukku í gírinn hreinlega keyrðu þeir yfir Túnisana.

Ásgeir Örn Hallgrímsson var gjörsamlega óstöðvandi með fimm mörk í fyrri hálfleik og að minnsta kosti fjórar stoðsendingar. Flestar á Róbert sem skilaði sínum boltum í netið.

Það vantaði meiri skotógn fyrir utan gegn Egyptum og Ásgeir svaraði kallinu. Vörnin var síðan mögnuð og Björgvin Páll stórkostlegur þar fyrir aftan með ellefu varin skot í fyrri hálfleik.

Strákarnir náðu mest sex marka forystu, 14-9, en misstu forskotið í tvö mörk fyrir hlé er leikar stóðu 15-13.

Ragnar Óskarsson meiddist í fyrri hálfleik og það riðlaði nokkuð leikskipulaginu. Sóknarleikurinn ekki eins beittur í síðari hálfleik með Loga á miðjunni og Sigurberg fyrir utan. Hvorugur náði sér á strik rétt eins og Rúnar Kárason sem fann sig alls ekki á þessu móti.

Varnarleikurinn gaf einnig stórkostlega eftir í síðari hálfleik. Strákarnir gerðu sig seka um að sofna á verðinum, skila sér ekki nógu hratt til baka og var refsað með mörgum ódýrum mörkum.

Þeir héldu þó frumkvæðinu allt þar til tíu mínútur lifðu leiks er Túnis jafnaði, 20-20. Þá kom smá kippur, Ísland komst yfir 24-22, en þá hrundi leikur liðsins algjörlega á báðum endum.

Túnisar gengu á lagið og hreinlega völtuðu yfir íslenska liðið á lokamínútunum. Niðurstaðan óþarfa fjögurra marka tap, 31-35, í leik þar sem Ísland var lengstum sterkari aðilinn.

„Þetta var mjög kaflaskipt. Við vorum góðir í fyrri hálfleik en svo fjaraði undan okkur þegar líða tók á seinni hálfleikinn. Það kom hræðilegur kafli þegar við misnotuðum þrjú dauðafæri í röð þegar við hefðum getað náð tveggja marka forskoti og það var dýrt þegar upp var staðið,“ segir landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson.

Ragnar Óskarsson og Hreiðar Guðmundsson meiddust báðir í gær en Aron Pálmarsson og Einar Hólmgeirsson voru búnir að togna í nára fyrr á mótinu.

„Við máttum illa við því að missa Ragga þar sem við erum nú orðnir mjög þunnskipaðir. Við eigum eftir að leggjast yfir þetta og ákveða hvort við þurfum ekki að kalla inn nýja leikmenn fyrir æfingarmótið í Danmörku sem byrjar á föstudag. Mögulega gætum við kallað til einhverra leikmanna sem eru að spila með 2012 landsliðinu í Frakklandi en við sjáum til,“ segir Guðmundur.

**- hbg / - óþ**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÖFLUGUR** Ásgeir Örn Hallgrímsson átti fínan leik gegn Túnis í gær og skoraði sex mörk, en þar af skoraði hann fimm mörk í fyrri hálfleik.

### *Vináttulandsleikur:*

| | |
|---|---|
| **Ísland-Túnis** | **31-35 (15-13)** |

**Mörk Íslands (skot):** Ásgeir Örn Hallgrímsson 6 (9), Logi Geirsson 6/2 (17/4), Róbert Gunnarsson 5 (6), Vignir Svavarsson 4 (5), Rúnar Kárason 4 (8), Sigurbergur Sveinsson 2 (4), Sturla Ásgeirsson 2 (5), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Þórir Ólafsson 1 (2).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 17/2 (50/5) 34%.



**BARÁTTA** Englandsmeistarar Man. United lentu í stökustu vandræðum í gærkvöld gegn Derby. NORDIC PHOTOS/GETTY

Deildarbikarinn á Englandi:

# Kris Commons afgreiddi United

**FÓTBOLTI** Coca-Cola Championship félagið Derby gerði sér lítið fyrir og lagði Englandsmeistara Manchester United 1-0 í fyrri leik félaganna í undanúrslitum deildarbikarsins á Pride Park í Derby í gærkvöld.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, hvíldi marga af lykilmönnum sínum gegn Derby í gær og Coca-Cola Championship félagið gekk á lagið og gaf United ekkert eftir.

Það var því í raun alls ekki gegn gangi leiksins þegar Kris Commons kom Derby yfir með þrumuskoti á 30. mínútu.

United komst lítt áfram eftir mark Derby og því brá Ferguson á það ráð að gera tvöfalda skiptingu á 63. mínútu þar sem stórstjörnurnar Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney komu inn á til að fríska upp á leik gestanna.

Ronaldo komst næst því að skora fyrir United á 77. mínútu þegar skot hans beint úr aukaspyrnu fór rétt fram hjá marki Derby en niðurstaðan var óvæntur 1-0 sigur Derby.

Seinni undanúrslitaleikur félaganna fer fram á Old Trafford 20. janúar.

**- óþ**



# LÍNAN

# ÚTSALA

# 20 - 60% AF

## ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNINNI

Sófar - Sófasett - Stólar - Sófaborð - Borðstofuborð
Borðstofustólar - Eldhúsborð - Eldhússtólar - Skápar
Skenkar - Sjónvarpsskápar - Svefnsófar - Púðar

Línan I Bæjarlind sex I 201 Kópavogur I Sími 553 7100

Opið mánudaga - föstudaga 10 til 18 I Laugardaga 11 til 16 I www.linan.is

> **Hugh Laurie**

„Ég hef áhyggjur af þróun kvikmynda. Hér áður fyrr sá maður kvikmyndir sem breyttu lífi manns. Í dag breyta þær því hvaða gallabuxur þú kaupir eða hvernig þú greiðir þér.“ Laurie leikur skapstirða lækninn Gregory House en í kvöld sýnir Skjár einn lokaþátt fjórðu seríu þáttarins House.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ KARLAVERÖLDINNI Í MAD MEN

# Þegar konur voru í aukahlutverki

Sjónvarpsþættirnir Mad Men leitast við að sýna þjóðfélagið eins og það var í gamla daga þegar konur voru heimavinnandi húsmæður, börn voru slegin til hlýðni og þegar ekki var búið að finna upp hugtakið óbeinar reykingar.

Þættirnir lýsa karlaveröld þar sem sjálfsdýrkun og hroki gegnsýrði tilveru þeirra á meðan hlutverk kvenna var að halda sig til hlés. Ef þær voru ekki heimavinnandi störfuðu þær oftast sem einkaritarar eða við önnur láglaunastörf. Litið var niður á einstæðar mæður á sama tíma og ekkert þótti athugavert við að verðandi mæður keðjureyktu á meðgöngunni.

Miðað við þátt sem ég sá skömmu síðar, Uppgangur mannsins, var ekki að sjá að siðmenningin hefði lagast mikið þegar komið var fram á sjö-unda áratuginn í Mad Men. Sá fræðsluþáttur lýsti einmitt svipaðri karlaveröld þar sem mennirnir fóru út til veiða á meðan konurnar voru heima með börnin og fengu yfirhöfuð lítið til málanna að leggja. Bjuggu karlarnir meira að segja til skurðgoð af sjálfum sér, sem gaf til kynna aukna sjálfsvitund þeirra á kostnað annarra afla.

Á undanförnum áratugum hafa sem betur fer orðið stórstígar framfarir í jafnfrétti kynjanna. Veröldin er samt enn þá mjög karllæg og enn þurfa margar konur að yfirstíga fleiri hindranir en karlar til að ná sömu markmiðum og þeir.

Hinir ágætu Mad Men-þættir varpa ljósi á gömlu, úreltu viðhorfin en virðast á köflum vera of meðvitaðir um þau, sem er þeirra helsti galli.



**MAD MEN** Sjónvarpsþættirnir Mad Men fjalla um þjóðfélagið eins og það var í gamla daga.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Dukes of Hazzard STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Amazing Race STÖÐ 2



▶ **20.25** Eli Stone SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** 30 Rock SKJÁREINN



▶ **21.00** Sex and the City STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bella, Boris og Berta** (1:3) (e)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Skyndiréttir Nigellu** (Nigella Express)(4:13)(e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.25 Eli Stone** (3:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Í framhaldi af því endurskoðar hann líf sitt og breytni. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge, Loretta Devine, Laura Benanti, James Saito og Sam Jaeger.
**21.15 Nynne** (10:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar. Meðal leikenda eru Mille Dinesen og Mette Storm.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Bílfélagar** (Carpoolers) (3:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Meðal leikenda eru Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.
**22.50 Sommer** (Sommer) (10:10) (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Pokemon 6**
**10.00 Accepted**
**12.00 The Dukes of Hazzard**
**14.00 Manchester United. The Movie**
**16.00 Pokemon 6**
**18.00 Accepted**
▶**20.00 The Dukes of Hazzard** Gamanmynd með Jessicu Simpson, Sean William Scott, Johnny Knoxville í aðalhlutverkum.
**22.00 Freedomland**
**00.00 Extreme Honor**
**02.00 Trauma**
**04.00 Freedomland**
**06.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stóra teiknimyndastundin, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Ofurhundurinn Krypto og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (226:300)
**10.15 Beauty and The Geek** (6:13)
**11.00 The Celebrity Apprentice** (8:13)
**12.00 Project Runway** (5:15)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (95:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (96:114)
**14.45 Notes From the Underbelly**
**15.15 Ally McBeal** (3:24)
**16.00 A.T.O.M.**
**16.23 Háheimar**
**16.48 Sabrina - Unglingsnornin**
**17.13 Hlaupin**
**17.23 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.10 Markaðurinn með Birni Inga** Frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík.
**19.45 The Simpsons** (5:23) Bart og Lísa festast inni í teiknimyndinni um köttinn og músina og Maggie reynist vera dóttir geimveru.
▶**20.10 Amazing Race** (2:13) Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
**20.55 Las Vegas** (16:19) Í fimmtu og síðustu þáttaröðinni af Las Vegas höldum við áfram að fylgjast með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu.
**21.40 Prison Break** (13:22)
**22.25 The Man With the Golden Gun**
**00.30 Cold Blood**
**01.40 Mad Men** (3:13)
**02.25 Special Forces**
**04.00 Shark** (10:22)
**04.45 The Simpsons** (5:23)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Æfingamót í Svíþjóð** Útsending frá leik Íslendinga á æfingamótinu í Svíþjóð.
**17.55 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.20 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Derby og Man. Utd.
**20.00 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
**20.50 NFL deildin. NFL Gameday** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**21.20 NBA-Action** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**21.45 PGA Tour 2008 - Year in Review** Árið gert upp í PGA-mótaröðinni í þessum magnaða þætti.
**22.40 Utan vallar með Vodafone** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
**23.30 Æfingamót í Svíþjóð** Útsending frá leik Íslendinga á æfingamótinu í Svíþjóð.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Chelsea.
**19.30 PL Classic Matches** Tottenham - Everton, 2002. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**21.25 Goals of the Season 2004** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.25 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.25 Vörutorg**
**18.25 Rachael Ray**
**19.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (20:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. (e)
**20.00 Rules of Engagement** (2:13) Ban, trúlofað par og kvensamur piparsveinn.
▶**20.30 30 Rock** (15:15) Það er komið að lokaþætti annarrar þáttaraðar og Jack heldur til starfa í Washington en vinnan er öðruvísi en hann bjóst við. Liz er að venjast lífinu án Jacks en óttast að hún sé ólétt eftir Dennis. Kenneth sækir um starf á Ólympíuleikunum.
**21.00 House** (16:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Lokaþáttur fjórðu þáttaraðar og spennan nær hámarki. House er enn með eftirköst eftir umferðarslysið í síðasta þætti. Amber er í bráðri hættu og lykillinn að ráðgátunni er læstur í minni House, sem man ekkert frá bílslysinu.
**21.50 Law & Order** (14:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Svikahrappur er handtekinn eftir að níu manns deyja eftir að hafa fengið bólusetningu við flensu. Nýr aðstoðarsaksóknari, Alexandra Borgia, mætir til starfa og lofar ætt-ingjum hinna látnu að réttlætinu verði fullnægt.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 America's Next Top Model** (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.10

### Markaðurinn með Birni Inga



Markaðurinn með Birni Inga hefur verið færður og verður framvegis á fimmtudagskvöldum kl. 19.10. Í þættinum í kvöld mun Björn Ingi ræða við Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um komandi landsfund Sjálfstæðisflokksins, Evrópumálin, hættuna á klofningi í flokknum, efnahagsástandið og stöðu velferðarkerfisins á erfiðum tímum. Góðir gestir úr atvinnulífinu ræða um ástand og horfur á nýju ári og brýna nauðsyn á víðtækum aðgerðum ef ekki á illa að fara. Þátturinn er í opinni dagskrá.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Rules of Engagement

### Skjár einn kl. 20.00.

Bandarísk gamansería um vinahóp sem í eru hjón, trúlofað par og kvensamur piparsveinn. Í þættinum í kvöld kemur systir Audrey í heimsókn og kemur öllum á óvart þegar hún fer á stefnumót með Russell. Það er leikkonan Heather Locklear sem leikur systurina.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Gæludýrin
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Rödd án líkama
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (98:260)
**16.30 Hollyoaks** (99:260)
**17.00 Seinfeld** (2:24)
**17.30 Help Me Help You** (12:13)
**18.00 Sex and the City** (5:18)
**18.30 Sex and the City** (6:18)
**19.00 Hollyoaks** (98:260)
**19.30 Hollyoaks** (99:260)
**20.00 Seinfeld** (2:24) Á meðan Jerry tekur mikla áhættu þegar hann segir brandara heldur Georg áfram að vinna þó að hann hafi verið beðinn um að hætta. Elaine saknar kærastans og Kramer ræður sér aðstoðarmann.
**20.30 Help Me Help You** (12:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
▶**21.00 Sex and the City** (5:18) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.30 Sex and the City** (6:18)
**22.00 Gossip Girl** (15:18) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf dekurkrakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Rætt er um stöðu Íslands í efnahagsmálum.
**21.00 Neytendavaktin** Þáttur um stöðu neytenda í dag. Umsjón hefur Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**21.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong fjallar um málefni innflytjenda.

**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet **12.30** Stemmer fra opgangen **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Under mistanke **22.55** Naruto Uncut

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** En spansk kunstreise **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Vår aktive hjerne **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Typisk norsk **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cup skiskyting **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** William og Vilde kanin **17.30** Vera venneløs **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Life on Mars **21.30** Riksarkivet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Darwins verden **23.35** Stavanger 2008 - europeisk kulturhovedstad **00.25** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.05** Från Sixten till Kalla **13.05** Inför Idrottsgalan 2009 **13.10** Prinsessa på väg **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Sportens årskrönika **16.05** Inför Idrottsgalan 2009 **16.10** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Skidskytte **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** De halvt dolda **21.00** Dom kallar oss artister **21.30** Bärnstenssystrar **22.30** Inför Guldbaggen 2009 **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Stjärnorna på slottet **23.55** Sändningar från SVT24


# Láttu þér líða vel







**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.** Innifalið í öllum meðlimakortum: Er þjálfun í tækjasal undir leiðsögn þjálfara sem útbýr sérsniðna æfingaáætlun fyrir þig, fylgir þér eftir í salnum, stillir tæki og leiðbeinir þér í hvert skipti sem þú kemur að æfa. Einnig eru fjölbreyttir hóptímar í boði, aðgangur að heilsulindinni þar sem boðið er upp á herðanudd í heitu pottunum og handklæði í hvert skipti sem þú kemur. Í heilsulindinni eru tveir heitir pottar, tvær ilmgufur ásamt slökunarlaug.

Úti á veröndinni er sauna og heitur pottur ásamt sólbaðsaðstöðu. NordicaSpa er einnig með nudd- og snyrtistofu og fá meðlimir 10% afslátt af öllum líkams- og snyrtimeðferðum.

| | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Fitubrennsla Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | Herþjálfun Patrick | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | Spinning Númi | | Body Pump Númi | | |
| 09:00 | Leikfimi Marta | | Leikfimi Marta | | 20-20-20 Fjóla | Qi gong Viðar |
| 09:30 | | Þrekhringur Gunnar Már | | Þrekhringur Gunnar Már | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Attack Guðrún María |
| 10:30 | | Pilates Ástrós Gunnars | | Pilates Ástrós Gunnars | | |
| 11:05 | Pallabrennsla Gunnar Már | | | | Pallabrennsla Gunnar Már | Laugardagsfjör Jóhannes |
| 12:05 | Body Pump Hrafnhildur | Lokað námskeið Gunnar Már | Spinning Marta | Lokað námskeið Gunnar Már | Spinning Marta | Yoga Sigríður |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | Spinning Elín | Body Pump Númi | Body Attack Guðrún María | Spinning Númi | Herþjálfun Patrick | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Yoga (18:40) Katrín Sigurðar | Lokað námskeið Gunnar Már | Yoga (18:40) Katrín Sigurðar | Lokað námskeið Gunnar Már | |

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt hafragraut í morgunmat, ég er svo heppin að mér finnst hann sjúklega góður. Drita reyndar töluverðu af sykri yfir hann, en það er allt í lagi, hann er svo hollur.“*

Brynja Björk Garðarsdóttir blaðamaður.

# Forlagið stelur Steinari Braga

„Jahhh, svíkja Nýhil? Nei, nei, það var mjög gott samkomulag um að ég færi,“ segir Steinar Bragi rithöfundur sem nýverið söðlaði um og gekk til liðs við Mál og menningu sem er hluti Forlags-veldisins.

Konur, nýjasta skáldsaga Steinar Braga, sem hið anarkíska forlag Nýhil – sjálfseignarstofnun rekin án arðsemissjónarmiða, gaf út, er uppseld hjá forlagi. Þúsund eintök farin. Bókin hlaut einróma lof; Fréttablaðið, Morgunblaðið og DV gáfu henni allar fimm stjörnur og nú tekur Forlagið við og gefur Konur út í kilju. „Það þótti óhentugt að dreifa einni vesældarlegri kilju um allt land fyrir Nýhil, forlag sem hefur ekki einu sinni afnot af bíl nema hugsanlega í gegnum móður einhvers. Jón Bjarki, DV-maðurinn heiðarlegi, fékk stundum lánaðan bíl hjá móður sinni til að dreifa en hann nennti ekki að tuða lengur í henni,“ segir Steinar Bragi óþarflega lítillátur. Viðar Þorsteinsson, heimspekingur hjá Nýhil, segir þetta laukrétt og fagnar því að Steinar Bragi sé kominn til stöndugs útgefanda og vonast til að honum verði sinnt sem hann á skilið. Nýhil einbeitir sér að grasrótinni.

Aðspurður segist Steinar Bragi finna lítið fyrir því að vera kominn á mála hjá stórveldi. Hann hitti Silju Aðalsteinsdóttur, útgáfustjóra Máls og menningar, af og til. Bókmenntapáfinn Egill Helgason sagði í viðtali við Steinar Braga í Kiljunni að hann hlyti að teljast „cult“-fígúra, væri ekki allra og í framhaldi af því spyr blaðamaður Steinar Braga hvort hann sé nú orðinn við allra skap? „Nei, ég ætla að halda áfram að vera cult-fígúra. Sama hvar ég er þá verð ég það alltaf. Engar áhyggjur.“ Og trúr þeim frómu fyrirheitum segir hann það áhyggjuefni að hafa fengið slíkt einróma lof og raun ber vitni fyrir Konur. „Já, það var krípí.“

- jbg



**STEINAR BRAGI** Segist verða „cult“-fígúra eftir sem áður þótt hann sé nú genginn til liðs við Forlagið.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skipalægi, **6.** í röð, **8.** berja, **9.** fugl, **11.** rás, **12.** vansæmd, **14.** hlátur, **16.** drykkur, **17.** gerast, **18.** næra, **20.** frá, **21.** áætlun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** mannþyrping, **4.** tungumál, **5.** hvíld, **7.** pergament, **10.** grús, **13.** skjön, **15.** sinni, **16.** skaði, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höfn, **6.** áb, **8.** slá, **9.** lóm, **11.** æð, **12.** skömm, **14.** fliss, **16.** te, **17.** ske, **18.** ala, **20.** af, **21.** plan.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ös, **4.** flæmska, **5.** náð, **7.** bókfell, **10.** möl, **13.** mis, **15.** sefi, **16.** tap, **19.** aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ellefu manns.
2. Fimmtán ár.
3. Á laugardagskvöld.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



**FRAMLIÐNIR GERA VART VIÐ SIG** Það var að kvöldi jóladags sem þessar slæður birtust í Hólavallakirkjugarði. MYND/STUART PEACOCK

STUART PEACOCK: NÁÐI DULARFULLUM FYRIRBÆRUM Á MYND Á JÓLADAG

# Draugar í Hólavallakirkjugarði

„Myndin var tekin að kvöldi jóladags í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Ég tók margar myndir en þessi er sú eina þar sem sjá má þessa þoku eða slæðu,“ segir Stuart Peacock lögfræðingur.

Þau undur og stórmerki gerðust um jólin að bandarískur lögmaður, sem starfar fyrir bandarísk stjórnvöld, náði að festa á mynd það sem virðast vera draugar í Hólavallakirkjugarði. Fréttablaðið leitaði til helsta sérfræðings Íslands á þessu sviði, Magnúsar Skarphéðinssonar, formanns Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur, sem segir þúsundir vitna hafa séð þessar undarlegu slæður hringinn í kringum hnöttinn og í seinni tíð síefldrar ljósmyndunar almennings hafi allmargar myndir slæðst til rannsóknaraðila á þessum málum. „Auðvitað er ekki hægt að fullyrða nokkuð um svona lagað fyrir víst, en allmargar sannfærandi röksemdir liggja fyrir því hjá alvöru sálarrannsóknarfélögum heims að þetta sé raunveruleg ljósmynd af „draug“, eða framliðnum eins og vér nefnum yfirleitt framliðna sem eru viljandi eða óviljandi að reyna að birtast í okkar heimi,“ segir Magnús.

Peacock-fjölskyldan, Stuart, Nicole, kona hans, og synirnir tveir, þeir Scott og Kurt, hafa komið hér undanfarin fjögur ár um hátíðarnar og er þetta orðin hefð. „Við fórum ekki í kirkjugarðinn til að leita drauga heldur til að skoða hin fallegu kerti. Við sáum enga þoku eða slæður en þegar ég skoðaði myndina í vélinni sá ég þetta.“ Stuart segir konu sína ekki trúa á drauga heldur djöfla og hún telur þessar myndir vera af slíkum. „Persónulega trúi ég á hvorugt. Hins vegar þekkist í fjölskyldu minni að sjá hluti fyrir – sem er eitthvað yfirnáttúrulegt sem ég kann ekki að útskýra. Þegar við komum heim og fórum að skoða myndina betur má sjá rauðar slettur á gröfinni en ég held að það sé frekar kertavax en blóð,“ segir Stuart.

Sagan um þessa dularfullu mynd er ekki öll. Eftir þessa reynslu skráði fjölskyldan sig í draugagöngu á vegum ferðaþjónustunnar Goecco. Þau reyndu að sýna leiðsögumanninum myndina við umrædda gröf en þá brá svo við að myndavélin drap á sér. „Þegar ég kom til baka í hótelherbergið og ætlaði að hlaða batteríið var vélin fullhlaðin. Kannski að kuldinn hafi haft þessi áhrif – þetta er gamalt batterí,“ segir Stuart sem að endingu lýkur miklu lofsorði á Ísland; fjölskyldan kunni vel að meta kyrrðina sem hér ríkir, börnin eru svo elsk að sundlaugunum að þau gætu vel hugsað sér að flytjast til Íslands.

jakob@frettabladid.is



**STUART PEACOCK LÖGMAÐUR** Náði að festa dularfull fyrirbrigði á mynd þegar fjölskyldan fór til að skoða kertin í kirkjugarðinum.



**MAGNÚS SKARPHÉÐINSSON** Allmargar röksemdir eru fyrir því að þetta sé raunveruleg mynd af framliðnum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

DV bendir nú daglega á að Mogginn skuldi hátt í fimm milljarða, ríkið leggi til 150 milljónir til blaðsins mánaðarlega sem má samkvæmt því teljast í ríkiseigu. Skelfilegt hlýtur það að vera fyrir **Björgvin Guðmundsson**, sem er yfir viðskiptafréttum, að vera nú starfandi á ríkisblaði. Björgvin fór fyrir SUS á sínum tíma og hefur eflaust tekið þátt í ályktunum á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um að ríkinu bæri að selja Rás 2 en þá voru einmitt rökin fyrir því hversu fráleitt væri að ríkið stæði í rekstri fjölmiðla meðal annars þau hvort fólk vildi virkilega að ríkið færi að reka dagblað! En það var á velmektarárum Morgunblaðsins.



Nú heyrist að **Ómar R. Valdimarsson** sé farinn að starfa fyrir Reuters á Íslandi. Við þau tíðindi má ætla að hárin rísi á höfði hins aldna ritstjóra Jónasar Kristjánssonar en eitur í hans beinum eru menn sem hafa starfað sem almannatenglar og snúa aftur í fréttamennsku – en Ómar var einmitt talsmaður Impregilo þegar Kárahnjúkavirkjun var í byggingu.



Aldrei fór ég suður verður haldin í sjötta sinn á Ísafirði um páskana enda ekkert kreppuvæl þar á bæ. Nefndin kom saman um jólin og byrjaði að spá í spilin. Margir eru að vanda áfjáðir í að koma og spila og **Mugison** hefur sagt ýmsum útlenskum böndum að þau megi sækja um. Mugison tók annars lagið á sunnudaginn í fimmtugsafmæli Rönku sem rekur Tjöruhúsið þar vestra. Hann tók lagið „Sweetest melody” sem er um pabba Rönku, hinn goðsagnakennda Dóra Hermanns. Hann treður iðulega upp á Aldrei fór ég suður hátíðinni og er jafnan hápunktur hátíðarinnar. Dóri söngläði með Mugison á sinn hátt en kannaðist ekkert við lagið, enda mun meira fyrir Withney Houston.

-jbg, drg



Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Friðrik Ómar á heilsuhæli í Póllandi

„Ég er í andlitshreinsun í þessum töluðu orðum,“ segir Friðrik Ómar söngvari.

Friðrik Ómar er nú staddur í Póllandi í bráðskemmtilegu föruneyti Jónínu Benediktsdóttur en Fréttablaðið sagði frá því í gær að þar væri nú staddur á hennar vegum kátur hópur: Geiri á Goldfinger, Gunnar í Krossinum og Árni Johnsen meðal annarra. Þá mun söngkonan Hera einnig vera stödd í Póllandi ásamt systur sinni og óneitanlega virðist þarna vera kominn efniviður í frábært tríó: Friðrik, Hera og Árni.

„Nei, ég er voðalega lítið í að syngja núna. Ég er bara að taka mér frí. Þetta er rosalega gott. Við erum svo að fara, þegar þessu lýkur, við Regína, til Þýskalands. Þar komum við fram á árlegu skemmtikvöldi í München ásamt Söndru Kim.“

Nei, engin hljómsveit á döfinni að sögn Friðriks Ómars á hinu ágæta heilsuhæli í Póllandi sem margir láta svo vel af. „Ég reyni að hugsa sem minnst um það núna.“ Ýmislegt er þó á döfinni hjá Friðriki Ómari í kjölfar frækilegrar framgöngu hans og Regínu í síðustu Eurovision-keppni sem haldin var í Belgrad. Friðrik segir ekki tímabært að greina frá því að svo stöddu en í það stefnir að þau Regína muni syngja á útsendingarsvæði sem telur hundruð milljóna áhorfenda.

- jbg



**FRIÐRIK ÓMAR** Er í bráðskemmtilegum detox-hópi Jónínu Benediktsdóttur í Póllandi.



**HERA** Söngkonan Hera er einnig á heilsuhælinu en ekki stendur þó til að stofna tríó að sögn Friðriks.

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

# ÚTSALAN er hafin í OUTLET 10

# 99-500 KR

## MIKIÐ ÚRVAL AF VÖLDUM VÖRUM

## DÖMU,  HERRA OG BARNAFATNAÐUR

VERÐDÆMI
BARNA LEVI´S BUXUR: 500 KR
BARNA SOKKARBUXUR: 500 KR

VERÐDÆMI
HERRA BUXUR: 500 KR
HERRA BOLIR: 500 KR

VERÐDÆMI
DÖMU BUXUR: 500 KR
DÖMU PILS: 500 KR

## EINNIG FRÁBÆRT TILBOÐ

## NÝ SENDING AF PUMA OG SKUNKFUNK

## NÝ SENDING OG FRÁBÆR LÆKKUN Í SKÓDEILD

OUTLET 10 • Faxafeni 10 • Sími 534 4450

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA $11^{00}$- $18^{00}$ LAUGARDAGA $11^{00}$- $18^{00}$ SUNNUDAGA $12^{00}$ - $17^{00}$

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**+OPIÐ 8-24 ALLA DAGA**

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

LYFJA
- Lifið heil




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Vonlausasta dýrategundin*

Eins og mannskepnan getur nú verið frábær – nægir að nefna uppfinningu sushísins, kvikmyndir Hitchcocks og verk Fræbbblanna því til staðfestingar – er hún algjörlega ömurleg líka. Handónýt og vonlaus dýrategund.

**NÚ** fer fram slátrun á fólki sem var svo óheppið að fæðast í Palestínu. Raunalegar eru fréttirnar. Þó sýna þær ekki allt. Engin limlest smábörn trufla sjónvarpsgláp landsmanna í smáatriðum á flenniskjánum. Sem betur fer. Nóg er nú samt. Bogi Ágústsson var gráti næst hjá Þóru í Kastljósi yfir óréttlætinu og geðveikinni. Læknar vaða blóð og sundurtætta líkama.

**ÉG** man eftir svipuðum fréttum aftur til frumbernsku. Ég sat yfir fréttunum með foreldrum mínum og það var verið að drepa einhvers staðar úti í heimi. Drepa og drepa. Aflima og örkumla. Sprengja og skera. Skjóta og berja. Nýfædd smábörn, gamalmenni og allt þar á milli saxaðist ofan í fjöldagrafir einhvers málstaðar sem einhverjir karlar voru búnir að telja sér, og þjóðunum, trú um að væri þess virði að drepa allt þetta fólk fyrir. „Fórnarkostnaður“ varð það síðar kallað – Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson vita hvað ég á við. Það var alltaf eitthvað. Dauðasveitir í El Salvador, þjóðernishreinsanir á Balkanskaga, ég man þetta ekki allt. Yfir öllu vofði svo möguleikinn á lokalausn mannkynsins – gjöreyðingarstríði á milli austurs og vesturs.

**VIÐ** létum flöktandi sjónvarpsblámann grilla á okkur tærnar. Pabbi varð brjálaður eins og vanalega. Það hvein í honum þegar hann fór með ræðuna sem hann fór alltaf með þegar eitthvað verulega suddalegt var í fréttunum. Að við sem dýrategund ættum ekki skilið að vera til og að við værum mistök náttúrunnar. Að við værum grimmasta og ógeðslegasta tegundin sem drægi andann á þessari lánlausu jörð. Að það væri fyrir bestu að losa veröldina við þessa óværu og að líklega væri allsherjar kjarnorkustyrjöld það besta sem gæti gerst.

**ÞESSI** skoðun síaðist inn í mig enda hefur ekkert breyst. Dýrategundin verður bara ógeðslegri eftir því sem tækninni „fleygir fram“. Ég sé þó ekki tilganginn í að „taka pabba“ á fréttirnar. Ég slekk bara þegar myndirnar verða of svæsnar. Ýti hugsuninni úr hausnum á mér með valdi og hugsa af alefli um eitthvað annað. Þú mátt vel kalla þetta veruleikaflótta mín vegna. Þetta er það.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 8. janúar, 8. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.09 | 11.34 | 16.00 |
| Akureyri | 11.18 | 13.19 | 15.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


